



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

27. júlí 2005 - 201. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MIÐVIKUDAGUR

Skagamenn spila vel

Ungt lið Skagamanna vann góðan 1-3 sigur í Grindavík í gær og hefur náð tíu stigum út úr síðustu tólf leikjunum sínum í Landsbankadeildinni. ÍA er komið upp að hlið Fylki í 5. sætinu.



ÍPRÓTTIR 24

Langskemmtilegasta nútíma-útfærslan

Pétur Y. Yamagata krafðist endurútgáfu á Fantastic Four sögunni 1234 en hún var prentuð á dögum fyrir tilstilli Péturs og féлага hans í Nexus. Kvikmyndin um fjórmenningana verður frumsýnd tíunda ágúst.



FÓLK 34

Hreinar línur

Það er einn helsti galli á stjórnarfarir lýðveldisins eins og það hefur þróast að kjósendum gefst hvorki kostur á að dæma stjórnendur af verkum sínum né veita annarri stjórnarstefnu fylgi sitt.



Í DAG 18

VEÐRIÐ Í DAG



YFIRLEITT BJARTVIÐRI Hætt við þokulofti með ströndum landsins, einkum þó norðan og austan til. Híti 8-20 stig, hlýjast til landsins vestan og norðvestan til.

VEÐUR 4

MARKAÐURINN
Sögurnar • Tölurnar • Fólkíð

Nýtt viðskiptablað með Fréttablaðinu alla miðvikudaga

Mótmælendur virkjunar reknir úr tjaldbúðunum

Mótmælendum við Kárahnjúka hefur verið gert að yfirgefa tjaldbúðir sínar fyrir hádegi í kjölfar harðra átaka við lögreglu í fyrrinótt. Mótmælendur eru mjög ósáttir við framgöngu lögreglu í átökunum þegar þrír Bretar voru handteknir. Ekki eru lagaheimildir fyrir því að vísa mönnum þremur úr landi.

MÓTMÆLI Mótmælendum hefur verið gert að yfirgefa tjaldbúðir sínar við Kárahnjúkavirkjun í kjölfar harðra átaka við lögreglu í fyrrinótt. Prestssetrasjóður veitti mótmælendum heimild til þess að tjalda á svæðinu en hún var afturkölluð eftir beiðni frá sýslumanninum á Seyðisfirði.

Mótmælendum hefur verið gefinn frestur til hádegis til þess að taka saman tjaldbúðirnar að sögn Birgittu Jónsdóttur, talsmanns mótmælenda í Reykjavík. Ef fyrirmæli um að yfirgefa svæðið verða ekki virt gripur lögregla til aðgerða að sögn Helga

Jenssonar, fulltrúa sýslumanns.

Enginn uppgjafartónn er þó í mótmælendum að sögn Birgittu en þeir munu vera að kanna hvort hægt sé að tjalda á öðrum stöðum í nágrenninu. Hún segist ekki hafa rætt þau mál við kollega sína á Kárahnjúkum af hræðslu við að lögreglan hleri símtölin. Helgi taldi í gær hæpið að mótmælendur fái leyfi til þess að tjalda annars staðar.

„Heimildin var gefin í þeirri trú að þarna yrðu friðsamleg mótmæli,“ segir Helgi Jensson, fulltrúi sýslumanns. „Sú hefur hins vegar alls ekki orðið raunin heldur hafa

menn beinlínis sýnt af sér gróft ofbeldi.“

Mótmælendurnir eru ósáttir við framgöngu lögreglu í átökunum í fyrrinótt sem enduðu með því að þrír Bretar voru handteknir og fluttir til Egilsstaða. Þeir segja mótmælin hafa farið friðsamlega fram þar til lögregla kom á staðinn.

„Lögregla skipaði bílstjórum vinnuvéla sem mótmælendur höfðu hlekkjað sig við að ræsa þær,“ segir í yfirlýsingu frá hópnum. Þar segir enn fremur að kona úr hópnum hafi verið beitt kynferðislegri áreitni og lögregla hafi haldið manni niðri meðan öryggis-

verðir gengu í skrokk á honum.

Helgi segir ávirðingar um að of harkalega hafi verið gengið fram alrangar. „Auðvitað skapast aukin harka í átökum ef mótmælendur ráðast að lögreglu,“ segir hann.

Gerð var krafa um að þremur Bretanna sem handteknir voru yrði vísað úr landi en Útlendingastofnun telur ekki lagaheimildir til þess. „Það gilda mjög ströng skilyrði um brottvísun borgara ríkja innan Evrópska efnahagssvæðisins og við teljum þeim ekki hafa verið fullnægt,“ segir Björk Viðarsdóttir, lögfræðingur á Útlendingastofnun.

- ht



Á LEIÐINI ÚT Í GEIM Geimskutlan Discovery tekur á loft frá Canaveral-höfða í gær. Fjöldi fólks fylgdist með geimskotinu sem heppnaðist vel. Eileen Collins stýrir leiðangrinum - fyrst kvenna.

Fyrsta geimskutluskotið í Bandaríkjunum frá árinu 2003:

Discovery komin út í geim

BANDARÍKIN, AP Geimskutlunni Discovery var í gær skotið af stað frá geimferðamiðstöð NASA á Canaveral-höfða á Flórída. Geimskotið tókst vel, en þetta er í fyrsta sinn í tvö og hálf ár sem Bandaríkjamenn senda mannað geimfar á loft. Columbia-slysið árið 2003, er geimskutla sundr-

aðist þegar hún flaug inn í gufuhvolfið, olli því að allar geimskutlurnar voru kyrrsettar uns öryggismálin höfðu verið rækilega yfirfarin. Til stóð að skjóta Discovery á loft fyrir hálfum mánuði, en þá reyndust eldsneytisnemar bilaðir. Í húfi var ekki aðeins líf áhafnarnar heldur einnig orðstír Banda-

rikjanna sem forystuþjóðar geimtækninnar.

Fyrir áhöfn Discovery fer Eileen Collins, fyrsta konan sem stýrir geimskutluleiðangri. Ferðinni er heitið í alþjóðlegu geimstöðina sem er í smíðum með ýmsan búnað. Þar framkvæmir áhöfnin ýmsar tilraunir.

- aa

Metafcoma Íslandsbanka:

7,5 milljarða hagnaður

VIÐSKIPTI Íslandsbanki hagnaðist um 7,5 milljarða króna á öðrum ársfjórðungi og hefur bankinn aldrei hagnað meira á einum fjórðungi. Bjarni Ármannsson, forstjóri bankans, segir uppgjörið sýna að reksturinn standi traustum fótum á öllum sviðum bankans. Erlend starfsemi bankans sé farin að ARMANNSSON skila verulegum hluta tekna hans og um 60 prósent af lánum bankans séu til erlendra aðila.



BJARNI

Íslandsbanki hefur tekið miklum breytingum að undanförunu með kaupum á norska bankanum BN-bank og með sölnunni á Sjóvá. Heildareignir bankans hafa tvöfaldast frá áramótum og eru nú 1.335 milljarðar króna. Sjá nánar Markaðinn / dh

IG veiði vörur

Fást á þjónustustöðvum

ESSO

1604 / IG 10



SPURNING DAGSINS

Össur, gastu notað gamlar ræður?

„Ekki mínar eigin, en til að halda friðinn segi ég ekki í ræður hvaða þingmanns ég fór.“

Össur Skarphéðinsson alþingismaður tók að sér gestahlutverk í sjónvarpsþættinum Stelpurnar og leikur þingmann sem talar samhengislaust bull.

Rannsóknin á hryðjuverkunum í Sharm-el-Sheik:

Kennsl borin á einn árásarmanna

EGYPTALAND, AP Rannsóknarlögregla í Egyptalandi hefur borið kennsl á einn sjálfsmorðs-sprengjumannanna sem frömdu hryðjuverkaárásina í ferðamannabænum Sharm-el-Sheik við Rauðahaf í lok síðustu viku sem kostaði hátt í níutíu manns lífið, flestir voru Egyptar. Ku hann vera Egypti að nafni Youssef Badran sem hafi verið í slagföllum við íslamskan öfgahóp. Egypska lögreglan smalaði í gær inn tugum manna til viðbótar til yfirheyrslu

í tengslum við rannsókn málsins.

Badran stýrði vörubíl fylltum sprengiefni sem var sprengdur við innganginn að hóteli í Sharm-el-Sheik aðfaranótt laugardags. Borin voru kennsl á hann á grundvelli niðurstaðna DNA-prófs.

Lögregla færði alls um sjötíu manns til yfirheyrslu í gær, þar á meðal ættingja Badrans, en þar með er heildarfjöldi þeirra sem handteknir hafa verið í tengslum við rannsóknina kominn í um 140 manns.



SPRENGJULEIT Lögregla skoðar undir bíl við innaksturinn í gamla bæinn í Sharm-el-Sheik í gær.

Sjúkraflug Gæslunnar:

Skorinn á háls um borð í skipi

LANDHELGISGÆSLAN TF-LIF þýrta Landhelgisgæslunnar var í fyrrið tíðum kölluð að skemmtiferðaskipinu Sea Rose sem var á siglingu norður af landinu. Þýrta var kölluð út til að sækja mann sem misst hafði mikið blóð eftir að hafa verið skorinn á háls í rýskingum um borð.

Nokkuð snúnar aðstæður voru í þokunni norður af landinu og því var þýrta komin með manninn á Landspítalann í Föðvogum rúmum fjórum tímum eftir að hún var kölluð út. Maðurinn var í gær útskrifaður af spítalanum og líðan hans eftir atviku góð.

- óá

LÖGREGLUFRETTIR

BRUTUST INN Í HEIMAHÚS

Brotist var inn í heimahús í austurbæ og stolið þaðan tveimur tölvum, fartölvu og leikjatölvu. Tilkynnt var um innbrotið um klukkan sex í gærdeg að sögn lögreglu og var innbrotspjófins leitað í gærmorgun.

BJARGAÐ ÚR ÁRABÁT Björgunarsveitir voru kallaðar út að Ólafsfjarðarvatni í fyrradag eftir að fjórar ungar konur um borð í arabát komust ekki í land. Konurnar voru ekki með björgunarvesti og voru þær dregnar á þurr land.

HANDTEKNIR EFTIR HÚSLEIT

Tveir voru handteknir eftir húsleit lögreglu í íbúðarhúsi í Rangárbæ ytra síðdegis í fyrradag. Við húsleitina fannst lítill kannabísrækt, lítillræði af fíkniefnum, tæki og tól til fíkniefnaneyslu auk ummerkja um heimalögun áfengis. Málið er enn í rannsókn lögreglu á Hvolsvelli.

Meirihlutinn tapar fylgi en heldur velli


Sjálfstæðisflokkurinn og Framsóknarflokkurinn á Akureyri tapa umtalsverðu fylgi samkvæmt könnun IMG Gallup en halda þó meirihlutunum í bæjarstjórn. Listi fólksins á Akureyri missir báða bæjarfulltrúa sína en Samfylkingin og Vinstri grænir sækja verulega á.

KÖNNUN Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur fá samanlagt tæplega 47 prósent fylgi samkvæmt könnun sem IMG Gallup framkvæmdi í mars síðastliðnum en fylgi flokkanna var tæp 60 prósent í síðustu sveitarstjórnarkönnun. Framsóknarflokkurinn tapar einum manni, fær tvo, en Sjálfstæðisflokkurinn fær áfram fjóra bæjarfulltrúa þrátt fyrir að fylgi flokksins minnki verulega frá síðustu könnun. Í bæjarstjórn Akureyrar eru ellefu fulltrúar og því heldur núverandi meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks samkvæmt könnun Gallup. Listi fólksins á Akureyri fær engan mann kjörinn í bæjarstjórn en listinn fékk tvo menn kjörna í kosningunum fyrir þremur árum. Samfylkingin bætir verulega við sig fylgi og fær þrjú bæjarfulltrúa í stað eins og sömuleiðis vex fylgi Vinstri grænna umtalsvert og fá þeir tvo



ODDUR HELGI HALLDÓRSSON Oddviti Listi fólksins á Akureyri segist ekki hafa tekið ákvörðun hvort listinn verði boðinn fram við sveitarstjórnarkönnunina að ári en hann telur þó meiri líkur á því en minni.

Fylgi stjórnmálaflokka á Akureyri



FYLGJI MEIRIHLUTANS MINNKAR Könnun Gallup sýnir að fylgi meirihluta Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks dregst saman um ríflega tíu prósent.

bæjarfulltrúa en hafa nú einn. Samkvæmt könnuninni er 11. bæjarfulltrúinn Sjálfstæðismaður en næstur á eftir honum er fjórði bæjarfulltrúi Samfylkingarinnar. Þar á eftir kemur fyrsti maður af Listi fólksins.

Þetta kemur fram í lífskjara-könnun sem IMG Gallup framkvæmdi fyrir Akureyrarbæ í mars síðastliðnum. Alls voru 383 einstaklingar spurðir hvaða flokk eða lista þeir myndu kjósa ef gengið hefði verið til kosninga í mars og gáfu 205 eða rúm 53 prósent upp afstöðu sína.

Sigríður Ólafsdóttir, hjá IMG Gallup á Akureyri, segir tilganginn með spurningunni um afstöðu fólks til stjórnmálaflanna á Akureyri ekki hafa verið að mæla

fylgi flokkanna í bænum. „Spurningin var fyrst og fremst bakgrunnsbreyta í lífskjara-rannsókninni og á þeirri forsendu fór hún inn,“ segir Sigríður.

Oddur Helgi Halldórsson, oddviti Listi fólksins, segist hafa mikla trú á skoðanakönnunum. „Það er hins vegar ekkert nýtt að minn listi kemur illa út í svona könnunum enda er lítið fjallað um Listi fólksins í fjölmiðlum á milli kosninga. Í upphafi baráttunnar fyrir síðustu kosningar þá mældumst við með 3,2 prósent fylgi en fengum 17,8 prósent. Í þessari könnun fengum við 6,3 prósent og það er einhver besta útkoma sem við höfum fengið í skoðanakönnun. Því sef ég alveg rólegur,“ segir Oddur Helgi. kk@frettabladid.is

Olís, Skeljungur og Esso: Hafa öll greitt sektir sínar

NEYTENDUR Stóru olíufélögin þrjú, Esso, Skeljungur og Olís hafa öll greitt að fullu sektir þær er fyrirtækin voru dæmd til af hálfu Samkeppnisstofnunar vegna ólög-mæts samráðs þeirra.

Þetta staðfesti Gunnar H. Hall, fjársýslustjóri hjá Fjársýslu ríkisins í viðtali við Fréttablaðið en sektir fyrirtækjanna þriggja námu rúmlega 1.5 milljarði króna þegar uppi var staðið. Höfðu þau þá fengið umtalsverða lækkun eftir áfrýjun til áfrýjunarnefndar Samkeppnisstofnunar en upphaflega var fyrirtækjunum gert að greiða alls 2.5 milljarða króna.

-aðe

Herstöðin í Keflavík:

Rætt að flugherinn taki við

HERSTÖÐIN Sendinefnd frá bandaríska flughernum kemur til landsins næstu helgi til að ræða um framtíð reksturs herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Ekki er enn ljóst hvort flugherinn taki við rekstri stöðvarinnar af sjóhernum en ef svo verður gerist það á næstu tveimur árum.

Sendinefndin dvelur í herstöðinni í viku og kynnir sér aðstæður þar. Flutningur herstöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli til flughersins er einn margra möguleika sem ræddir eru um framtíð herstöðvarinnar.

- óá

LÖGREGLUFRETTIR

HRAÐAKSTUR Lögreglan í Keflavík stöðvaði fimm ökumenn fyrir of hraðan akstur á Reykjanesbrautinni í gær. Tveir ökumanna mældust á 124 kílómetra hraða og mega þeir búast við sekt upp á 30 þúsund krónur hvor.

FRUMSÝNING Á ÍSLANDI

Nýr fjölnota 7 manna fjölskyldubíll

Eigum til afhendingar strax nokkra bíla á afar hagstæðu verði!

Ríkulega útbúnir MAZDA MPV árg. 2005 verð frá kr. 2.990.000.-

Komdu sjáðu og prófaðu...

Malarhöfða 2 - 110 Reykjavík - Sími: 565 2500

2ja ára verksmiðjuábyrgð - Þjónustuaðili: Ræsir hf.

www.x4.is

Reynsla að komast á nýja leiðarkerfið:

Enginn strætó í Föðvogsspítala

SAMGÖNGUR „Nú er búið að slípa þá fáu hnökra sem komu upp í gær,“ segir Ásgeir Eiríksson, framkvæmdastjóri Strætó, nú þegar nokkur reynsla er komin á nýja leiðarkerfi strætó.

Fjölmarginir hafa haft samband við Fréttablaðið og lýst skoðunum sínum á því og sýnist sitt hverjum.

Þar á meðal bástur óánægju-raddir frá starfsmönnum á Landspítala háskólasjúkrahúsi í Föðvogum sem biðu í gær eftir strætisvagninum við torgið fyrir utan anddyri spítalans en þangað kemur enginn vagn lengur. Þótti þeim það mikill galli á nýja leiðarkerfinu þar sem eldra fólk og margir sem ekki eru fráír á fæti eigi erindi á spítalann og fannst þeim spödurinn allangur í næstu biðskýli sem eru við Bústaðaveg og Háaleitisbraut.



STRÆTÓ Margir gagnrýna einhverja þætti nýja leiðarkerfisins en aðrir segja það mjög gott í alla staði en vandinn sé sá að fólk eigi miserfitt með að taka breytingum.

Ásgeir segir að ferðir vagnanna inn á torg spítalans hafi oftar en ekki tafist þar sem heilt bílastæði umlykur torgið. Hann segir að næsta biðskýli sé í um það bil 150 metra fjarlægð sem

geti ekki talist löng vegalengd. Hann segir að spítalinn við Hringbraut búi við sama kost og hafi hann ekki heyrt kvartanir þáðan.

-jse

Gríptu tækifærið!

MÓA MAGNKAUP
KJÚKLINGABRINGUR

1.998 kr. kg

Pú sparar 497 kr.

Venjulegt verð í Nóatúni er 2.495 kr./kg.

Bestir í kjöti!

Pú klárar öll innkaupin í Nóatúni!



Varanleg verðlækkun
á öllum helstu

neysluvörum!

MYLLU HEILT
HEIMILISBRAUÐ

99 kr. pk.

41%
afsláttur
við kassa

25%
afsláttur
við kassa

MÓA BBQ KJÚKLINGA-
LÆRI/LEGGIR

374 kr. kg

BOKUNARKARTÖFLUR
Í LAUSU

99 kr. kg

SPARAÐU

LORENZ SALTKRINGLUR
EDA SALTSTANGIR

99 kr. pk.

GRILLSVEPPIR
Í BOXI

249 kr. boxið

RUBICON
GOS

49 kr. 33 cl



NÓATÚN

OPIÐ
TIL
KL. **21** ALLA
DAGA

Rætt um kjarnorkuáætlun Norður-Kóreu:

Sex þjóðir við samningaborðið

PEKING, AP Bandarískir erindrekar ásamt sendinefndum frá Suður-Kóreu, Japan, Kína og Rússlandi settust við samningaborðið í gær með fulltrúum ríkisstjórnar Norður-Kóreu til að ræða kjarnorkuáætlun landsins.

Samningaviðræðunum hefur verið síendurtekið frestað frá því síðasta haust og þykir því áfangi út af fyrir sig að ná Norður-Kóreumönnum að samningaborðinu. Sendinefndir hinna þjóðanna hafa lagst á eitt með að reyna að sannfæra Norður-Kóreumennina um að snúa frá kjarnorkuáætlun sinni.

Christopher Hill, forsvarsmáður bandarísku sendinefndar-

innar byrjaði opunarávarp sitt á fundinum í gærmorgun með því að leggja áherslu á að Bandaríkin viðurkenndu sjálfstæði Norður-Kóreu. Eins sagði hann að engar áætlanir væru uppi um það að ráðast á landið.

Nágrannarnir í Suður-Kóreu hafa lagt mikla áherslu á að viðræðurnar takist vel enda hafa þeir mikilla hagsmuna að gæta. Þeir hafa meira að segja boðið Norður-Kóreu aðstoð í orkumálum snúi þeir frá kjarnorkuáætluninni.

Óttast er að Norður-Kóreumenn auðgi úran leynilega og noti til að reyna að koma upp kjarnavopnum.



RÆTT VIÐ BLAÐAMENN Christopher Hill, talsmaður Bandaríkjastjórnar og Song Min-Soon, aðstoðarutanríkisráðgjafi Suður-Kóreu.

Flugvöllurinn á Bakka:

Ný flugstöð var vígð

FLUGMÁL Ný flugstöð var í gær vígð við flugvöllinn á Bakka að viðstöddum samgönguráðgjafi og flugmálastjóra. Nýja flugstöðin er 250 fermetrar og leysir af hólmi fimm sinnum minni flugstöð sem byggð var árið 1997.

Flugvöllurinn er aðallega nýttur undir áætlunarflug Flugfélags Vestmannaeyja milli lands og Eyja en auk þess nýta einkaflugmenn flugvöllinn. Á þessu ári er reiknað með því að yfir 30 þúsund farþegar fari um flugvöllinn. Eflaust njóta margir nýju flugstöðvarinnar um komandi verslunarmannahelgi enda fjölmargir á leið á Þjóðhátíð í Eyjum. ■

GENGIÐ		GENGI GJALDMÍÐLA 26.07.2005	
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	64,72	65,02
	Sterlingspund GBP	112,49	113,03
	Evra EUR	77,64	78,08
	Dönsk króna DKK	10,406	10,466
	Norsk króna NOK	9,833	9,891
	Sænsk króna SEK	8,238	8,286
	Japanskt jen JPY	0,5764	0,5798
	SDR XDR	93,55	94,11

Gengisvísitala krónunnar
109,00

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



STEKKJASTAUR Er hugsanlega staddur á Alheimsmóti jólasveina í Kaupmannahöfn.

Alheimsmót jólasveina:

Vilja reglugerð um reykháfa

DANMÖRK Yfir hundrað jólasveinar kepptu í gær í reykháfsklifri á Alheimsmóti jólasveina sem nú stendur yfir í Danmörku. Jólasveinarnir komu víðs vegar að úr heiminum á þriggja daga mót til þess að ræða ýmis mikilvæg mál-efni er varða meðal annars starfsaðstæður jólasveina nú til dags. Einnig verður keppt í hinum ýmsu greinum og gengið verður í skróð-göngu um Kaupmannahöfn.

Jólasveinarnir undirbúa ályktun frá Alheimsmóti þar sem þess verður meðal annars krafist að gefnar verði út samræmdar reglugerðir um breidd reykháfa í löndum Evrópusambandsins. - sda

Tekinn á 208 kílómetra hraða:

Fékk að keyra áfram

LÖGREGLA Ungur maður var tekinn á 208 kílómetra hraða á Reykjanesbraut í fyrrinótt en þar er hámarks hraði níutíu kílómetrar. Fékk maðurinn að halda áfram för sinni eftir það en svipting ökuréttinda á staðnum hefur ekki viðhafst hjá embætti Lögreglunnar í Keflavík í langan tíma að sögn lögregluþjóns.

Maðurinn á þó von á því að verða sviptur ökuréttindum þegar mál hans verður tekið fyrir auk þess sem hann á yfir höfði sér háa sekt. - ht

Tony Blair segir Breta ekki hvíka þumlung

Forsætisráðgjafi Bretlands sendi hryðjuverkamönnum skýr skilboð í gær. Tveir eftirlýstra sprengjumanna fluttu að sögn lögreglu á barnsaldri til Bretlands frá Sómalíu og Erítreu. Fimm manns eru í haldi lögreglu.

BRETALAND, AP Tony Blair, forsætisráðgjafi Bretlands, sagði í gær að bresk stjórnvöld myndu ekki „hvíka svo mikið sem þumlung“ fyrir hryðjuverkamönnum og ekki láta þá hafa nein áhrif á stjórnarstefnuna, svo sem í Írak eða Miðausturlöndum. Bresk lögregluvöld upplýstu að tveir mennanna sem eftirlýstir eru fyrir að hafa staðið að hinum misheppnuðu sprengjutilræðum í Lundúnum í síðustu viku séu lögreglegir innflytjendur sem fluttu á barnsaldri til Bretlands frá Sómalíu og Erítreu.

Blair sagði þetta eftir fund með forystumönnum stjórnarandstöðunnar þar sem hann ræddi ný hryðjuverkarárásum sem hafa það að markmiði að hindra að sjálfsmorðsprengjuárásir á borð við þær sem framdar voru 7. júlí gætu endurtekið sig, en þær kostuðu 52 manns lífið auk árásmannanna fjögurra.

Á mánaðarlegum blaðamannafundi sínum sagði Blair að viðbrögð Lundúnabúa við árásumum 7. og 21. júlí hefðu verið „undra-verð“. „Lundúnabúar sæta mikilli prófraun en standa keikir,“ sagði hann.

Spurður hvort virk þátttaka Breta í innrásinni í Írak hefði kynt undir hryðjuverkarásum víða um heim og í Lundúnum sagði Blair að það væri engin afsökun til fyrir verkum sprengjumannanna.

„Hvada afsökun eða réttlætningu sem þessir menn finna sér tel ég ekki að við eigum að gefa svo mikið sem þumlung eftir, ekki



BÍLL RANNSAKAÐUR Vopnaður lögreglu maður gætir vettvangs við Strawberry Vale í norðurhluta Lundúna í gær, þar sem bíll sem talinn er tengjast eftirlýstum tilræðismönnum var rannsakaður.

í þessu landi (...) né í Írak né Afganistan, né hvað varðar stuðning okkar við Ísrael og Palestínu, né í stuðningi okkar við þá bandamenn sem við kjósum okkur, þar á meðal Bandaríkin. Við eigum ekki að gefa þessu liði einasta þumlung eftir,“ sagði Blair.

Breska innanríkisráðuneytið upplýsti að tveir mennanna fjögurra sem eftirlýstir eru vegna misheppnuðu sprengjuárásanna síðastliðinn fimmtudag hafi flust til Bretlands á barnsaldri, en fjölskyldur þeirra komu þangað sem flóttamenn frá Austur-Afríku. Annar heitir Yasin Hassan Omar, en hann var ellefu ára er hann kom til Bretlands frá Sómalíu árið

1992. Hann reyndi að sprengja sprengju í jarðlest við Warren Street-stöðina. Hinn heitir Muktar Said Ibrahim, einnig þekktur sem Muktar Mohammed Said, en hann kom til landsins tólf ára að aldri árið 1990, fékk dvalarleyfi árið 1992 og breskan ríkisborgararétt árið 2004.

Sprengjusérfræðingar rannsökuðu grunsamlegt efni sem fannst í íbúð í Norður-Lundúnum sem Said er sagður hafa komið í nýlega. Bíll sem fannst þar nálægt var einnig rannsakaður.

Alls eru nú fimm manns í haldi lögreglu í tengslum við rannsóknina.

audunn@frettabladid.is

Staða forstjóra ÁTVR:

Ellefu sóttu um starfið

ÁTVR Ellefu sóttu um stöðu forstjóra ÁTVR en umsóknarfrestur rann út á mánudag. Höskuldur Jónsson núverandi forstjóri lætur af störfum 1. september næstkomandi.

Peir sem sóttu um eru:

Ágúst Einarsson viðskiptafræðingur
Ágúst Hafberg framkvæmdastjóri
Elín Hanna Jónsdóttir hjúkrunarfræðingur
Gústaf Nielsson þáttagerðarmaður
Hanna Björk Ragnarsdóttir viðskiptafr.
Ívar J. Arndal aðstoðarforstjóri
María E. Ingvadóttir viðskiptafræðingur
Pétur Stefánsson rekstrarhagfræðingur
Ragnar Birgisson rekstrarhagfræðingur
Sigurður I. Halldórsson lögmaður
Þorsteinn Þorsteinsson rekstrarhagfr.

Ökuréttindalaus unglingur:

Eltur eftir þjóðveginum

LÖGREGLUMÁL Lögregla veitti sextán ára réttindalausum öku-manni eftirför frá Þorlákshöfn, eftir veginum fram hjá Eyrarbakka og Stokkseyri í átt til Selfoss þar sem hann var stöðvaður snemma í gærmorgun.

Lögreglan á Selfossi fékk tilkynningu um klukkan sex um undarlegt aksturslag bifreiðar sem meðal annars var ekið á brunahana í Þorlákshöfn. Stöðvunarmerkjum lögreglunnar var ekki sinnt og bifreiðinni því veitt eftirför. Tveir jafnaldrar öku-mannsins voru einnig í bílnum en þremmingarnir eru grunaðir um að hafa stolið bifreiðinni í Kópavogi. - ht

LÖGREGLUFRETTIR

BÍLVELTA Bíll fór út af veginum og valt við Hellisholt, um fjórutíu kílómetra vestur af Höfn í Hornafirði í fyrrinótt. Ökumaðurinn var einn í bílnum og að sögn lögreglu á Höfn slasaðist hann lítið og slapp með skrárum.

Tjöld
-landsins mesta úrval í Tjaldlandi við Glæsibæ

Aztek Plus 4ra manna
Rúmgott kúltjald. Stórt fortjald með þremur gluggum.
Verð 19.990 kr.
Verð áður 24.990 kr.

ÚTILÍF

SMÁRALIND SÍMI 545 1550 • GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 • KRINGLUNNI SÍMI 545 1580

VEÐRIÐ Í DAG

SOLRIKIR DAGAR TAKA SENN ENDA Finasta veður í dag með bjartviðri, hægviðri og hlýindum, nema þó þokunni þar sem hún gerir sig heimakomma við strendur landsins. Á morgun þykkur upp fyrst vestan til.

VERSLUNAR-MANNAHELGIN Sé lítið almennt á veðrið þessa miklu ferðahelgi er útlitið gott. Laugardagurinn er dagurinn þegar veðurguðirnir vilja vökva landann en ekki lengi því þetta gengur nokkuð hratt yfir og við taka þurrari dagar a.m.k. að utan!



Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Á morgun

Hæg vestlæg eða breytileg átt. Hætt við þokusúð vestan til.

Föstudagur

Hæg suðlæg átt. Hætt við þokubökkum með ströndum.

Veðurhorfur í borgum í dag

Kaupmannahöfn	19°C heiðskirt	Paris	28°C skúrir	Alicante	30°C heiðskirt
Ósló	22°C skúrir	Berlín	26°C hálfskýjað	Milano	28°C heiðskirt
Stokkhólmur	22°C hálfskýjað	Frankfurt	28°C heiðskirt	New York	33°C hálfskýjað
Helsinki	20°C hálfskýjað	Madrid	36°C heiðskirt	San Francisco	20°C heiðskirt
London	19°C hálfskýjað	Barcelona	29°C heiðskirt	Orlando/Florida	33°C heiðskirt

Svæði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Vertu á nýjum Ford Focus
Deami: Ford Focus Wagon Trend 1,6i 5 giru
Sumartilboð*
 Bílasamningur **20.865 kr.**
 Rekstrarleiga **35.950 kr.**



Veldu nýjan Ford

Nýtt tákni um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bíla-merki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bíla-merkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákni um gæði - veldu Ford.

Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákni eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla. Ford hefur tekið það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Corolla saman við Focus. Og þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleika-stýrikerfi**, TRACS spólvörn, öryggisþúðagardínur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Spurðu um þjónustu Ford.

Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppið 1. sætið á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins.



Ford Focus hefur hreppið 1. sæti á 65 alþjóða-verðlaunahátíðum. Veldu Ford.

Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákni um gæði.

Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

Kaupverð	5 giru	Sjálfskiptur
Ford Focus 3 dyra Trend 1,6i	1.790.000 kr.	1.884.000 kr.
Ford Focus 5 dyra Trend 1,6i	1.890.000 kr.	1.984.000 kr.
Ford Focus 4 dyra Trend 1,6i	1.940.000 kr.	2.034.000 kr.
Ford Focus Wagon Trend 1,6i	1.990.000 kr.	2.084.000 kr.


Ford Focus er heimsmethafi í vinsældum. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst í yfir 4 milljónir eintaka. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum árið 2000 og sem mest selda bíl í heimi, aðeins ári eftir að hann kom fyrst á markað. Samkvæmt afmælisútgáfu Heimsmetabókar Guinness fyrir árið 2005 stendur heimsmetið enn. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.

Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

- ESP stöðugleika-stýrikerfi
- TRACS spólvörn
- Loftkæling
- Stíllanlegur hiti í framsættum Öryggisþúðar að framan
- Öryggisþúðar í hliðum
- Öryggisþúðagardínur
- ABS hmlakerfi
- EBD hmlajöfnun
- EBA hjálparhemlun
- Frjókornasía
- Upphitanlegir hliðarspeglar
- Rafstíllir hliðarspeglar
- Vindskeið að aftan (3d og 5d)
- Fjarstýrð samlæsing
- Fjölliðanlegt stýri
- Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum
- Fjarstýring fyrir hjómtækni
- Áksturstölv og útihitamælir

Hægt að fá aukalega:

- Bluetooth® fyrir síma
- AFS Halogen beygjuljós
- DVD spilari í loft og skjár
- Fjölliðing fyrir heymartöl
- Kæling í hanskahófi
- Leiðsögukerfi með litaskjá
- 6 diska Sony hjómtækni
- Bakkskynjari
- Regnskynjari
- Leður- eða sportsæti
- Rafdrifíð ökumannssæti
- Raddstýring fyrir:
 - hjómtækni
 - síma
 - leiðsögukerfi
- Aðfellanlegir speglar
- Hitu fyrir alla framrúðuna
- Sólavörn í framrúðu
- Sportfjöðrun
- Sjálfvirkur „dimmer“ á baksýnispegli
- Hraðastíllir
- Rafdrifin sölluga



Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bíla-merki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælastu bíla-merkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.

Nýttu þér sumartilboðin Skoðuðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



■ **Ford Fiesta Trend**
 5 dyra 1,4i 5 giru*
 Kaupverð 1.430.000 kr.
 Bílasamningur 14.970 kr.
 Rekstrarleiga 27.950 kr.



■ **Ford Fusion Trend**
 5 dyra 1,4i 5 giru*
 Kaupverð 1.570.000 kr.
 Bílasamningur 16.440 kr.
 Rekstrarleiga 29.980 kr.



■ **Ford Focus Trend**
 5 dyra 1,6i 5 giru*
 Kaupverð 1.890.000 kr.
 Bílasamningur 19.790 kr.
 Rekstrarleiga 34.930 kr.



■ **Ford Focus C-Max Trend**
 5 dyra 1,6i 5 giru*
 Kaupverð 1.895.000 kr.
 Bílasamningur 19.840 kr.
 Rekstrarleiga 34.950 kr.



■ **Ford Mondeo Ghia**
 5 dyra 2,0i 5 giru*
 Kaupverð 2.440.000 kr.
 Bílasamningur 25.550 kr.
 Rekstrarleiga 44.940 kr.



■ **Ford Galaxy Trend**
 7 manna 2,0i 5 giru*
 Kaupverð 2.605.000 kr.
 Bílasamningur 27.280 kr.
 Rekstrarleiga 48.500 kr.



■ **Ford Mustang Deluxe**
 3 dyra 4,0i V6 5 giru*
 Kaupverð 2.860.000 kr.
 Bílasamningur 30.030 kr.



■ **Ford Escape XLS 4x4**
 5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
 Kaupverð 2.810.000 kr.
 Bílasamningur 29.430 kr.
 Rekstrarleiga 52.700 kr.



■ **Ford Freestyle SEL 4x4**
 7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
 Kaupverð 3.960.000 kr.
 Bílasamningur 39.200 kr.
 Rekstrarleiga 68.300 kr.



■ **Ford Explorer XLT Sport 4x4**
 5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
 Kaupverð 4.190.000 kr.
 Bílasamningur 41.760 kr.
 Rekstrarleiga 74.200 kr.



■ **Ford Expedition Eddie Bauer 4x4**
 8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
 Kaupverð 5.160.000 kr.
 Bílasamningur 53.990 kr.
 Rekstrarleiga 102.500 kr.



■ **Ford Ranger XL Crew Cab 4x4**
 4 dyra 2,5 turbo dísil 5 giru*
 Kaupverð 2.370.000 kr.
 Bílasamningur 24.820 kr.
 Rekstrarleiga 43.900 kr.



■ **Ford Explorer Sport Trac XLT 4x4**
 4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
 Kaupverð 2.960.000 kr.
 Bílasamningur 30.990 kr.
 Rekstrarleiga 56.700 kr.



■ **Ford F-350 Lariat Crew Cab 4x4**
 4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
 Kaupverð 4.128.000 kr.
 Bílasamningur 43.160 kr.



Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg. Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir

upp lánið á gamla bílinum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðuðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðuðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.



* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% ísk / 50% erl. myntkafa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustuetillit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km ákstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluáðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Alfélkur á Fiesta, Focus og Galaxy; samlitur á Escape; tvílitur á Ranger. Explorer og Freestyle myndir eru af Limited.



KJÖRKASSINN

Styður þú fyrirhuguð mótmæli vörubílstjóra gegn breytingum á gjaldtöku af dísilolíu?

Niðurstöður gærdagsins á visir.is

Já	54%
Nei	46%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Styður þú málstað mótmælendanna á Kárahnjúkum?

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun



Siðferðislegt álitamál veldur umtali í Bandaríkjunum:

Ófrísk en heiladauð

BANDARÍKIN Susan Torres, 26 ára Bandaríkjamaður, féll í dá í maí síðastliðinn eftir að heilæxli olli henni heilablóðfalli þar sem hún sat við kvöldverðarborðið heima hjá sér.

Susan, var þá komin nokkrar vikur á leið með ófætt barn hennar og Jason Torres eiginmanns hennar. Jason bað í kjölfarið lækna á spítalanum í Virgíníu að halda Susan á lífi á meðan fóstrið innan í henni fengi að vaxa.

Nú er fóstrið komið 24 vikur á leið og læknar telja líklegt að það gæti fæðst heilbriggt. Hins vegar vilji læknarnir líklegast bíða með

fæðinguna þar til fóstrið hefur fengið að þroskast í heilar 32 vikur. Eðlileg meðganga er 40 vikur.

Jason og fjölskylda hans hefur nú komið upp vefsíðu þar sem safnað er fyrir læknskostnaðinum en þau voru án sjúkratryggingar. Jason hætti einnig í vinnunni eftir að Susan fékk heilablóðfallið og hefur sofið hverja nótt í hægindastól við rúmstokk konu sinnar. Nær óhugsandi er að Susan vakni nokkurn tíma úr dáinu.

TERRI SCHIAVO Hart var deilt um hvort leyfa ætti Terri Schiavo að deyja. Nú er komið upp mál sem vekur upp svipaðar siðferðislegar spurningar.



Hvalveiðar:

Hrefnuveiðibátar í land

SJÁVARÚTVEGUR Hrefnuveiðibátarnir þrír sem nú stunda veiðar í vísindaskyni halda allir í land fyrir verslunarmannahelgi. Gunnar Bergmann Jónsson, hjá Félagi hrefnuveiðimanna, segir að nægt framboð sé af hrefnukjöti í verslunum um þessar mundir eftir góðar veiðar um liðna helgi. „Allar verslanir eru uppfullar af hrefnukjöti fyrir verslunarmannahelgina og menn geta því tekið sér frí núna yfir helgina. Svo halda bátarnir aftur á sjó strax eftir helgi,“ segir Gunnar.

-hb

ÚTVARPIÐ ÞITT
POLIR EKKI
EINTÓMAN
VIÐBJÓÐ

X 97.7

Deiraugun
fást aðeins hjá Olís

olís
www.olis.is

ÚTSALA!

DÖMUSKÓR - HERRASKÓR - BARNASKÓR - SANDALAR

60%
AFSLÁTTUR!

PEPPERKAMER ECCO ara LLOYD ZINDA

Toppskórinn
Suðurlandsbraut 54, sími 533 3109

OPIÐ: MÁN. - FÖS. 12 - 18, LAU. 10 - 16



KROTAD Á SKÚR Skemmdir hafa verið unnar á skúrum í eigu undirverktaka Landsvirkjunar við Kárahnjúka og vinnuvélum.

Mótmælendur eiga kæru yfir höfði sér

Þrír Bretar voru handteknir við Kárahnjúka eftir að átök brutust út milli mótmælenda og lögregluþjóna í fyrrinótt. Mótmælendurnir hlekkjuðu sig við vinnuvélar, unnu spjöll á bifreiðum og veittust að lögreglu að sögn sýslufulltrúa á Egilsstöðum.

MÓTMÆLI Þrír Bretar voru handteknir við Kárahnjúka í fyrrinótt eftir að til átaka kom milli lögreglu og á þriðja tug mótmælenda á vinnusvæði virkjunarinnar. Mótmælendurnir höfðu hlekkjað sig við vinnuvélar auk þess að vinna skemmdarverk á vinnuvélum að sögn Helga Jensonar, fulltrúa sýslumannsins á Seyðisfirði.

„Mótmælendur voru með æsing og læti og veittust að lögreglu þegar handtökur fóru fram,“ segir Helgi. Átökin hófust upp úr miðnætti í gærkvöld þegar mótmælendur urðu ekki við beiðni lögreglu um að yfirgefa vinnusvæðið að sögn Helga. Tveir lögregluþjónar hafi þegar verið staddir á Kárahnjúkum en barst á næstu klukkustundum liðsauki

frá Egilsstöðum og Eskifirði, auk lögregluþjóna frá Ríkislögregluþjóra. Flestir voru lögregluþjónarnir tólf á svæðinu.

„Það gekk ekki auðveldlega að eiga við svo stóran hóp af fólki,“ segir Helgi. Þó hafi lögreglu að lokum tekist að koma fólkinu út af vinnusvæðinu þar sem þau hafi verið völd að truflunum og skemmdum. Ekki liggur fyrir hversu mikið tjón hlaut af að sögn Helga.

Ítalska verktakafyrirtækið Impregilo hyggst kæra mótmælendurna og verður farið í undirbúning þess strax á næstu dögum að sögn Ómars R. Valdimarssonar, upplýsingafulltrúa fyrirtæksins.

Ómar segir umtalsverðar skemmdir hafi verið unnar á

vinnuvélum fyrirtækisins, rúður og ljósluktur hafi verið sprautaðar með málningu auk þess sem dýr vinnuvél sé óstarfhæf vegna þess að lykluð hafi verið kastað út í móa og þeir ekki fundist.

„Við hljótum í kjölfar þessara atburða að fara fram á aukna löggeslu við Kárahnjúka,“ segir Ómar. „Það er ekki í verkahring okkar að stöðva lögbrot á Íslandi.“

Sigurður Arnalds, kynningarstjóri Kárahnjúkavirkjunar hjá Landsvirkjun, segir að Landsvirkjun hafi hvatt undirverktaka til þess að kæra skemmdir á vinnutækjum og skúrum. Skemmdarverkin hafi bitnað á fleiri verktökum en Impregilo.

helgat@frettabladid.is

Ræðari varð fyrir óhappi og róðurinn umhverfis landið þyngist:

Áheitaróður á hættuslóðum

ÁHEITARÓÐUR Kjartan Jakob Hauksson, sem rær nú umhverfis landið, lenti í óhappi á erfiðasta kafla ferðarinnar þegar fótstig brotnaði skammt frá Hornafirði. Hann ákvað því að fara í land í Skinneyjarhöfða því ekki væri á það hættandi að fara þessa leið á varafótsigi sem aðeins er ætlað í neyðartilfellum.

„Ég ætla að reyna að komast upp í Jökulárlón eða að Ingólfshöfða,“ sagði Kjartan meðan hann mat veðurskilyrði frá fjörunni í Skinneyjarhöfða í gær viðbúinn að ýta úr vör.

„Það er ekki víða hægt að ná í land á suðurströndinni og því er ég viðbúinn því að þurfa að fara í gegnum brim frekar en að leita í land þó það brjóti jafnvel bátinn,“ segir ræðarinn.

Aðeins einn annar ræðari hefur gert tilraun til að róa umhverfis



KJARTAN Í HORNARFJARÐARÓS Kjartan rær úr Hornarfjarðarós en nú bíður hans suðurströndin þar sem víða er ógjörningur að ná til lands og því má segja að hann rói á hættuslóðum. Baturinn hefur fimm sinnum brotnað á leiðinni og á hann jafnvel von á að slíkt endurtaki sig á þessum slóðum.

landið en hann lagði árar í bát við Hornarfjörð og treysti sér ekki meðfram suðurströnd landsins þar sem erfitt er að ná að landi.

Það er því ljóst að mesti áhætturóðurinn bíður Kjartans næstu daga.

-jse

götu markaður

nú á
allt að
seljast

verðhrun

Einungis 3 verð í gangi

enn meiri
verð-
lækkun

500kr

1000kr

2000kr

Götumarkaðslok

Síðasti séns til að gera góð kaup



HAGKAUP

www.hagkaup.is

Skemmtilegast að versla



VEISTU SVARIÐ?

1 Hvað heitir Bandaríska geimferjan fyrir út í geim í gær?

2 Í hvaða laxveiðiá á Austfjörðum er talið að eldislax hafi veiðst?

3 Hvað heitir eyjan sem Danir og Kanadamenn deila um yfirráð yfir?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Japanska keisarafjölskyldan:

Hugsanlegt að kona geti orðið keisari

JAFNRÉTTI Japanar íhuga nú hvort breyta eigi lögum landsins um erfingja keisaraembættisins og leyfa kvenkyns erfingja að taka við af keisaranum. Ástæðan er einna helst sú að Japanar óttast að Naruhito krónprins og Masako krónprinsessa takist ekki að eignast son, en þau eiga þrjú ára dóttur Aiko og því verði enginn til að taka við af honum þegar að því kemur.

Skipuð hefur verið nefnd til þess að kanna hugsanlegar breytingar á erfðarlögum. Talsmaður hennar segir að nefndin komi ekki með beinar tillögur um að stúlka geti erfð krúnuna, heldur verði einungis

bent á það sem hugsanlega leið til að fyrirbyggja þann möguleika að enginn erfingi verði að krúnunni.

Japanar eru almennt hlyntir því að konu verði leyft að taka við af keisaranum og forsætisráðherra landsins, Junichiro Koizumi, hefur sagst styðja breytingar í þá átt.

- sda

EINKABARN JAPANSKA KRÓNPRINSINS. Aiko ásamt móður sinni Masako. Ef Japanar ákveða að breyta erfðalögum krúnunnar í þá átt sem rætt hefur verið um tekur Aiko ef til vill við keisaradómnum af föður sínum þegar að því kemur.



Líbanon:

Stríðsherra látinn laus

LÍBANON Alræmdur líbanskur stríðsherra Samir Geagea var látinn laus úr ellefu ára fangavist í gær. Geagea barðist gegn Sýrlendingum í borgarastyrjöldinni í Líbanon á árunum 1975 til 1990.

Frelsun hans var enn eitt skref SAMIR GEAGEA í átt til sátta milli Sýrlendinga og Líbana en Sýrlendingar drógu herlið sitt á brott frá Líbanon síðastliðið vor eftir tæplega þrjú ára átuga hernám. Geagea hélt til Frakklands um leið og hann losnaði úr haldi. ■



Seltjarnarnes:

Dregur úr innbrotum

ÖRYGGI Dregið hefur verulega úr innbrotum á Seltjarnarnesi hvort sem litið er til fyrri ára eða hverfa í Reykjavík að því er segir í fréttatilkynningu bæjaryfirvalda. Ástæðu þess telja yfirvöld samstarf við lögreglu, en þannig hafi náðst að uppræta glæpagengi sem starfaði í vesturbæ Reykjavíkur.

Gallup kannaði viðhorf bæjarbúa til öryggismyndavéla síðastliðinn vetur og í ljós kom að 66 prósent bæjarbúa voru hlynt myndavélum til að sporna við afbrotum. Fjórðungur var þeim hins vegar andvígur og andstaðan mest í yngsta aldurshópnum.

- ht

Morðið á Theo van Gogh:

Fékk lífstíðardóm

HOLLAND, AP Dómstóll í Amsterdam dæmdi í gær Mohammed Bouyeri, sem játaði á sig morðið á kvikmyndagerðarmanninum Theo van Gogh, í lífstíðarfangelsi – það er hámarksrefsing. Hið hrottalega morð á van Gogh, sem var framið um hábjartan dag í miðborg Amsterdam í byrjun nóvember, olli mikilli reiði í Hollandi og jók áhyggjur af „heimaöldum“ íslömskum öfgamönnum.

Bouyeri, sem er 27 ára gamall hollenskur og marokkóskur ríkisborgari, viðhafði enga málsvörn í réttarhaldinu fyrr í þessum mánuði. Þá sagði hann reyndar að hann hafði óskað sér þess að deyja í skotbardaga við lögregluna sem „píslarvottur“ trúar sinnar. Bouyeri sakaði van Gogh um að hafa vanvirt íslam

og sagðist fremja verknáðinn aftur ef honum byðist tækifæri til þess.

Dómarinn sagði lífstíðardóm einu refsinguna sem við hæfi væri fyrir glæp sem ætlað var að grafa undan hollensku lýðræði og stjórnmálakerfi landsins.

- aa



MORÐINGINN Mohammed Bouyeri.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖNDUR



VIÐEYJARSTOFA Rekstur veitingasöluunnar þurfti ekki á styrkjum að halda segir fyrrum veitingamaður.

Rekstur ekki niðurgreiddur

Fyrrum veitingamaður í Viðeyjarstofu segir að borgin hafi ekki styrkt veitingareksturinn. Gestum fór fækkandi eftir að embætti staðarhaldara var lagt niður.

VIÐEY „Reykjavíkurborg hefur aldrei niðurgreitt veitingahúsarekstur í Viðey,“ sagði Steinar Davíðsson, sem rak veitingasölu í Viðeyjarstofu frá 1997 þar til í vor. „Við borguðum árlega þrjár til fimm milljónir í húsaleigu til Reykjavíkurborgar og fengum ekki krónu þaðan inn í reksturinn, hvorki með beinum né óbeinum hætti.“ Hann segir að leigufjárhæðin hafi samkvæmt samningum verið hlutfall af veltu staðarins. Reksturinn hafi borið sig ágætlega fram til ársins 2003 þegar halla fór undan fæti vegna færri gesta í eyinni.


Steinar segir breytinguna hafa orðið þegar séra Þórir Stephensen hætti sem staðarhaldari í Viðey, en þá var Árbæjarsafni falið að taka við umsjón eyjarinnar. Fyrir þá tíð hafi alltaf verið náð samstarf milli staðarhaldarans, ferjunnar og veitingasöluunnar og þeir hafi allir starfað saman að því að fjölga gestum. „Strax eftir að Þórir hætti fórum við á fund hjá Árbæjarsafni og þá vildi safnið taka ársfrest til að kynna sér hvernig staðan væri.“ Steinar gefur ekki mikið fyrir þessi vinnubrögð. „Í þessum rekstri þarf maður alltaf að vera vakandi og ef maður er

ekki vakandi þá gerist ekki neitt.“ Hann segir að árlega hafi farið nokkrar milljónir í auglýsingar hjá sér en hann hafi engar auglýsingar séð um Viðey í allt sumar.

Tölur yfir gesta fjölda sem rekstraráðilar Viðeyjafærju tóku saman fyrir Fréttablaðið renna stöðum undir það að gestum hafi farið fækkandi löngu áður en rekstrarhliðin á eyinni var tekin til endurskoðunar af Reykjavíkurborg í vor. Gestum hafði fjölgað hægt og bíttandi fram til ársins 2000 en séra Þórir hætti það ár. Síðan þá hefur leiðin legið niður á við og í sumar hefur gestafjöldinn aðeins verið um 80 prósent af gesta fjölda síðasta árs.

grs@frettabladid.is

Farþegar Viðeyjarferju



Allur rafbúnaður í sumarhúsið

Hjá Smith & Norland færðu allan rafbúnað í sumarhúsið þitt. Þú þarft ekki að leita annað.

Rafmagnspilofnar frá Siemens í stærðum 150 upp í 2000 W.

Hitakútar frá Nibe í stærðum frá 15 lítrum upp í 500 lítra.

Rafhitastrengir frá Nexans til að halda vatnsinntakinu frostfríu.

Sólarrafhloður frá Shell Solar.

Heimilistæki stór og smá frá Bosch og Siemens.

Mikið úrval inni- og útiljosa.

Gólflistarennur frá Tehalit.

Raflagnaefni á borð við rofa og tengla, vír og strengi, rafmagnstöflur, varbúnað og fleira.

Fjarstýribúnaður frá Safetel.

Farsímar og þráðlausir símar frá Siemens.

Við tökum vel á mót þér!

SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 • 105 Reykjavík
Sími 520 3000 • www.sminor.is



Að sjálfsögðu bragðast hann betur en annar bjór. Við höfum haft meira en 600 ár til að fullkomna uppskriftina. Brugghúsið okkar hefur verið starfrækt í Leuven í Belgíu frá árinu 1366 sem þýðir að við höfum verið lengur að en flestir. Á þessum tíma höfum við upplifað ýmsar breytingar. Viðskiptavinir okkar drekka til dæmis bjórinn ekki lengur til að verjast plágunni, eins og þeir gerðu á miðöldum. Hvað sem öðru líður þá er eitt sem hefur ekki breyst allan þennan tíma, Stella Artois er enn bruggaður samkvæmt aldagamalli hefð úr besta fánlega hráefni. Þess vegna eigum við enn tryggan hóp viðskiptamanna, 600 árum síðar.



0,0%

Flugfélag Íslands semur um Grænlandsflug:

Kaupir tvær nýjar vélar

SAMGÖNGUR Flugfélag Íslands hefur náð samkomulagi við heimastjórnina í Grænlandi um að halda áfram áætlunarflugi milli Íslands og Grænlands. Samningurinn er til fimm ára og með möguleika á áframhaldi í önnur fimm ár. Flugið verður tvisvar í viku til Kulusuk og Constablepynt. Í kjölfar samningsins hafa tvær háþekjur af gerðinni Dash-8, sem taka 39 farþega, verið keyptar, en þær vélar þurfa mun styttri flugbrautir en Fokker-vélarnar.

„Við gerum ráð fyrir því að markaðssetja í auknum mæli leiguflyg fyrir sérhæfð verkefni,“ segir Arni Gunnarsson framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands.



HÁÞEKJA AF GERÐINI DASH-8 Flugfélagið hefur nú keypt tvær vélar af þessari gerð í kjölfar samningsins.

Hann segir það fyrst og fremst vera erlenda ferðamenn sem fljúga héðan til Grænlands, en margir ferðamenn kjósi frekar að fara í gegnum Ísland en Danmörku á leið sinni til landsins. „Áhugi Íslendinga hefur

verið að aukast að undanfögnu en þeir eru ekki uppistaðan.“ Um tíu þúsund manns flugu héðan til Grænlands í fyrra og voru Íslendingar innan við tíu prósent þeirra.

- grs



DJÚPIVOGUR VIÐ MINNI BERUFJARÐAR. Salar Islandica er með fjórtán eldiskvíar í Berufirði en í þeim eru nálægt 700 þúsund laxar í uppveiti.

Norskur eldislax í Breiðdalsá:

Líklega verið lengi utan eldiskvíar

LAXELDI Gunnar Steinn Gunnarsson framkvæmdastjóri laxeldisfyrirtækisins Salar Islandica á Djúpvaggi segir ólíklegt að lax hafi sloppið úr kvíum fyrirtækisins í Berufirði. „Við erum með fjórtán kvíar og við könnuðum ástand þeirra um daginn. Allt reyndist vera í stakasta lagi,“ segir Gunnar Steinn.

Í sjókvíum fyrirtækisins eru að sögn Gunnars um sex til sjö

hundruð þúsund laxar og meirihluti þeirra í uppveiti. „Hluti þeirra er að ná sláturstærð eða þriggja til fjögurra kílóa þyngd.“

Nærri sex kílóa þungur lax, sem veiddist í Breiðdalsá fyrir viku, bar þess merki að hafa verið alinn í sjókví. Á Austurlandi er lax aðeins alinn í sjókvíum í Berufirði skammt sunnan Breiðdalsár og í Mjóafirði.

Sigurður Kári Jónsson starfsmaður Sæsilsfurs í Mjóafirði segist hafa skoðað myndina af laxinum úr Breiðdalsá og kveðst sannfærður um að hann sé af norsku kyni.

„Slitið á sporði og uggum bendir til þess að það sé vel gróið og að fiskurinn hafi þar af leiðandi verið nokkuð lengi utan eldiskvíar.“

- jh

Örtröð hjá tjaldvagnaleigum:

Allir vagnar löngu pantaðir

TJALDVAGNALEIGA „Allir tjaldvagnar hjá okkur eru í útleigu fyrir verslunarmannahelgina og búið að vera brjáláð að gera í allt sumar. Það eru um tveir mánuðir síðan við leigðum út síðasta tjaldvagninn fyrir verslunarmannahelgina, en við erum með um 70 vagna,“ segir Þorsteinn Jakobsson, eigandi Tjaldvagnaleigunnar í Kópavogi.

„Við leigjum einnig ýmsum félagsmönnum og það er alltaf fullt hjá þeim. Í sjálfu sér er ekkert meira að gera þessa verslunarmannahelgi heldur en aðrar helgar sumarsins.“

„Við erum með um 30 tjaldvagna í útleigu fyrir félagsmenn okkar og þeir eru allir farnir í útleigu um verslunarmannahelgina fyrir löngu síðan. Flestir þeirra eru farnir í útleigu út ágúst mánuð og þessir fáu sem eftir eru, fara eflaust fljótlega,“ segir Þórunn Jóns-



TJALDVAGNAR Langt er síðan allir tjaldvagnar voru leigðir út fyrir verslunarmannahelgina.

dóttir, umsjónarmaður orlofsmála hjá VR.

„Það eru allir tjaldvagnar hjá okkur uppantaðir um verslunar-

mannahelgina frá því snemma í júlí,“ segir Sunneva Joensen hjá Tjaldvagnaleigu Sunnevu á Selfossi. ■



ISIENSKA AUGLEIÞINGASTOFNAN SIA. IS TM 2007 06/2005

Tryggðu barninu þínu öruggt verðlaunasæti

BabySam selur eingöngu barnabílstóla sem standast allra ströngustu öryggiskröfur og eru auk þess þægilegir og einfaldir í notkun. Römer-barnabílstólar hafa staðist öryggispróf við harkalegustu aðstæður sem um getur. Jafnframt staðfesta gæðapróf Stiftung Warentes og ADAC að Römer-stólarnir eru þeir bestu í sínum þyngdarflokki.


Komdu í BabySam í Skeifunni 8 eða Smáralind og tryggðu barninu þínu öruggt sæti í umferðinni.

Tilboð fyrir viðskiptavinum TM

BabySam býður viðskiptavinum TM **20% afslátt af Römer-barnabílstólum.** Einnig er boðinn 20% afsláttur af leigustólum og athugið að panta þarf leigustóla með fyrirvara í netverslun TM.



BabySam



„ORÐRÉTT“

„Þetta gekk rosalega vel, ég rataði.“

ÁSGEIR EIRIKSSON, FRAMKVÆMDA-STJÓRI STRÆTÓ BS. Í DV.

„Við bíðum eftir vagni sem átti að vera kominn fyrir korteri en það er svo gott veður að það skiptir ekki máli.“

AUÐUR ÓLAFSDÓTTIR STRÆTIS-VAGNAFARPEGI Í FRÉTTABLAÐINU.

nær og fjær tilveran

SJÓNARHÓLL ELDISLAX Í LAXVEIÐIÁM.



SÓLVEIG SAMÚELSDÓTTIR SÖNGKONA.

Áhyggjuefni

Sterkur grunur leikur á að eldislax hafi veidst á stöng í Breiðdalsá í síðustu viku. Stangveiðimenn og umhverfissinnar hafa lengi bent á hættuna á að eldislax slyppi úr kvium sínum.

„Það er óneitanlega áhyggjuefni ef að eldislax blandast saman við villtan lax,“ segir Sólveig Samúelsdóttir, tannsmiður og söngkona. Sjálf var hún einmitt að koma úr Veiðivötnum en segist þó fara í veiði til að njóta útiverunnar frekar en að fíksins vegna. Sólveigu finnst ekki skrítið að stangveiðimenn hafi áhyggjur, enda vilji þeir eðlilega draga villtan lax að landi. „Svo er auðvitað spurning hvaða áhrif þetta hefur á stofninn, en ég verð að viðurkenna að ég hef ekki mikla þekkingu á erfðafraeði laxa.“ Sólveig borðar stundum lax, þá einkum reyktan eða grafinn. „Það er helst þegar ég fer til mömmu, hún gerir svo góða laxrétti.“

Óheppnir smyglarar:

Kókaín í óskilum

Það er alþekkt vandamál að töskur tynist í millilandaflugi og hafa ófáir ferðamenn tapað einhverju á þennan hátt. Hins vegar er ólíklegt að fjárhagslegt tjón þeirra jafnist á við það sem óþekktur eiturfjasmeyglari hefur þurft að þola. Lögreglan á flugstöðinni í Vín í Austurríki fann á dögnum 24 kíló af kókaíni í tösku sem verið hafði í óskilamunadeild flugvallarins í yfir mánuð. Talið er að andvirði fíkniefnanna sé sextán milljónir Bandaríkjadala.

Eiturlyfin voru í 22 pokum sem vafið var inn í illa lyktandi olíuborinn pappír, að öllum líkindum til að villa um fyrir vel þjálfuðu nefi fíkniefnahunda. Ferðataskan hafði fyrir mistök verið skráð inn í Mexíkóborg ásamt ferðatöskum sextíu ára austurríks ferðamanns sem síðar skildi töskuna eftir í óskilamunadeild Vínarflugvallar.

- sgi



HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

Skammaðir fyrir að ausa grjóti

Það var yndisleg tilfinning að komast yfir þúsund kílómetra markið í gær. Það er alltaf gaman að hafa fjögurra stafa tölu. Nú er líka farið að stytta verulega í annan endann á þessari löngu göngu og einungis níu dagar eftir. Við erum nú staddir í Húnavatnssýslunni. Í gær gengum við bæði í sólskini og þoku, skrítið veður en hið besta til göngu. Við fórum á mánudagskvöld í heimsókn til hins mæta útvarpsmanns „þetta er Grímur Gíslason sem talar frá Blönduósi“ og áttum með honum góða stund.

Þótt lögreglan á Blönduósi sé þekkt fyrir að vera hörð í horn að taka þegar kemur að hraðamælingum höfum við sloppið við afskipti hennar enda reynir trússbíllinn að halda sér á löglegum hraða.

Okkur þætti þó ekki úr vegi að eitthvað yrði tekið á sleðunum sem keyra allt of hægt á þjóðvegum landsins. Við vorum á leið í sund inni í Svínadal í gær þegar við tókum fram úr bíl með tjaldvagn í eftirdragi sem dólaði á fimmtíu kílómetra hraða á klukkustund. Hann var greinilega ekki mikið að flyta sér því hann tók sér tíma til að stöðva bílinn, vinda sér út og skamma okkur fyrir að ausa yfir hann grjóti sem okkur finnst óskiljanlegt að gæti hafa gerst.



Nú nálgumst við Strandirnar en Guðbrandur er ættaður þaðan. Það blundar í mönnum draumur að skella sér í lundaveiði eftir göngu á föstudag en við ætlum þó að biða og sjá hvað veðurfræðingar hafa um það að segja. Kær kveðja, Bjarki og Guðbrandur



GUÐMUNDUR Á LAGERNUM Guðmundur segir mikinn vertíðarbrag á skólabókamarkaðnum og ösin hefjist fyrir alvöru í ágústlok.

Erum bókstaflega á kafi

Á sumrin vill skólafólk gjarnan slaka á og fæstir leiða hugann að námsbókunum ótilneyddir. Það á þó ekki við um starfsfólk Bóksölu stúdenta sem stendur í ströngu þessa dagana við að undirbúa ösina fyrir haustið.

„Við erum bókstaflega á kafi í bókum,“ segir Guðmundur Ingi Markússon, starfsmaður Bóksölu stúdenta en um þessar mundir streyma námsbækurnar inn fyrir haustið. Bóksalan þjónustar flesta háskóla landsins og einstaka framhaldsskóla og mikið mæðir á

starfsfólkinu þessa dagana. Guðmundur Ingi hefur, ásamt öðrum, veg og vanda af því að taka bóka-sendingarnar upp úr kössum og koma þeim haganlega fyrir.

„Varlega áætlað eru þetta um fjörutíu tonn af bókum sem við fáum fyrir haustið,“ segir Guðmundur, sem var í óða önn við að ganga frá stærstu sendingunni til þessa í sumar, þegar blaðamaður sló á þráðinn. „Ég geri ráð fyrir að við fáum um þrjú þúsund titla á ári, þar af tvö þúsund fyrir haustönnuna,“ bætir hann við.

Hver einasti fermetri verslunarinnar er nýttur til hins ýtrasta og eðlisfræðilegum lögmálum nánast storkað til að búa til meira pláss. „Það gera sér ekki allir grein fyrir því að undir versluninni er kjallari sem er þó nokkurt gímal, en við komum fráleitt öllum bókunum

fyrir þar og megum þar af leiðandi ekki láta einustu glufu fara til spillis,“ segir Guðmundur. Starfið reynir þó ekki aðeins á skipulagsgáfu og útsjónarsemi starfsmanna heldur einnig á þrekið, enda þurfa Guðmundur og félagar að bera fleiri tonn fram og til baka eftir löngum göngum og upp og niður bratta stiga. „Jú, þetta er vissulega puð,“ viðurkennir hann „en það er líka ágætt að fá dálitla líkamsrækt í vinnunni.“

Að öðru leyti er rólegt um að litast í Bóksölu, en fyrirhyggju-sömstu stúdentar eru þó byrjaðir að vitja lesefnisins fyrir veturinn. „Það er mikill vertíðarbragur á þessu,“ segir Guðmundur Ingi. „Ösin byrjar í alvöru í lok ágúst og eins gott að hafa allt klappað og klárt í tæka tíð.“

bergsteinn@frettabladid.is



VR MÓTIÐ

Opna VR mótið verður haldið laugardaginn 30. júlí á Grafarholtsvelli. Leikfyrirkomulag mótsins er punktakeppni. Hámarksförgjöf er 24 hjá körlum og 28 hjá konum. Veitt verða verðlaun fyrir 3 efstu sætin í punktakeppni, einnig verða veitt verðlaun fyrir 3 efstu sætin í högggleik.

Verðlaun (með og án forgjafar)

1. sæti: Evrópuferð fyrir tvo með loelandir
2. sæti: 20.000 króna gjafakort frá Nevada Bob
3. sæti: 10.000 króna gjafakort frá Nevada Bob

Nándarverðlaun eru á öllum þrjú holum vallarins. Fyrir mót býður VR keppendum uppá bolta á æfingarsvæðinu í Bási. Verðlaun fyrir flesta punkta kvenna: 20.000 króna gjafakort frá Nevada Bob. Nándarverðlaun 10.000 gjafakort frá Nevada Bob.

Mótgjald er kr. 3.000 fyrir félagsmenn VR og kr. 3.500 fyrir aðra. Skráning hjá GR í síma 585 0210 og á www.golf.is.



Starf okkar
effir
þitt starf

VR

Særingar í kotbýli kuklarans

Sýningin Kotbýli kuklarans á Klúku í Bjarnarfirði opnaði með pompi og prakt á laugardaginn var. Þetta er annar áfangi Galdra-sýningarinnar á Ströndum sem var opnuð fyrir fimm árum á Hólmavík en þriðji áfanginn verður í Trékyllisvík.

„Formaður ferðamálaráðs, Einar Guðfinnsson, opnaði sýninguna formlega. Hann beitti til þess lásagaldri og fór með réttar særingar til að ljúka upp gáttinni,“ segir Sigurður Atlason framkvæmdastjóri Galdrasýningarinnar en vel á annað hundrað manns fylgdust með særingum alþingismannsins.

„Við erum að búa til ímyndaðan heim almúgamanns á sautjándu öld sem hefur staðið í kukli en hann notar galdurinn sem hjálparmeðal í lífsbaráttunni,“ segir Sigurður um efni sýningarinnar. „Við fáum að skyggjast inn í hugarheim fátæka leiguliðans og sjá hvað venjulegt almúgafólk var



GALDRAEGG Á UPPBÓÐI Sigurður Atlason bauð upp galdraegg við opnunina en hænur, sem eru hluti af sýningunni og breytast í tröll á næturnar, höfðu verpt þeim.


að sýsla við þegar kom að galdri,“ segir hann, en sérstök áhersla er lögð á jarðbundna galdra sem miða að því að láta grasið spretta betur, kýrnar mjólka meira og

koma í veg fyrir að menn drukkni í sjó.

Sýningin er opin alla daga frá tíu til sex.

- sgi

TÝNDUR



Lýst er eftir Darra Logasyni. Darri er 185 cm á hæð og með skolleitt hár. Hann hvarf fyrir u.þ.b. fimm mínútum. Síðast þegar heyrðist til Darra var hann að tala við kærustuna sína í síma en þá rofnaði sambandið allt í einu. Hann var í miðri setningu. Hún skilur ekkert hvað hann var að spá. Eru þau ekki örugglega saman ennþá? Er hann kannski ekkert skotinn í henni lengur? **Ef þú sérð Darra, segðu honum að nota SOS næst þegar inneignin klárast.**

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

1400

SOS
LÁTTU VITA AF ÞÉR

SOS LÁN

Við lánum þér 100 krónur ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS LAN** í síma **1400**.

SOS HRINGDU

Láttu hringja í þig ef inneignin klárast. Sendu skilaboðin **SOS símanúmer** (þess sem á að hringja í þig) í síma **1400**.

og

 **vodafone**

Heyrumst!

Mitt kort hjá Landsbankanum



Snorri Engilbertsson
Áhugaleikari



Landsbankinn

410 4000 | landsbanki.is




Farðu inn á landsbanki.is og búðu til þitt **eigið kort**

SVONA ERUM VIÐ

FJÖLDI ÍSLENSKRA NÁMSMANNA
HÉR HEIMA OG ERLendis

Heimild: Hagstofan



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING? SURTSEY

Yngsta eyja í heimi

Fjölmargir fræðingar telja lífríki á Surtsey einstakt rannsóknarefni vegna sérstöðu eyjarinnar og nú fyrir skemmstu lauk leiðangri lífræðinga á vegum Náttúrufræðistofnunar í eyjunni. En hvað er svona sérstakt við þessa eyju?

Hvernig varð Surtsey til?


Árlega dags 14. nóvember 1963 urðu sjómenn frá Vestmannaeyjum varir við reyk sem stóð upp úr sjó á tján kílómetra suðvestur af Heimaey. Sá atburður markar upphaf Surtseyjarelda sem stóðu með stuttum hléum til júnímánuðar 1967. Gosið hefur þó hafist nokkrum dögum áður en sjómennirnir urðu reyksins varir en 130 metra sjávardýpi er á þessum slóðum. Eyjan er nú um það bil einn og hálfur ferkilómetri og fer stöðugt minnkandi.

Er líf í eynni?

Fræ hafa borist sjóleiðis til eyjarinnar eða rekið þangað með öðrum hætti. Til dæmis hafa fræ borist þangað á pétursskipi. Eins hafa fræ borist með vindi og fuglum. Í eyjunni má þannig finna melgresi, bláílíju, grasvíði, túnfífil, sveppi, mosa, sóleyjar og þörungar svo eitthvað sé nefnt. Fjölskrúðugt fuglalíf er í eyjunni en þar má sjá sólskríkju og fyl og mávar eru þar fjölmargir. Lundi hefur verpt tvö ár í röð í eyjunni.

Hvað gerir eyna svo sérstaka?

Eyjan, sem heitir eftir norrænum eldjötni, er einhver yngsta eyja í heimi og gefur ýmsar vísbendingar um myndun og mótun Vestmannaeyja. Jarðfræðingar og lífræðingar hafa



rannsakað eyjuna vel frá upphafi enda varla til betri staðar í heiminum til að rannsaka líf- og landmótun.

Heimild: Heimasíða Surtseyjarfélagsins, www.surtsey.is

SPURT & SVARAÐ
SURTSEY SEM FERÐAMANNASTAÐUR

HIJÁLMAR ÁRNASON Alþingismaður.

Surtsey ferðamannaperla

Deilt hefur verið um það hvort hleypa eigi ferðamönnum til Surtseyjar en Steingrímur Hermannsson, formaður Surtseyjarfélagsins, er því andvígur. Hjálmar Árnason þingmaður hefur látið þetta mál til sín taka.

Á að leyfa ferðamönnum að fara út í Surtsey?

Já, ég tel að það sé tímabært að leyfa ferðamönnum að njóta þessa stórkostlega fyrirbæris sem Surtsey er en þó yrði að gera það undir ströngu eftirliti fræðimanna og annara sem til þekkja. Ég er viss um að margir ferðamenn innlendir sem útlendir vildu ólmir verða vitni að þessu undri og því gæti Surtsey orðið ein skrautfjöldurinn enn í íslenskrum ferðamennsku.

Er þörf á aukinni fræðslu um Surtsey?

Ég tel einnig tímabært að almenningur fái aukna fræðslu um landnám lífvera og alla þessa stórbrotu þróun sem á sér stað í eynni.

Þeir hæfustu lifa af í Surtsey

Eyjan sem reis úr hafi fyrir meira en fjörutíu árum hefur reynst sumum lífverum gjöful og öðrum svikul. En hún er einnig eyja í rénun sem hefur minnkað um helming frá upphafi og útlit er fyrir að hún verði orðin að skeri eftir 160 ár.

FRÉTTASKÝRING
LÍFRÍKI SURTSEYJARJÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
BLAÐAMAÐUR

Fjölmargar lífverur hafa numið land eða skotið upp kolli í Surtsey frá því eyjan reis úr hafi fyrir fjörutíu og einu ári. Sumar dafna vel meðan aðrar verða að hörfa og enn aðrar deyja drottni sínum.

Allt líf í eynni virðist undir lög málinu komið sem kveður á um að hinir hæfustu lifi af. Meira að segja eyjan sjálf verður að berjast við höfuðskepnurnar um tilveru sína.

Á hverju sumri halda jarðfræðingar og lífræðingar út í eyna til að fylgjast með þessari baráttu náttúrunnar á þessari eyju sem er með þeim yngstu í heiminum.

Lífræðingar á vegum Náttúrufræðistofu Íslands hafa nú kynnt helstu niðurstöður leiðangurs sem þeir fóru í dagana 18. til 21. þessa mánaðar.



LAND Í RÉNUN Leiðangursmenn verða varir við breytingar á sjávarhömrum eyjarinnar ár frá ári en sjórinn tekur sinn toll af eynni.

Lundinn orðinn Surtseyingur

Lundinn virðist nýfarinn að treysta bjargi eyjunnar fyrir varpi sínu því hann sást þar fyrst verpa í fyrra og var því töluverð eftirvænting hjá rannsóknarmönnum að sjá hvort hann myndi hafa þann háttinn á einnig í ár. Skemmst er frá því að segja að mönnum varð að ósk sinni og sást sá skrautnefjaði þar með varp sitt og virðist því vera kominn í hóp þeirra fugla sem venji komu sínar í eyna.

Þar með skipar hann sér í ellifu tegunda flokk fugla sem verpa í eynni, að minnsta kosti þetta árið. Lundinn verður að deila bjarginu með fyl, teistu og ritu sem einnig verpa þar.

Máfarnir þrífast vel í Surtsey en einnig verpa þar nokkrir landfuglar eins og snjóttlingur, þúfttittlingur og grágæs.

Borgþór Magnússon gróðurvistfræðingur á Náttúrufræðistofu Íslands segir þá þróun vera mjög merkilega því upphaflega hafi aðeins fuglar sem lifðu á sjávarfangi lifað í eynni. Nú er lífsþróun eyjarinnar hins vegar komin á það stig að hún getur fætt landfugla á lendum sínum.

En fyrir suma getur lífið í eynni verið strit og svo lítur út sem maríuerlan hafi afráðið að reyna fyrir sér annars staðar í ár.

Plöntum fækkar

Sextíu tegundir háplanta hafa fundist í Surtsey frá upphafi en í ár fundu leiðangursmenn aðeins fimmtíu sem eru fjórum færri en í fyrra. Telja lífræðingarnir að sennilega hafi þurrkarnir í vor vegið að lífsskilyrðum plantanna og riðið jafnvel nokkrum tegundum að fullu.

En þær plöntur sem hafa tekið sér bólfestu í eynni dafna ágætlega og er gróðurinn orðinn gróskumikill í hrauninu á suðurhluta eyjarinnar og er farinn að líkjast þeim sem finna má í fuglabyggðum í úteyjum Vestmannaeyja.

Þar ber einnig að líta blóm eins og baldursbrá, tunsúru og túnfífil í blómskrúðinni og þar eru þéttar grasbreiður.

Ólíklegustu sumargestir finnast á eynni

Mikið af fiðrildum var á sveimi í eynni þá daga sem leiðangursmenn héldu þar til. Þar á meðal sáu þeir fiðrildategund sem ekki hefur gert vart við sig þar áður en það er svokölluð jarðygla sem sveimaði yfir höfðum þeirra. Það var þó ekki eini skrautvængjaði nýbúinn sem leiðangursmenn þóttust sjá því stórt erlent fiðrildi var þar einnig á sveimi en gaf þó ekki færi á að láta fanga sig og því eru leiðangursmenn ekki vissir um hvernir tegundar það er en telja þó líklegast að þar hafi verið

svokallað admíralsfiðrildi á ferð. Það hefur sennilegast tekið sér far með vindinum yfir hafið en þessi tegund heldur alla jafna til á meginlandi Evrópu.

Land í rénun

Fyrst eftir að Surtseyjareldar slökkuðu var eyjan tæpir þrjú ferkilómetrar að stærð en nú er hún ekki nema um einn og hálfur. Leiðangursmenn taka eftir stöðugu sjávarrofi sem klípur af hömrunum og umbreyta ásjónu eyjarinnar. Sjávarhamrar taka breytingum ár frá ári.

Guðmundur Guðmundsson tölfræðingur hefur unnið líkan þar sem hann spáir um framtíð eyjarinnar og samkvæmt þeirri spá mun Surtsey verða að skeri eftir 160 ár og einungis móbergskjarni hennar mun standa upp úr sjó. Þó er ekki útlit fyrir að hún fari öll á kaf því víða í kring standa björg upp úr hafi í nágrenni eyjarinnar og hafa gert í þúsundir ára og ekkert sem bendir til þess að bergið í Surtsey geti ekki leikið það eftir. ■



LEIÐANGURSMENN Fræðimenn frá Náttúrufræðistofnun Íslands fylgjast vel með þróuninni í eynni. Hér eru á ferð Erling Ólafsson, María Ingimarsdóttir, Sigurður H. Magnússon, Sturla Friðriksson og Borgþór Magnússon.

DV

Stórfelldur
fíkniefnasali
afplanar á
Sólheimum

Sigurður Rúnar Gunnarson var dæmdur í þriggja og hálfis árs fangelsi en nýtur nú sveitaselunnar á Sólheimum.



Þeirir þegar aðrir þegja!

Ómissandi í ferðalagið



Ali grillkjöt
3 tegundir



30%
afsláttur við
kassa

TILBOÐ

1.049 kr/kg

Merkt verð 1.498,-



**Frábært
verð á
samlokum**

- gildir aðeins út
laugardag

TILBOÐ

128 kr/stk

Verð áður 228,-



TILBOÐ

149 kr/pk

Verð áður 199,-

Pagen kanilsnúðar
- ómissandi í útileguna eða ferðalagið



40%
afsláttur við
kassa

Eldfugl eldaðir kjúklingabitar
- marineraðir og tilbúnir til hitunar á grillinu



TILBOÐ

169 kr/stk

Verð áður 259,-

Lays snakk
- 4 tegundir



20%
afsláttur við
kassa

Cadburys og **Burtons** kex
- fjöldi spennandi tegunda



20%
afsláttur við
kassa

Svali 250 ml. 7 tegundir



TILBOÐ

279 kr/stk

Verð áður 349,-

Kettle chips hágæða ekta
kartöfluflogur

Gildir til 1. ágúst eða á meðan birgðir endast

HAGKAUP

Skemmitilegast að versla

skoðun

SJÓNARMÍÐ
JÓN KALDAL

Aðgerðir náttúruverndarsinna við Kárahnjúka hafa yfir sér yfirbragð mótmæla mótmælanna vegna.

Hefur þetta lið ekkert betra að gera?

Mótmælendur hlekkja sig við tæki og trufla vinnu starfsmanna Impregilo við Kárahnjúkavirkjun, þeir lenda í átökum við lögreglu og skemma vinnuvélar. Eru þetta ekki fréttir sem hefði mátt búast við síðsumars 2003 þegar framkvæmdir hófust við virkjunina fremur en nú, tveimur árum síðar þegar stíflan er komin langleiðina upp á bakka Dimmugljúfra?

Sá fámenni en harðsnúni hópur mótmælenda sem fulltrúar sýslumannsins á Seyðisfirði fjarlægði af vinnusvæði Kárahnjúkavirkjunar í fyrrinótt gerir náttúruvernd á Íslandi lítinn greiða með framferði sínu.

Tíma og orku þessa fólks hlýtur að vera betur varið annars staðar en á hálendinu fyrir austan Vatnajökul. Burt séð frá þeim skoðunum sem maður hefur á framkvæmdunum sem þar standa yfir, liggur í augum uppi að þær verða ekki stöðvaðar úr þessu.

Erfitt er að átta sig á hvað fólkinu gengur til með þessu háttalagi. Hefur það virkilega ekkert betra að gera? Það hljóta að vera aðrar framkvæmdir í undirbúningi á jarðar-kringlunni sem er líklegra að hægt sé að hafa áhrif á með mótmælum en Kárahnjúkavirkjun.

Tíma og orku þessa fólks hlýtur að vera betur varið annars staðar en á hálendinu fyrir austan Vatnajökul. Burt séð frá þeim skoðunum sem maður hefur á framkvæmdunum sem þar standa yfir, liggur í augum uppi að þær verða ekki stöðvaðar úr þessu.

Auðvitað hefur fólk almennt áttað sig á þeirri staðreynd, fyrir utan þær fáu hræður sem hafa dvalist í tjaldbúðum mótmælenda. Það er reyndar hálfgerð ofrausn að kalla tjöldin sem mótmælendur reistu tjaldbúðir. Áform um mannmörg mótmæli og fjölmennar tjaldbúðir hafa brugðist. Fjöldi þeirra sem mest hafa haft sig frammi og farið inn á bannsvæði við virkjunina er rétt um tuttugu manns.

Einn af þeim þremur sem lögreglan handtók í fyrrinótt er maður sem einnig var handtekinn við mótmælaaðgerðir þegar þjóðarleiðtogar átta helstu iðnríkja heims funduðu í Edinborg nú í júní.

Þennan mann má kalla atvinnuómótmælenda sem ferðast um heiminn í leit að mótmælum, líkt og málaliði í leit að stríði. Hann á sér marga kollega sem hafa skilið eftir sig sviðna jörð í Davos, Genúa, Seattle og fleiri stöðum þar sem þeir hafa komið saman og blásið til átaka við lögreglu undir yfirskini mótmælaaðgerða.

Nú er auðvitað langt frá því að nokkuð sé við það að athuga að fólk mótmæli, þvert á móti mættum við Íslendingar oft láta hraustlegar í okkur heyrja í stað þess að tuða hvert í sínu horni þegar okkur ofbýður, en þegar mótmælin virðast eingöngu vera mótmælanna vegna, og eru algjörlega sneydd því að geta haft nokkur áhrif, er betur heima setið.

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p>Ómerkt skrif</p> <p>Pistlar um fjölmiðla sem birtast í Blaðinu eru venjulega höfundarmerktir. Ekki þó á mánudaginn. Kannski er ástæðan sú að þar er fjallað á heldur ómálefnalegan hátt um kunnan fjölmiðlamann, Ingva Hrafn Jónsson. Í tilefni af viðtali við hann í Fréttablaðinu er rífað upp að hann hafi kveðið fast að orði í gagnrýni á Baugsveldið og Gunnar Smára Egilsson meðan hann var á útvarpsstöðinni Sögu. Nú hafi hann kynnst nýrri hlíð á Gunnari Smára og segi hann betri „bisnessmann“ en blaðamann, sem reki Fréttablaðið með hagnaði til að bera uppi „mílljóna tap“ á Talstöðinni.</p>	<p>Vindhani?</p> <p>Orðrétt segir hinn nafnlaus höfundur síðan: „Bisness“ það fyrir Ingva Hrafn, sem þá hefur fengið smá skerf af Baugssilfrinu sem hann taldi nánast af hinu illa meðan hann átti í samkeppni við fjölmiðla Norðurljósa árið 2004. En svona er Ingvi Hrafn bara. Hagar seglum eftir vindum. Vindhani fullur af sleggjudómum um menn og málefni.“</p>
<p>Vill Sigrúna</p> <p>Ekki eru allir sammála því að valið um útvarpsstjóra standi á milli Elínar Hirst og Páls Magnússonar. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir Samfylkingarkona</p>	<p>segir í pistli á heimasíðu sinni í gær: „Mig furðar að í allri fjölmiðlaumfjölluninni um útvarpstjórarstarfið skuli ávallt vera gengið út frá sömu gömlu, úreltu gildunum, – þ.e. „réttu“ flokkskirteini og klikuskap. Þegar ég renni yfir umsækjendalistann sé ég að þarna eru nokkrir sem vel væru að starfina komnir. Einn ber þó af, að öðrum ólöstuðum, hvað varðar menntun, reynslu af rekstri og fjölmiðlastarfi. Það er dr. Sigrún Stefánsdóttir, fyrrverandi fréttamaður og dagskrárgerðarmaður hjá RÚV um árabíl, fv. rektor blaðamannaháskólans í Árósum, fv. yfirmaður og frumkvöðull að fjölmiðlanámi við Háskóla Íslands, svo fátt eitt sé upp talið, og núverandi yfirmaður upplýsingamála hjá norrænu ráðherranefndinni og Norðurlandaráði“.</p> <p>gm@frettabladid.is</p>

Hreinar línur

Það er einn helsti galli á stjórnar- fari lýðveldisins eins og það hefur þróast að kjósendum gefst hvorki kostur á að dæma fráfarandi stjórnendur af verkum sínum né að veita annarri stjórnarstefnu fylgi sitt. Á síðari árum hefur þetta stundum verið orðað svo, að hvað svo sem kjósendur setja ofan í kjörkassann koma þeir Finnur Ingólfsson og Alfréð Þorsteinsson alltaf upp úr honum.

Hvað eftir annað hefur það komið fyrir að Framsóknarflokkurinn hefur beðið afhroð í alþingiskosningum eftir óvinsæla stjórnarsetu, en niðurstaða hrossakaupa í stjórnarmyndunarviðræðum orðið sú, að hann hefur veitt fyrri andstæðingum forystu í nýrri ríkisstjórn.

Reykvíkingar hafa hins vegar borið gæfu til þess undanfarin 12 ár að ganga til borgarstjórnarkosninga þar sem eru hreinar línur. Fram til 1994 höfðu borgarstjórnarkosningar verið happdrætti líkt og alþingiskosningar. Oftast hafði Sjálfstæðisflokkurinn ekki hreinan meirihluta atkvæða, en náði þó meirihluta borgarfulltrúa, vegna óhagstæðrar atkvæðaskiptingar milli andstöðuflokkanna.

Aðeins 1978 unnu andstöðuflokkarnir í happdrættinu og sönnuðu glundroðakenningu Sjálfstæðisflokksins rækilega með endalausum opinberu rífrildi um stöður og stefnumál.

Sjálfstæðisflokkurinn endurheimti því meirihlutann að loknu því kjörtímabili.

Borgarstjóraembættið í Reykjavík er líklegasta valdamesta embætti landsins, hafi kraftmikill borgarstjóri samhentan meirihluta á bak við sig. Allt bendir til að þannig vilji Reykvíkingar hafa það. Og það unga fólk, sem tók höndum saman um stofnun R-listans 1994, leit einnig þannig á málið: kom sér fyrst saman um borgarstjóraefni, Ingibjörgu Sólrúnu, og valdi borgarfulltrúa með henni í tiltölulega opnum prófkjörum. Í þrennum síðustu kosningum hefur því verið kosið

Í DAG
UM R-LISTAFRAMBOÐ

ÓLAFUR
HANNIBALSSON

R-listi með Framsóknarflokkinn innanborðs er því tímaskekkja og raunar stórskadleg stjórnmálaframvindunni í landinu

eftir hreinum línur: Annars vegar R-listann undir forystu Ingibjargar Sólrúnar, hins vegar íhaldið undir breytilegri forystu.

R-listinn byrjaði feril sinn sem tiltölulega heildstæð grasrótarsamtök. Fyrir kosningarnar 1998 var látið í veðri vaka að fljótlega yrðu stofnuð einhvers konar Regnbogasamtök, sem mynduðu bakhjarl við meirihlutann. Málin þróuðust hins vegar á annan veg: Samfylkingin varð til sem yfirborðaflokkur á vinstri kantinum og veitir nú íhaldinu verðuga samkeppni um forystuna í landsmálum, Vinstri grænir hafa sótt í sig veðrið og meðal þeirra eru margir sem vilja neyta krafta sinna sem sjálfstætt afl í borgarmálum, Framsókn hefur hins vegar veslast upp samkvæmt skoðanakönnunum og virðist við það að gufa upp endanlega hér í borginni.

Á sama tíma hafa flokkslínurnar milli aðildarflokka R-listans skerpst. Því fer fjárri að þeir myndi neina heildstæða fylkingu. Þvert á móti er R-listinn orðinn hrossakaupabandalag, þar sem fulltrúar aðildarflokka semja sín á milli um yfirráðin yfir helstu stofnunum borgarinnar og drottna þar eins og

skákonar. Gleggsta dæmið er Orkuveitan undir stjórn Alfréðs Þorsteinssonar. Þar hækkar orkuverðið eftir því sem hlýnar í veðri og eftirspurn eftir heitu vatni minnkar, auk þess sem hún virðist komin í hörku valdasamkeppni við helstu einokunarfyrirtæki ríkisins, Símann og Landsvirkjun (sem þó er sameign borgar og ríkis að mestu). Bruðlið við byggingu höfuðstöðva fyrirtækisins slær líka öll met fyrri valdhafa í minnisvarðabyggingum.

Framganga Framsóknarflokksins á landsvisu á undanförnum 10 árum hefur líka verið með þeim hætti að nauðsynlegt er orðið að fá úr því skorið hvorum megin hryggjar hann liggur, ef eitthvað eimur eftir af honum. R-listi með Framsóknarflokkinn innanborðs er því tímaskekkja og raunar stórskadleg stjórnmálaframvindunni í landinu.

Það þarf líka að vera ljóst fyrir næstu alþingiskosningar að núverandi stjórnarandstaða hyggist ekki ganga til samstarfs í ríkisstjórn undir forystu Framsóknarflokksins, minnsta flokksins í landinu, ef hann verður þá til. Þá þyrfti málum að vera svo komið að kjósendur geti lagt dóm á verk núverandi ríkisstjórnar á liönu kjörtímabili og kosið milli hennar og stefnu stjórnarandstöðunnar undir forystu Samfylkingarinnar. Því hníga öll rök til þess að hlutverki R-listans sé lokið og aðildarflokkar hans spreyti sig á eigin spýtur í kosningum að vori og leggi síðan til atlögu við núverandi ríkisstjórn vorið 2007. Sögulegt afrek R-listans er fyrst og fremst það að sýna fram á að það er möguleiki innan núverandi stjórnkerfis að skapa hreinar línur fyrir kjósendur, þar sem kosningar snúast annars vegar um verk fráfarandi stjórnenda og hins vegar um trúverðuleika þeirrar stefnu sem stjórnarandstaðan hefur fram að færa varðandi verkefni næsta kjörtímabils. Þá – og þá fyrst – hafa kjósendur eitthvað um það að segja með atkvæði sínu hverjir fari með stjórn landsins. Um það snýst lýðræðið. ■

Viðskiptakort einstaklinga

Nánari upplýsingar í síma:

591 3100

afsláttur -1kr

ATLANTSOLIA

Atlantsolia - Vesturvör 29 - 200 Kópavogur - Sími 591-3100 - atlantsolia@atlantsolia.is

Magnús Gylfason rekinn frá KR:


Of seint í rassinn gripið?

Hefði Magnús átt að fá tækifæri til að bjarga því sem bjargað varð hjá KR?

LESTU GREININA Á VISIR.IS OG SEGÐU SKOÐUN ÞÍNA

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSDJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSDJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSDJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSDJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSDJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabankum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

	Sólarupprás	Hádegi	Sólarlag
REYKJAVÍK	4.18	13.34	22.48
AKUREYRI	3.43	13.19	22.52
Heimild: Almanak Háskólans			

FRÉTTABLAÐIÐ

Góðan dag!
Í dag er miðvikudagur 27. júlí, 208. dagur ársins 2005.

KRÍLIN

Mamma mín hengir þvottinn alltaf út á snúru og þar dansar hann bara þangað til hann er alveg orðinn þurr!



- Smáauglýsingar**
byrja í dag á bls. 4
- Flokkar
 - Bílar & farartæki
 - Keypt & selt
 - Þjónusta
 - Heilsa
 - Skólar & námskeið
 - Heimilið
 - Tómstundir & ferðir
 - Húsnæði
 - Atvinna
 - Tilkynningar

PÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is



allt

[ferðir o.fl.]

Samkeppnin hörð í veiðinni
BLS. 3



SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is



Anna Ágústsdóttir ásamt feðgunum Stefáni Grími og Rafni Stefánssyni.

Sá allan heiminn

Anna Ágústsdóttir gekk á Herðubreið í sól og blíðu sem breyttist í ofsarok eftir því sem ofar dró. Hún lét það þó ekki skemma fyrir sér yndislega víðáttuna á drotningu fjallanna.

„Ganga upp á Herðubreið er tímafrek því leiðin er brött og mjög laust í fjallinu. Ég vil ekki segja að þetta sé erfið ganga en það þarf viljafestu til að fara þar upp,“ segir Anna. Hún gekk í fjögurra manna hópi en þau voru einungis annar hópurinn sem hefur gengið á fjallið í sumar.

„Við fórum í sól og góðu vedri. Það var mildur andvari þegar við gengum upp fyrripart leiðarinnar en þegar við vorum komin upp að bergstapanum sem er svona tvo þriðju uppi í fjallinu fór að hvína í berginu. Svo þegar við loksins komum upp stóðum við í hávaðaroki.“

Þegar komið var á hæsta punktinn stóð Anna varla í lappirnar. „Þá er maður líka

kominn í sömu hæð og litlar rellur eru að fljúga í. Þótt það væri fallett veður var kælingin örugglega ekki minni en tíu gráðu frost og við fengum naglakul,“ segir Anna. Hún virtist þó ekki hafa kippt sér mikið upp við naglakulið enda kannski hálfkjánalegt að fást um það þegar útsýni eins og ofan af Herðubreið blasir við manni.

„Við sáum Dyrfjöll í austri, Kverkfjöll í suðri og yfir á fjöllin í Húsavík. Það var mjög tært og manni fannst maður sjá allan heiminn,“ segir Anna. Þegar þau voru búin að drekka kakó uppi á toppi Herðubreiðar hróktust þau undan vindinum. Niðurleiðina renndu þau sér mikið í snjó en lentu þó í dálitlum erfiðleikum með að finna réttu leiðina sem er að sögn Önnu ekki nógu vel merkt.

Þegar allt kemur til alls segir Anna að það hafi verið margfalt þess virði að leggja á sig gönguna. „Bæði er sigurgleðin æðisleg þegar gangan er afstaðin og verðlaunin þarna uppi eru að hafa alla þessa víðáttu. Hún er yndisleg.“

annat@frettabladid.is

LIGGUR Í LOFTINU í ferðum

Ferðafélag Íslands býður upp á öðruvísi skemmtun um verslunarmannahelgina, gönguferð í Hlíðuvík á Hornströndum. Ferðin hefst á laugardagsmorgun 30. júlí með siglingu frá Ísafirði og þaðan er siglt til Hlíðuvíkur þar sem er dvalið fram á þriðjudag 2. ágúst. Ferðin kostar 23 þúsund krónur og er sigling, gisting og fararstjórn innifalinn í því ferði.

Þjóðgarðurinn á Snæfellsjökli býður upp á barna- og fjölskyldustund á Arnarstapa milli klukkan ellefu og tólf á laugardaginn. Landverðir rannsaka náttúruna með börnunum,

segja sögur og fara í leiki. Stundin er sérstaklega ætluð börnum á aldrinum sex til tólf ára. Hist verður við veitingahúsið Arnarbæ.

Icelandair hefur gefið út nýjan haust- og vetrarbækling sem ber heitið Hugurinn ber þig hálfra leið. Í honum er að finna margar spennandi ferðir, hvort sem verið er að leita að borgarferðum, golf ferðum eða sólarferðum í vetur. Hægt er að nálgast bæklinginn á heimasíðu Icelandair.




ferdir@frettabladid.is

Kafbátur mánaðarins

Skinkubátur

...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða

Vertu skynsamur, vertu hjartagóður.

7 SUBWAY kafbátar með 6 grömm af fitu eða minna

6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 499



SUBWAY

Gildir í júlí 2005
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjórnumáli

Vasaljós

Það er farið að dimma á nóttunni og því er vasaljósíð þarfabing í allar útilegur það sem eftir er sumars. Það er leiðinlegt að vakna um miðja nótt í dimmu tjaldi og þurfa að leita að einhverju í farangrinum. Eins getur ferð á kamarinn í niðamyri orðið ansi draugaleg ef vasaljósíð er ekki með í för.



FOSTERS: Styður Formúluna áfram

Tilvalinn bjór í ferðalagið.



Formúla 1 kappaksturinn geisar nú í Evrópu og um helgina var keppt í Þýskalandi. Allt er að ganga upp hjá Renault – Alonso bar sigur úr ýtum eftir að bíll Raikkonen bilaði í annað sinn á þessu keppnistímabili. En eiginlegur sigurvegari helgarinnar hlýtur að teljast Montoya, sem hóf keppni í tuttugasta sæti en lauk keppni í öðru sæti eftir glæsilega frammistöðu.

Ekki eru úrslitin enn ráðin, en þó er allt útlit fyrir hörkusamkeppni á milli Renault og MacClaren. Að sjálfsögðu heldur Fosters áfram að styðja Formúluna með stórlækkuðu verði en bjórinn er einn ódýrasti 5% bjórinn í Vínúðunum.

Verð í Vínúðum 169 kr.



Helga er myndlistarkona, búsett í Danmörku. Hún er með sýningu á verkum sínum í Gallerí Ófeigs.

Stóðust prófið í „prufu“-brúðkaupsferðinni

Eftirminnilegasta ferðalag Helgu Benediktsdóttur myndlistarkonu var fyrir 18 árum þegar hún fór akandi með kærastanum á Citroenbragga frá Danmörku til Spánar. Ferðin var farin til að láta reyna á sambandið.

„Ég var í námi í Danmörku á þessum tíma, einstæð móðir með tvö börn,“ segir Helga. „Það var ekki um neinn helgarpabba að ræða þannig að börnin voru hjá mér allan sólarhringinn, alltaf. Kærastinn minn, Henning, er einkabarn og sjö árum yngri en ég svo mér fannst þetta mikið ójafnvægi. Þegar börnin fóru til Íslands í mánuð ákváðum við að fara í ferðalag og láta reyna almennilega á sambandið. Planið var jafnvel að fara alla leið til Marokkó.“

Helga og Henning lögðu af stað á gamla Citroenbragganum og óku til Spánar með viðkomu á mörgum spennandi stöðum. „Bíllinn var ekki upp á marga fiska en það eina sem klikkaði var þúströrið. Þá vorum við stödd í Kastel í Þýskalandi en kærastinn minn sem er „alt mulig mand“ notaði bjórdósir, teygjuband og kíttil til að laga þústið. Það sló ekki feilpúst eftir það,“ segir Helga hlæjandi. „Við stoppuðum í fimm daga á frönsku Riverunni, fórum svo til Andorra en flúðum því það var eins og eitt allsherjar „Hagkaup“, allir að versla, sem var ekki alveg okkar deild. Svo vorum við nokkra daga í yndislegu þorpi á Norður-Spáni og fórum sem leið lá yfir fjallgarðinn í áttina til Bilbao. Þar gerðum við skelfileg mistök því við fórum alltaf alltof seint að sofa og seint á fætur og vorum svo að keyra á heitasta tímanum á daginn. Ég

hélt við myndum deyja úr hita.“ Það sem skipti þó meginmáli fyrir Helgu og Henning var að ferðalagið sannaði fyrir þeim ágæti sambandsins. „Það kom í ljós að við bættum hvort annað upp, hann var sterkur þar sem ég var veikari fyrir og öfugt. Við giftum okkur þó ekki fyrr en í fyrra, sautján árum seinna.“ Þau hjón eru búsett í Danmörku þar sem Helga starfar sem myndlistarmaður. „Ég er líka að kenna myndlist, aðallega fólki sem hefur átt um sárt að binda. Þetta fólk kemur kengbogíð til mín í upphafi námskeiðs en gengur svo hnarreist út að námskeiði loknu. Það er ég ákaflega ánægð með,“ segir Helga, sem er á Íslandi í tilefni giftingar dóttur sinnar og notar tækifærið til að sýna listaverkin sín í Gallerí Ófeigs á Skólavörðustíg. Sýning Helgu stendur til 11. ágúst.

edda@frettabladid.is

Básar í Goðalandi
Útivistarparadís í skjóli jökla og stórkostlegu landslagi. Fjölskyldustemning um verslunarmannahelgina og varðeldur á laugardagskvöld. Frábær tjaldstæði og góð aðstaða.

ÚTIVIST
Lagðu lend umir frá með okkur
Laugavegi 178, sími 562 1000
www.utivist.is

Bolholt GUESTHOUSE

Gistiheimili Studio íbúðir

Bolholt 6
105 Reykjavík
Sími: 517-4050

AQUIS handklæði í ferðalagið

Í bakpokann, ferðatöskuna, sundið, líkamsræktina ofl.
Taka lítið pláss, létt, þurrka vel, þorna fljótt, alltaf mjúk.

Dreifing: Daggir s: 462-6640
www.daggir.is

Gleraugnaverslunin Sjónarhóll

Líklega hlýlegasta og ódýrasta gleraugnaverslun norðan Alpafjalla

Reykjavíkurvegi 22, Hafnarfirði
565-5970
www.sjonarholl.is

frumkvöðull að lækun gleraugnaverðs á Íslandi

Hlaupið yfir ár og fjöll

BARÐSNESHLAUP VERÐUR HLAUPIÐ NÆSTA LAUGARDAG. UM ER AÐ RÆÐA 27 KÍLÓMETRA VIÐAVANGSHLAUP UM ÓBYGGÐIR OG EYÐIARÐIR VIÐ NORÐ-FJARÐARFLÓA.

Undanfarin ár hafa nokkrir vaskir menn á Austurlandi staðið fyrir 27 kílómetra viðavangshlaupi um eyðibygðir við Norðfjarðarflóa. Hlaupið er frá Barðsnesi, sunnan Norðfjarðarflóa, til Neskaupstaðar.

Keppendur verða ferjaðir frá Neskaupstað til Barðsness og ræstir þar. Frá Barðsnesi er hlaupið meðfram ströndinni yfir móa, mýrar, fjörur, ár og tún um firðina þrjá sem ganga inn úr flóanum: Viðfjörð, Hellsfjörð og Norðfjörð. Fyrstu kílómetrana er gamall traktorsruðningur, þá taka við kinda- og hestagötur en síðustu kílómetrana er hlaupið eftir þjóðvegnum. Hlaupinu lýkur á torginu við sundlaugina í Neskaupstað.

Rúnar Gunnarsson er einn skipuleggjandanna og hann segir að hlaupið sé mikið ævintýri. „Þetta er erfið leið og hæðarmunurinn er ansi mikill. Við höfum verið með mikið af alvöru hlaupurum en núna erum við að reyna að fá fleiri skokkara í hópinn. Þess vegna störtum við hópnum í tvennu lagi. Þeir sem ætla sér að fara hægur yfir leggja af stað klukkan 10 um morguninn en hinir klukkan 11,“ segir Rúnar sem á von á góðu hlaupi. „Þetta hafa verið svona í kringum 30 hlauparar undanfarin ár og við vonumst til að toppa það.“

Nánari upplýsingar um hlaupið má nálgast á heimasíðu hlaupsins: www.islandia.is/bardsneshlaup. Þar er einnig hægt að skrá sig til leiks.

Farfuglaheimilið fær gæðavottun

FYRST FARFUGLAHEIMILA Á NORÐURLÖNDUM.

Farfuglaheimilið í Reykjavík fékk í síðustu viku afhenta vottun á gæðum í aðbúnaði og þjónustu. Gæðavottunina veitir alþjóðasamband farfuglaheimila og er farfuglaheimilið eitt af fyrstu tólf heimilunum sem fá slíka vottun og það fyrsta á Norðurlöndum, eftir því sem fram kemur á heimasíðu Ferðamálaráðs.

Viðurkenningin sem heimilið í Laugardalnum fékk er hluti af sérstöku tilraunaverkefni en öll farfuglaheimili í alþjóðasamtökunum þurfa að uppfylla lágmarksstaðla í aðbúnaði. Farfuglaheimilinu var boðin þátttaka í hópi tólf ólíkra farfuglaheimila til að vinna að auknum gæðum.

Rúmlega fimm þúsund farfuglaheimili starfa á vegum alþjóðasambands farfuglaheimila og eru í sextíu löndum.



VEIÐISUMARIÐ með Stefáni Jóni Hafstein

VEIÐIFRÉTTIR Í SAMSTARFI VIÐ FLUGUR.IS

Samkeppnin er hörð!

Óbyggðirnar heilla og margir veiðimenn nota tækifærið þessa fráþæru blívíðisdaga til að ganga á vit móður náttúru. Það minnir örlítið á veiðiferð á Hornstrandir að fara í Héðinsfjörð að veiða. Fólk fer þangað gangandi á 2-3 tímum – eða það siglir frá Ólafsfirði á hálf tíma. Við á flugur.is heyrðum í einum sem var í Héðinsfirði um síðustu helgi. Hann fór með báti og hafði með sér „jullu“. Julla er lítill gúmmabátur sem menn draga yfir eiðið og sigla síðan á upp allt vatnið að ánni sem fellur í það við botn fjarðarins. Ég held að við höfum kannski verið aðeins of snemma á ferðinni. Mér kæmi ekki á óvart þótt það yrði bullandi veiði þarna um mánaðamótin. Við tveir fengum „bara“ 25 bleikjur á einum degi. Þetta var ekta sjóbleikja. 1-2 pund.

Á sama tíma var fjölmennt í Veiðivötnum en þar var slík rjúmabliða að varla getur orðið betra – til náttúruskoðunar, en veiði lét á sér standa í 25 stiga hita, logni lengstum dags og með skafheiðan himin undir júlísól. Samkeppnin um hylli urriða var mikil því veiðimenn sem köstuðu straumflugum máttu horfa upp á hvílíka hornsilamergð sem sveimaði með ströndum og má rétt ímynda sér hve auðvelt lífið var fyrir urriða þessa daga að háma í sig feit sílin. Sum voru með ólíkindum stór! Ég náði sjálfur aðeins einum vænum urriða, 4 punda, en nokkuð var um smærri. Veiðin í vötnunum hefur verið góð í sumar, komnir langt í ellefu þúsund fiskar á land og margir vænir í bland.

Betri var veiðin hjá einum á urriðasvæðinu í Mývatnsveit: „Hofstaðaei var langbest. Við fengum 21 fisk þar á einni vakt og þeir voru allir af stærri gerðinni,“ sagði kunningi okkar. „Já, þetta var svona 3-4 pund en sá stærsti var 58 sm og ég tímdi ómögulega að drepa hann. Hann var svo fallegur að ég gat ekki annað en glaðst þegar hann synti úr lófa mínum aftur út í hylinn.“

Þessi pistill kemur úr Breiðdalnum þar sem menn

ræða hvort eld-islaxinn sé farinn að gera sig heimankominn í ánni. Þróstur Elliðason segist hafa séð þá eld-islaxalega og eru skrokkarnir komnir í rannsókn. Engan skyldi undra: Fiskar hafa veiðst áður í Breiðdalsá frá eld-inu. Þar er nú veiði mun betri en á sama tíma



Hornsílin í Veiðivötnum veita flugum veiðimanna harða samkeppni, þau eru ríkulegt fæðuframboð fyrir urriða sem láta sig þá flugurnar litlu varða.

í fyrria en fiskur dreifir sér ekki mikið enn, heldur sig á neðri svæðum. Hér lenti einn náungi í að setja í „draumafisk“ sem sýndi sínar bestu hliðar, og heldur svakalegar þegar hann sneri sér með Undertaker í kjafinum, risafiskur sem reif út línuna og mikil spennu í loftinu. Allt gekk eins og í sögu þar til fiskurinn stóri tók feiknaroku, dró út megnið af línunni og hjólið söng og hvein, þegar allt í einu kom lykkja á línuna inni á hjólinu, allt stóð fast og fiskurinn þeyttist burt með fluguna! Sem minnir á heilræði vikunnar: Ef ekki hefur verið tekið út af hjólinu lengi borgar sig að draga alla flugulínuna út og kanna hvort hnúturinn sem tengir við undirlínu heldur. Þeir vilja gefa sig! Og alltaf skyldi maður treysta tauminn í upphafi veiðivaktar. Það er ótrúlegt hve girnið virðist gefa eftir við notkun, særist eða brennur, og sárt að missa fisk vegna þess að maður vanrækir svo einfaldan hlut eins og að treysta tauminn eða skipta. Ef menn ætla með börn að veiða um helgina legg ég til að hjólið og girnið sé skoðað áður en lagt er af stað, og best er að fara bara í góða veiðibúð og fá nýtt girni, krullubingur er það versta sem ungir veiðimenn fá í hönd þegar eftirvænting er mikil.

Veiðikveðja, Stefán Jón.

Fleiri veiðifrétir daglega og heilræði við veiðar á www.flugur.is; Flugufrétir koma alla föstudaga í tölvupósti til áskrifenda á flugur.is með ítarlega umfjöllun um allt sem varðar veiðiskap í sumar.

SMIRNOFF TWISTED: Helmingi sykurminni

Víngos í ferðalagið. Hægt að velja um þrjár bragðtegundir.

Smirnoff hefur nú sett á markað nýja viðbót við Smirnoff víngosfjölskylduna sem er Smirnoff Twisted og er létt kolsýrt og kristaltært víngos með mjúku ávaxtabragði. Smirnoff Twisted fæst í þremur bragðtegundum. Tropical sem er ferskt og léttkolsýrt með mangó- og

passionbragði. Apple sem er ferskt og með eplabragði. Berry sem er ferskt og mjúkt með berjabragði.

Smirnoff Twisted hefur fengið afar góðar viðtökur bæði í Bandaríkjunum sem og í Evrópu og þykir henta vel lífstíl yngra fólks þar sem drykkurinn er helmingi sykurminni en sambærilegir drykkir og hentar jafnt körlum sem konum. Smirnoff Twisted er léttur og bragðgóður drykkur sem hentar við öll tækifæri og er góð tilbreyting frá bjór og sykurmeiri víngosum sem eru á markaðnum hér á Íslandi. Smirnoff Twisted fæst á öllum helstu börum og skemmtistöðum í Reykjavík. Enn sem komið er er Smirnoff Twisted aðeins fáanlegt í vínbúðunum Heiðrúnu og Kringlunni.

Verð í Vínbúðum 299 kr.



Kola- eða gas-grill í ferðalagið eða heima.

JARN&GLER

Járn og gler ehf - Skútuvogur 1H
Barkarvogsm. - www.weber.is



Flottur pallur er kominn við hliðina á Kaupfélaginu. Þar er fint að drekka kaffið sitt.

Gott start á Bíldudals grænum baunum

Tveir ungir athafnamenn hafa opnað gistiheimili og veitingastofu í gamla kaupfélags-húsinu á Bíldudal. Það heitir einfaldlega Kaupfélagið.

„Við byrjuðum með reksturinn á bæjarhátíðinni okkar, Bíldudals grænum baunum og fengum gott start,“ segir Jón Hákon Ágústsson vert sem stendur innan við af-



Herbergin eru heimilisleg.

greiðsluborðið í Kaupfélaginu. Félagi hans, Björn Magnús Magnússon er hins vegar úti á sjó að draga björg í bú og þá er átt við þjóðarbúið. Reyndar segir Jón Hákon að til standi að hafa fisk á matseðlinum í Kaupfélaginu innan tíðar en eins og er eru pizzur og fleiri smáréttir þar í aðalhlutverki. Svo er kaffi og meðlæti á boðstólum og morgunverður er á borðum fyrir næturgesti. En hversu margir geta gisti? „Hér er pláss fyrir 27 manns í allt, 23 í upp-ábúnum rúmum og fjóra í svefn-pokapláss,“ svarar Jón Hákon og bætir því við að næsta vetur verði

nokkrar endurbætur gerðar á svefnálmunni.

Þegar nánar er grennslast um uppruna vertisins kemur í ljós að hann á rætur í plássinu og flutti heim fyrir nokkrum árum. „Ég bjó í Reykjavík og starfaði í Húsasmíðjunni í allmörg ár. Svo langaði mig vestur aftur og hef ýmist verið á sjó með Magnúsi eða verið verkstjóri í frystihúsinu,“ segir hann brosandí. Nú hefur hann heldur betur söðlað um með kaupunum á Kaupfélaginu. Með þeim pakka fylgdu kaffibrennslugræjur og Jón Hákon segir þá félagi hafa hug á að nýta sér þær í náninni framtíð og bjóða uppá sérstakt Kaupfélagskaffi. „Það er verst að hvorugur okkar hefur getað vanið sig á að drekka kaffi ennþá. Það háir okkur svolítið!“ segir hann hlæjandi að lokum. Þess má geta að síminn í Kaupfélaginu er



Jón Hákon kann vel við sig í afgreiðslunni.

4562100 og er undir nafninu Lokinhamrar í símaskránni en það er heiti á fyrirtæki þeirra féлага.

gun@frettabladid.is

Upplifðu Ísland með Iceland Excursions Allrahanda



Við aðstoðum við skipulagningu á hvataferðum, óvissuferðum, íþróttiferðum, starfsmannaferðum o.fl. Ekkert er of stórt eða of smátt fyrir okkur.

Gerum góð tilboð í allar hópferðir

Hafðu samband í síma 540 1313 eða í gegnum tölvupóst iea@iea.is

ie Icelandexcursions Allrahanda



Höfðatún 12 · 105 Reykjavík · Sími 540 1313 · Fax 540 1310 · www.allrahanda.is · iea@iea.is

allt - sem þig vantar

[ALLAR SMÁAUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á visir.is]

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Opel Astra 1.2 nýskr. 06/01 bsk. Ek. 82 þús. km. Verð 970.000. Tilboð 650.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra nýskr. 07/99 bsk. Ek. 125 þús. km. Verð 830.000. Tilboð 550.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy nýskr. 03/96 bsk. Ek. 173 þús. km. Verð 650.000. Tilboð 450.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra nýskr. 03/00 ssk. Ek. 96 þús. km. Verð 1.030.000. Tilboð 740.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra 1.6 nýskr. 06/98 ssk. Ek. 126 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 530.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy nýskr. 01/98 ek. 141 þús. km. Verð 890.000. Tilboð 690.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Corsa 1.4 Swing nýskr. 04/98 bsk. Ek. 108 þús. km. Verð 530.000. Tilboð 370.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Opel Vectra 1.6GL nýskr. 06/98 ssk. Ek. 113 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 570.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra nýskr. 05/98 ssk. Ek. 110 þús. km. Verð 550.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Renault Master nýskr. 05/00 bsk. Ek. 179 þús. km. Verð 1.180.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Kia Pride nýskr. 12/00 bsk. Ek. 34 þús. km. Verð 490.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Renault Kangoo nýskr. 02/02 bsk. Ek. 77 þús. km. Verð 890.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra Comfort nýskr. 08/03 ssk. Ek. 30 þús. km. Verð 2.050.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Mitsubishi Space Wagon nýskr. 02/00 ssk. Ek. 116 þús. km. Verð 1.040.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Honda Accord executive nýskr. 02/05 ssk. Ek. 7 þús. km. Verð 2.990.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Almera Visia nýskr. 05/03 bsk. Ek. 50 þús. km. Verð 1.190.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Impreza GL nýskr. 01/00 ssk. Ek. 111 þús. km. Verð 950.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Volkswagen Vento Gli nýskr. 08/96 ek. 98 þús. km. Verð 520.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Kia Carnival nýskr. 04/02 ssk. Ek. 39 þús. km. Verð 1.750.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Terrano Luxury nýskr. 07/03 ssk. Ek. 45 þús. km. Verð 3.150.000. Tilboð 2.850.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Chevrolet Suburban nýskr. 10/92 ek. 225 þús. km. Verð 970.000. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Renault Megane Classic nýskr. 03/02 ek. 51 þús. km. Verð 1.180.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.2 nýskr. 06/02, bsk. ek. 69 þús. km. Verð 1.040.000. Tilboð 820.000 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Chrysler Stratus nýskr. 03/99, ssk. ek. 76 þús. km. Verð 990.000. Tilboð 760.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Mitsubishi Lancer nýskr. 06/99, bsk. ek. 127 þús. km. Verð 780.000. Tilboð 560.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Suzuki Baleno stv 4x4 nýskr. 05/97 bsk. ek. 170 þús. km. Verð 480.000. Tilboð 330.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Astra 1.6GL nýskr. 03/98 ssk. ek. 104 þús. km. Verð 550.000. Tilboð 340.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Alfa Romeo nýskr. 09/03, bsk. ek. 30 þús. km. Verð 2.720.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Infiniti FX35 nýskr. 06/04, ssk. ek. 9 þús. km. Verð 4.970.000. 100% Lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Forester CS nýskr. 06/02, ssk. ek. 60 þús. km. Verð 1.620.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Jeep Cherokee Laredo nýskr. 07/91, ssk. ek. 118 þús. km. Verð 470.000 Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Terrano Luxury nýskr. 10/00, bsk. ek. 83 þús. km. Verð 2.150.000 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Terrano II SE nýskr. 06/96, bsk. ek. 169 þús. km. Verð 790.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Subaru Legacy Outback H6 nýskr. 11/01, ssk. ek. 74 þús. km. Verð 2.520.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Primera Elegance nýskr. 05/00, ssk. ek. 64 þús. km. Verð 1.030.000 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Notaðir bílar



Mikið úrval tilboðsbíla á staðnum allt að 400.000 afsl. 100% lánmöguleikar



Suzuki Jimny nýskr. 04/99, bsk. ek. 100 þús. km. Verð 770.000. Tilboð 590.000 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Almera Acenta nýskr. 06/04, ssk. ek. 31 þús. km. Verð 1.590.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Corsa 1.2 nýskr. 05/00, bsk. ek. 51 þús. km. Verð 480.000. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Peugeot 406 nýskr. 06/01, bsk. ek. 72 þús. km. Verð 1.180.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra 1.6 GL nýskr. 04/01, ek. 99 þús. km. Verð 1.020.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Opel Vectra Comfort nýskr. 12/03, ek. 8 þús. km. Verð 1.820.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Nissan Almera Visia nýskr. 05/03, ek. 66 þús. km. Verð 1.170.000. Tilboð 1.025.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.



Land Rover Freelander nýskr. 06/99, ek. 105 þús. km. Verð 980.000. 100% lánmöguleikar. Hafid samband við söluráðgjafa okkar í síma 525 8020.

Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.
Sími: 525 8000
www.ih.is

ATH.
Sex stærstu lífeyrissjóðirnir með halla

Hækkandi lífslíkur og aukin tíðni örorku valda því að framtíðarstaða þeirra versnar. Lífeyrissjóðir vilja að ríkisvaldið taki á sig vaxandi byrði sjóðanna vegna meiri örorku.

Eggert Þór Aðalsteinsson skrifar

Tryggingarfræðileg staða stærstu lífeyrissjóða landsins versnaði á síðasta ári þrátt fyrir að raunávöxtun hafi verið yfir tíu prósent annað árið röð. Hreinar eignir hrukku ekki fyrir heildarskuldbindingum hjá sex stærstu lífeyrissjóðum landsins undir lok síðasta árs.

Eftirtaldir lífeyrissjóðir úr hópi þeirra tíu stærstu eru reknir með halla: Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (A- og B-deild), Lífeyrissjóður verzlunarmanna, Gildi lífeyrissjóður, sem varð til við sameiningu Lífeyris-

HREIN EIGN UMFRAM HEILDARSKULDBINDINGAR HJÁ 10 STÆRSTU LÍFEYRIS-SJÓÐUM LANDSINS Í LOK ÁRS 2004

Lífeyrissjóður	Heildarstaða
LSR	-3,5% *
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	-5,9%
Lífeyrissjóðurinn Framsýn	-7,3% **
Lífeyrissjóður sjómanna	-2,7% **
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	-9,2% ***
Lífeyrissjóður Norðurlands	-5,0%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	+3,6%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	-2,0%
Almenn lífeyrissjóðurinn	+12,2%
Lífeyrissjóðurinn Lífið	+3,8%

* A - deild (B-deildin var með 60,5% halla)
** Sameinuðust í Gildi lífeyrissjóð þann 1. júní s.l.
*** Stigadeild (aldurstengda deildin var með 2,7% halla)

sjóðsins Framsýn og Lífeyrissjóðs sjómanna, Sameinaði lífeyrissjóðurinn, Lífeyrissjóður Norðurlands og Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda.

Aðeins Frjálsi lífeyrissjóðurinn, Almenni lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóðurinn Lífið eiga fyrir heildarskuldbindingum sínum.

Tryggingarfræðileg staða lífeyrissjóða hefur versnað á síðustu árum þrátt fyrir gott árferði og er tvennt talið skýra þessa þróun.

Annars vegar hefur meðalævi Íslendinga lengst. Meðalævi 65 ára karla hefur á síðustu þremur áratugum lengst úr fimmtán árum í 17,7 ár en úr 17,8 árum í 20,5 ár hjá konum. Leiðir þetta til þess að heildarskuldbindingar lífeyrissjóðanna hafa hækkad um tæp fimm prósent frá árinu 1999.

Í öðru lagi hefur örorkubyrði lífeyrissjóðanna aukist á undanförunum árum. Eftir að Landsamtök lífeyrissjóða létu tryggingarstærðfræðinga útbúa nýjar örorkutöflur kom í ljós að verulegt vanmat var að ræða á örorkutíðni. Hefur það valdið hækkun á heildarskuldbindingum lífeyrissjóðanna.

Friðbert Traustason, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, segir að staða lífeyrissjóðanna sé þrátt fyrir þetta góð, enda eigi þeir vel fyrir áföllnum skuldbindingum.

Örorkubyrðin leggst mismun-



FRIÐBERT TRAUSTASON, FORMAÐUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRIS-SJÓÐA Framtíðarstaða lífeyrissjóðanna hefur versnað á síðustu árum vegna hækkandi örorkutíðni og hærri meðalaldurs. Sjóðirnir vilja að ríkisvaldið taki meiri þátt í örorkugreiðslum.

andi á sjóði. Hún sé meiri hjá þeim sjóðum þar sem sjóðsfélagar eru líklegir til að vinna erfiðisvinnu og því hafi tryggingarfræðileg staða þessara sjóða versnað umfram aðra.

„Við viljum ræða við ríkisvaldið um skynsamlega lausn á þessu máli. Aðalhlutverk lífeyrissjóðanna er að greiða eftirlaun. Tryggingarþátturinn má ekki verða til þess að gangi á efnahag sjóðanna þannig að skerða þurfi lífeyrisréttindi,“ segir Friðbert og tekur það skýrt fram að það sé alls ekki ætlun sjóðanna að draga úr stuðningi við öryrkja.

spron
VERÐBRÉF

– leið til árangurs

SPRON Verðbréf bjóða upp á fimm verðbréfasjóði. Sérfræðingar SPRON Verðbréfa aðstoða þig við að velja bestu fjárfestingarnar – enda er markmiðið að ná hámarksárangri með lágmarksáhættu.





SUMARHÚSAVÖRN

Sumarhúsavörn Securitas er þráðlaust öryggiskerfi, hannað með þarfir sumarhúsaeygnda í huga.

Aðeins 2.980 kr. á mánuði.

Sími: 580 7000 • www.securitas.is



ÚTRÁSARVÍSITALA 111,66 -0,81%

Fyrirtæki	Land	Gengi	Gjaldmiðill	(Gengi gjaldmiðils)	Breyting
BTC	Búlgaría	11,53	Lev	39,82	-2,64%
Carnegie	Svíþjóð	86,00	SEK	8,29	-5,57%
Cherryföretag	Svíþjóð	28,60	SEK	8,29	-7,03%
deCode	Bandaríkin	9,56	USD	64,71	-1,77%
EasyJet	Bretland	2,60	Pund	112,61	-2,64%
Finnair	Finnland	7,21	EUR	78,09	-0,07%
French Connection	Bretland	2,55	Pund	112,61	-1,14%
Intrum Justitia	Svíþjóð	54,25	SEK	8,29	-2,97%
Low & Bonar	Bretland	1,03	Pund	112,61	-4,93%
NWF	Bretland	4,68	Pund	112,61	0,26%
Sampo	Finnland	12,35	EUR	78,09	-0,76%
Saunalahti	Finnland	2,50	EUR	78,09	-0,36%
Scribona	Svíþjóð	13,80	SEK	8,29	-3,28%
Skandia	Svíþjóð	44,40	SEK	8,29	1,56%

Miðað við gengi bréfa og gjaldmiða á mánudag

Ekkert lát á hagvexti í Kína

Hagvöxtur í Kína hefur verið 9,5 prósent það sem af er ári.

Hagvöxtur í Kína var 9,5 prósent fyrstu sex mánuði þessa árs og er það talsvert meira en spárgerðu ráð fyrir. Munaði þar mestu um aukinn útflutning og gríðarlegar byggingaframkvæmdir í landinu.

Yfirvöld í Kína hafa undanfarið reynt að hægja á hagvexti í landinu af ótta við að upp úr sjóði og verðbólga fari úr böndunum. Hafa stjórnvöld meðal annars gert aðgengi að lánum erfiðara og úthlutað sveitastjórnnum minna fé til fram-

kvæmda en áður. Frá upphafi efnahagskraftaverksins svokallaða, fyrir 27 árum, hefur hagvöxtur í Kína verið að meðaltali 9,4 prósent á ári.

„Við verðum að reyna að hægja aðeins á vexti í landinu, annars er hætt við að illa fari,“ sagði Yiping Huang hjá Citigroup í Hong Kong. Zheng Jingping hjá Hagstofu þeirra Kínverja var þó ekki sammála Huang: „Ég held að við eigum að leggja allt kapp á áframhaldandi hagvöxt. Atvinnuleysi í landinu



FRÁ KÍNA Kínverska hagkerfið heldur áfram að vaxa þrátt fyrir að stjórnvöld hafi undanfarið reynt að hægja á hagvexti.

er lítið og þannig verður það að vera áfram ætluð við okkur að ná ríkari þjóðum heimsins.“ -jsk

Wal-Mart tvöfaldar í Kína

Bandaríska smásölukeðjan Wal-Mart hyggst tvöfalda verslanafjölda sinn í Kína og stefnir að því að reka 90 útibú í landinu fyrir lok árs 2006.

Wal-Mart rekur nú 43 búðir í Kína sem er aðeins brot af þeim fimm þúsund Wal-Mart verslunum sem eru í heiminum. Árið 2004 jókst sala Wal-Mart í Kína um 31 prósent og var tæpir 60 milljarðar króna.

„Við búumst við tveggja stafa vexti á þessu ári“, sagði Lawrence Lee svæðisstjóri Wal-Mart í austurhluta Kína. -jsk

Deila flugvélarisa í hnút

Bandaríkin og Evrópusambandið mætast fyrir dómstóli WTO. Ásakanir um ólögleg markaðsinngríp ganga á víxl. Gríðarlegir hagsmunir eru í húfi.

Jón Skaftason
skrifar

Alþjóðaviðskiptastofnunin (WTO) hefur hafið rannsókn á viðskiptaháttum flugvélarisanna tveggja, hins bandaríska Boeing og hins evrópska Airbus.

Fyrirtækin tvö hafa marga hildi háð, ásakanir um vafasama viðskiptahætti ganga á víxl og hafa bæði Bandaríkjastjórn og Evrópusambandið skorast í leikinn. Boeing saka Airbus um að njóta óhóflegra styrkja frá Evrópusambandinu en Airbus-menn segja Boeing-liða engu betri,

þeir njóti veglegs skattaafsláttar í Bandaríkjunum.

Bæði Bandaríkin og Evrópusambandið standa með sínum mönnum, og hafa stefnt hvort öðru fyrir ólögleg markaðsinngríp. Fulltrúar málsaðila fóru á fund yfirmanna WTO en ekkert þokaðist í samkomulagsátt og virðist því fátt geta komið í veg fyrir að í hart fari: „Við höfum reynt að ræða málin en Bandaríkjamenn koma ekkert til móts við okkur. Það lítur allt út fyrir að WTO verði að úrskurða í málinu,“ sagði Raimund Raith fulltrúi Evrópusambandsins á sátta-



A380 POTAN FRÁ AIRBUS Deila Airbus og Boeing er svo sannarlega í hnút, nú er svo komið að fulltrúar Bandaríkjanna og Evrópusambandsins hafa sliðið sáttavörðum.

fundinum.

Ljóst er að gríðarlegir fjármunir eru í húfi enda seldu framleiðendurnir samanlagt

flugvélar fyrir þrjú þúsund milljarða króna á síðasta ári, Airbus þó sýnu meira.



VOLVO S40

VOLVO V50

VOLVO S60

VOLVO V70

VOLVO S80

VOLVO XC70 AWD

VOLVO XC90 AWD

Skoðaðu nýjar stærðfræðilausnir frá Volvo

TAKTU V8 OG 315 HESTÖFL - FYRIR AFLIÐ OG ÖRYGGIÐ

Kynntu þér hrifandi hönnun. Ótrúlegt afl, lúxus og framúrskarandi tækni eru orð sem lýsa vel eiginleikum V8 Volvo XC90. Sportlegt útlit, snerpa og fágún eru aðalsmerkin. Veldu nútíma stærðfræði – veldu V8 Volvo XC90.

Fegurð stærðfræðinnar

Stærðfræði hönnuða Volvo gerir V8 Volvo XC90 óvenju hagkvæman í rekstri. 315 hestöflin skila sér beint til hjólanna og gerir þér kleift að bregðast skjótt og örugglega við óvæntum aðstæðum. Rafeindastýrða 6 stiga sjálfstjórnin er tvívirk og nýtir til fulls gifurlega orku vélarinnar en lágmarkar jafnframt áhrif á umhverfið. Eyðslan er sú minnsta sem þekktist í V8 vélum; 190 kg og V8 Volvo XC90 er aðeins 7,3 sek. í 100 km/klst. V8 Volvo XC90 er eina vélin í heiminum yfir 300 hestöflum sem stenst ULEV II umhverfisreglurnar (Ultra Low Emission Vehicle). Til að tryggja gæði árekstrarvarnarkerfis Volvo er vélin þverstæð en hún er eina þverstæða V8 vélin í heiminum. Spurðu um V8 Volvo XC90. Prófaðu alsjálfrirka fjórhjól-



drifið sem metur stöðugt mismunandi veggrip og tekur jafnframt samstundis á öllum fjórum hjólunum til að lágmarka möguleika á spólun. Kynntu þér nýja stöðugleikastýrikerfið DSTC og RSC veltivörminna. DSTC leiðréttir mistök í akstri en RSC sireiknar líkur á veltu og bregst við ef þurfa þykir. Veldu öryggi og tækni Volvo.

Þú velur aðeins það besta

Kynntu þér hrifandi stærðfræði og frábæra akstursegginleika. Spurðu um sérstyrkt Boronstálið í burðarvirki yfirbyggingarinnar sem þolir allt að 30 tonna álag. Útkoman úr dæminu er hámarksöryggi í Volvo XC90 sem veitir honum algera sérstöðu í samkeppni um öryggi bíla.

Þetta er Volvo XC90. Öryggi fyrir allt að sjö manns og aðra vegfarendur einnig. Þú prófar hann og færð faglega ráðgjöf í afburðar-tækni sem einkennir Volvo XC90.

Öryggi er lúxus – lifðu í lúxus. Komdu í Brimborg og spurðu sérfræðinga Volvo á Íslandi um lúxus sportjeppann Volvo XC90.



Volvo XC90 AWD
V8 bensin.
Verð 6.790.000 kr.*

Hutchison að kaupa Formúluna?

Kínversk fjölmiðlasamsteypa hyggst gera tilboð í 75 prósentu hlut í Formúlu eitt. Bernie Ecclestone Formúlukóngi list ekki vel á hugmyndina.

Kínverska fjölmiðlasamsteypan Hutchison, sem hefur aðsetur í Hong Kong, hyggst bjóða um 65 milljarða króna í 75 prósentu hlut í Formúlu eitt kappakstrinum.

Formúla eitt er nú í eigu eignarhaldsfélagsins Slec. Þar á Bernie Ecclestone, sem oft er nefndur valdamesti maður formúlunnar, fjórðungshlut en auk hans eiga þrír bankar; Jp Morgan, Bayerische Landesbank og Lehman Brothers, fjórðungshlut hver.

Ecclestone leist þó ekki vel á

hugmyndina: „Af hverju ætti ég að vilja fá einhverja aðila sem ég

þekki ekki neitt í stað þeirra sem ég treysti?“ Innanbúðarmaður úr einum bankanna var þó ekki jafn svartsýnn fyrir hönd Hutchison: „Bankarnir vilja selja Hutchison hluti sína. Hutchison vilja hins vegar hafa Ecclestone með og hyggjast því gera allt til að halda honum góðum.“ -jrk



BERNIE ECCLESTONE MEÐ VÖSKUM ÖKUPÓRUM Kínverski fjölmiðlarisinn Hutchison hyggst bjóða í 75 prósentu hlut í formúlu eitt. Þeir vilja þó fyrir alla muni halda Bernie Ecclestone góðum.

Coke metið á 4.390 milljarða

Coca-Cola er verðmætasta vörumerki heims. Bandarísk fyrirtæki einoka lista þeirra tíu stærstu.

Coca-Cola er verðmætasta vörumerki heims, samkvæmt árlegri könnun bandaríska ráðgjafafyr-

irtækisins Interbrand. Coca-Cola vörumerkið er metið á 4.390 milljarða króna.

Bandarísk vörumerki voru áberandi á listanum og voru til að mynda átta bandarísk fyrirtæki á meðal tíu efstu. Vörumerki finnska farsímarisans Nokia er hið verðmætasta utan Bandaríkjanna, metið á 1.722 milljarða króna.

Strangar kröfur þarf að uppfylla til að eiga möguleika á að komast á lista Interbrand; vöru-

merkið þarf að vera að minnsta kosti 140 milljarða króna virði, þriðjungur tekna þess verður að koma utan heimamarkaðar auk þess sem aðgangur að gögnum fyrirtækisins þarf að vera opinber.

Mörg heimsþekkt vörumerki uppfylltu ekki þessi skilyrði og eru því hvergi sjáanleg á listanum. Má þar nefna sælgætisframleiðandann Mars, greiðslukortarísann Visa og bandarísku smásölukeðjuna Wal-Mart. -jrk



LISTI INTERBRAND YFIR VERÐMÆTUSTU VÖRUMERKI HEIMS:

1. Coca-Cola (BNA)	4.390
2. Microsoft (BNA)	3.895
3. IBM (BNA)	3.471
4. General Electric (BNA)	3.250
5. Intel (BNA)	2.314
6. Nokia (FIN)	1.722
7. Disney (BNA)	1.716
8. McDonald's (BNA)	1.690
9. Toyota (JAP)	1.612
10. Marlboro (BNA)	1.371

*Upphæðir í milljónum króna

SÖGUHORNID



BÓNUSHERINN FYRIR UTAN ÞINGHÚSIÐ Tugir þúsunda hermanna söfnuðust saman fyrir utan þinghúsið í Washington og fóru fram á að fá greiddan bónus sem þeir töldu sig eiga inni frá því í fyrri heimsstyrjöldinni.

Átök í Washington

Þann 28. júlí 1932, þegar kreppan mikla var í hámarki, kom til átaka milli hóps bandarískra hermanna sem barist höfðu í fyrri heimsstyrjöldinni, svokallaðs bónushers, og bandaríska hersins.

Uppgjafarhermennirnir fóru fram á bónusgreiðslur sem þeir töldu sig eiga inni frá því í stríðinu, og höfðu sett upp búðir við þinghúshæðina í Washington. Ekki veitti af bónusnum enda efnahagsástand í Bandaríkjunum sem annars staðar ekki upp á marga fiska.

Til þurfti lagabreytingu til að knýja fram bónusinn, frumvarpið var að lokum lagt fram og fékkst samþykkt í neðri deild þingsins en var síðar hafnað af Öldungadeildinni.

Þegar frumvarpinu hafði verið hafnað reyndi lögreglan að fjarlægja mótmælendur en ekki vildi betur til en svo að upp úr sauð og þurfti að lokum að kalla til bandaríska herinn.

Herbert Hoover forseti var þó tregur til og fer tvennum sögum af því hvort hann hafi í raun gefið grænt ljós á að hervaldi yrði beitt. Douglas MacArthur hershöfðingi tók þá málin í sínar hendur. Sá var annálaður kommúnistahatari og taldi næsta víst að þetta væri tilraun rauðliða til að komast til valda í landinu.

MacArthur sendi menn sína inn í búðir bónushersins með skriðdreka, rifla og táragas og um tíma logaði hreinlega allt í átökum. Fljótlega tókst þó að hrekja mótmælendur á brott, en ekki án þess að talsvert mannfall yrði og margir særðust.

Herbert Hoover átti litla möguleika á endurkjöri eftir þessa uppákomu, og malaði Franklin Roosevelt hann í forsetakosningunum sem fram fóru árið 1933. Roosevelt lét þó ekki undan kröfum hermanna um bónusinn fyrr en farið var að síga á seinni hluta forsetaferilsins. -jrk

VOLVO
for life

Öll erum við einstök, hvert og eitt okkar. Enginn á sinn líkan. Fyrir okkur ert þú miðja alheimsins. Þegar þú ert annars vegar er takmark okkar bara eitt: að uppfylla óskir þínar og þarfir á þann hátt að þú litir á Brimborg sem öruggan stað til að vera á. Við erum með þér alla leið!

brimborg
Öruggur staður til að vera á



STERLING-FLUGFÉLAGIÐ Sterling-samstæðan hefur yfir 30 vélar í rekstri og flýgur til 89 áfangastaða. Velta félagsins verður yfir 60 milljarðar á þessu ári. Sterling er fjórða stærsta lággjaldaflugfélag Evrópu og það stærsta á Norðurlöndunum.

Ætla sér til Finnlands

Almar Örn Hilmarsson, forstjóri lággjaldaflugfélagsins Sterling, telur mikið rými til vaxtar á heima-markaði en félagið hefur mörg járn í eldinum þessa stundina. Hann býst við mikilli samþjöppun á næstu árum í samtali við Eggert Þór Aðalsteinsson.

Vöxtur evrópsku lággjaldaflugfélaganna hefur verið ævintýralegur á síðustu árum en fátt bendir til annars en að þau taki enn stærri hluta af kökunni á næstu árum. Norræna lággjaldaflugfélagið Sterling hefur boðað áframhaldandi vöxt á næstu árum og ætlar að stækka með uppkaupum á öðrum flugfélögum og frekara framboði á þeim leiðum sem félagið sinnir.

Almar Örn Hilmarsson, forstjóri Sterling-samsteyppunnar, segir að mikið rými sé til vaxtar á heimamarkaði sem er fyrst og fremst í Noregi og Svíþjóð. „Við erum að skoða það gaumgæfilega að fara með starfsemi inn í Finnland. Finnski markaðurinn er mjög spennandi,“ segir Almar Örn. Þá væri Sterling komið með starfsemi í öllum norrænu löndunum, að Færeyjum og Grænlandi undanskildum.

60 MILLJARÐA VELTA

Til upprifjunar þá keypti eignarhaldsfélagið Fons, sem er í eigu Pálma Haraldssonar og Jóhannesar Kristinssonar, Sterling í mars síðastliðnum fyrir fimm milljarða króna. Almar Örn, þá forstjóri Iceland Express, var ráðinn forstjóri Sterlings í maí. Hinn 30. júní bætti Fons danska flugfélaginu Maersk Air, sem hafði verið hálfgeft vandræðabarn innan Mærsk-samstæðunnar, inn í reksturinn. Talið er að A.P. Møller – Mærsk hafi borgað Fons yfir þrjú milljarða króna til að losna við danska flugfélagið út úr rekstrinum.

Sameinað félag veltir um 60 milljörðum á ári, starfsmannafjöldinn verður yfir tvö þúsund manns og fjöldi farþega yfir fimm milljónir farþega á ári. Það flýgur til yfir 89 áfangastaða í Evrópu frá Billund, Kaupmannahöfn, Osló og Stokkhólmi auk Keflavíkur þegar Iceland Express er tekið með í reikninginn. Höfuðstöðvar félagsins eru í Kaupmannahöfn.

Möguleikar Sterling til vaxtar eru miklir. Félagið er fjórða stærsta lággjaldaflugfélag Evrópu og hefur um þrjátíu vélar í rekstri. Til samanburðar er Air Berlin, þriðja stærsta félagið, með 90 vélar. En Sterling á enn langt í land með að ná easyJet og Ryanair.

RISARNIR VAXA HRATT

Stóru félögin á Bretlandseyjum, Ryanair og easyJet, hafa vaxið gríðarlega á undanförunum árum. Bloomberg-fréttaveitan greindi frá

því nýverið að fjöldi farþega hjá flugfélögum tveimur hefði aukist mun meira á fyrstu sex mánuðunum ársins en hjá stóru flugfélögum, Lufthansa og British Airways. Hjá Ryanair jókst farþegafjöldinn um 34 prósent, um 22 prósent hjá easyJet en farþegafjöldi Lufthansa og British Airways stóð nánast stað í stað.

Ryanair er bæði elsta og stærsta lággjaldaflugfélagið í Evrópu; stofnað árið 1985. Félagið hefur gríðarlega sterka stöðu á sínu sviði og stjórnendur þess hafa sýnt og sannað að þeir reka félagið betur en keppinautarnir. Hagnaðurinn er sá mesti, framlegðin sú besta og kostnaðarhlutfallið það lægsta. Mikill undirliggjandi vöxtur hefur verið í starfsemi og er öllu meiri en hjá easyJet. Félagið áætlað að farþegar í ár verði 35 milljónir talsins en verði orðnir 70 milljónir árið 2012. Ryanair flýgur til 107 evrópskra flugvalla.

EasyJet, sem var stofnað árið 1995, flutti um sex milljónir farþega árið 2000. Á síðasta ári var fjöldinn kominn í tæplega 25 milljónir farþega. Það er fjórföldun á fimm árum! EasyJet notar nú 114 vélar til flugs á 65 áfangastaði í Evrópu. Á næstu tveimur árum gera stjórnendur félagsins ráð fyrir að fjöldi flugvéla verði kominn í 164 talsins.

ORÐAÐ VIÐ YFIRTÖKU Á NORWEGIAN

Almar Örn segir að stjórnendur félagsins telji sig geta farið með Sterling hvert sem er sökum þess hversu sterkt merki er um að ræða. Engar ákvarðanir hafi verið teknar um sókn inn á önnur svæði í Evrópu en hann segir að sameining Sterling og Maersk Air sé stór og tímafreak og vanda þurfi til verka. Hann telur að innan tíu ára verði fjórir til fimm stórir aðilar á sviði lággjaldaflugfélaga og Sterling ætli sér að verða eitt þeirra.

Stjórnendur Sterling eru sannfærðir um að lággjaldaflugfélögin haldi áfram að vaxa hratt á kostnað hefðbundinna flugfélaga, rútuna og bílaleigubíla. Ferðalög á milli áfangastaða hafi lækkað mikið og fólk ferðist fyrir vikið oftar. Staðan sé jafnvel sú að það geti verið ódýrara fyrir fjölskylduna að

stökkva frá Kaupmannahöfn til Stokkhólms í stað þess að eyða deginum í Tívoliinu.

Norska dagblaðið Aftenposten veltir því fyrir sér hvort norska lággjaldaflugfélagið Norwegian verði yfirtekið af Sterling en Almar Örn segir að það sé ekki hans að svara um hvort eigendur félagsins hafi yfirtöku í hyggju. Norwegian er það félag sem hafi hækkað hvað mest í norsku kauphöllinni á árinu – yfir eitt hundrað prósent. Félagið séu í samstarfi á nokkrum leiðum og selji sameiginlega á flugleiðinni Osló-Kaupmannahöfn. Norwegian hefur síðan verið að selja sæti í vélar Sterling á fluginu til

Spánar.

„Þetta samstarf hefur gengið ágætlega hingað til þótt engin langtímareynsla sé komin á,“ bætir Almar við.

INN Í VIÐSKIPTAFERÐALÖGIN

Fyrir skömmu var tilkynnt um að Sterling hefði samið við norska ferðaskrifstofurinn Via Travel Group. Þetta er tímamótasamningur í Skandinavíu því lággjaldaflugfélag hefur ekki áður selt sæti í gegnum sölustarf ferðaskrifstofu.

„Samband okkar byggist á veflausnum en ekki gamalgrónum dreifingarleiðum sem gerir það að verkum að allur viðskiptakostnaður verður í lágmarki. Þarna hefur verið búin til lausn sem gerir aðgang þeirra að okkar kerfi ódýrara. Fyrir okkur er þetta ákveðið skref því lággjaldaflugfélög hafa ekki átt eins greiðan aðgang að viðskiptafarþegum og hefðbundin flugfélög. Nú fáum við aðgang að viðskiptamarkaðnum í Noregi í gegnum Via.“

Fyrir Sterling er mikið keppikefli að fjölga farþegum sem ferðast í viðskiptaerindum því fyrirtæki eru alltaf að leita leiða til að minnka kostnað vegna ferðalaga starfsmanna og horfa mikið til lággjaldaflugfélaganna.

Almar segir að markmið Sterling sé að ná 300 þúsund farþegum í gegnum samstarfið á fyrsta ári. „Fyrir mér er það ekki aðalatriði hvort við endum í 250 þúsund. Aðalmálið er að Sterling er komið á hillu sem það hefur ekki verið á áður.“

Stærstu lággjaldaflugfélög Evrópu

	Fjöldi véla u.þ.b.
1. Ryanair	146
2. easyJet	114
3. Air Berlin	90
4. Sterling / Maersk Air	32



ALMAR ÖRN HILMARSSON
Tók við forstjórastarfi Sterling-samstæðunnar í maí. Síðan hefur félagið keypt Maersk Air, ætlar sér mikinn vöxt í Skandinavíu og horfir til Finnlands.



DRAUMATÆKIÐ



Philips 32PF9956

32" LCD Pixel Plus SJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn Pixel Plus myndtækni sem eykur línuþjölda og skerpu, HDTV Ready, innbyggðum kortalesara með rauf fyrir CompactFlash, SD, MMC og SmartMedia (styður JPEG og MP3), Digital Crystal Clear, 800:1 skerpu og 12ms svartíma, sjónsvið (H/V): 170/170° og birtustig: 450 cd/m², ljósskynjara og Active Control til að minnka glampa, 2 x 30w Nicam Stereo hljóðkerfi með wOOx Subwoofer, AutoFormat og Auto Screen Size, mynd í mynd, 3 Scart tengjum, USB og HDMI tengjum, textavarp með 1200 síðna minni, veggfestingu og borðstandi.

**EITT HUNDRAD ÞÚSUND
KRÓNA AFSLÁTTUR!**

TAKMARKAÐ MAGN

**GREEN FLAGSHIP AWARD
PIXEL PLUS MYNDTÆKNI
HIGH DEFINITION TÆKNI
UPPLAUSN 1366X768**



**ACTIVE CONTROL MEÐ LJÓSSKYNJARA
3D COMBFILTER
INNBYGGÐUR KORTALESARI**

TILBOÐ 249.995

Fullt verð kr. 349.995



PIXEL PLUS



Heimilistæki

SÆTÚNI 8 • SÍMI 569 1500 • www.ht.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT

Þurfum við erlenda t

Á sama tíma og íslenskir fjárfestar lýsa því yfir að tækifærin liggi erlendis vakna þær spurningar hvers vegna erlendir fjárfestar fjárfesti ekki meira hér á landi. En spurningin gæti í raun verið sú hvort við þurfum nokkuð á erlendum fjárfestum að halda. Útrásin hafi vakið athygli en það sé greinilega ekki nóg til að kveikja áhuga erlendra aðila til að fjárfesta hér í milljarðavís. *Dögg Hjaltalín* segir eina af augljósustu hindrununum vera gengi íslensku krónunnar, sem talið er óeðlilega sterkt um þessar mundir.

Sjálfstæði hefur ávallt verið ríkt í Íslendingum og því koma á óvart óskir sem heyrast frá aðilum í viðskiptalífnum um að erlendir aðilar kaupi eitthvað á Íslandi. Íslendingar fjárfesta sem aldrei fyrr erlendis en útlendingar virðast alls ekki jafn áhugasamir um fjárfestingar á Íslandi. En þurfum við erlenda fjárfesta og hvers vegna?

Erlendir fjárfestar koma með nýtt fjármagn til að ýta undir vöxt sem og þekkingu sem getur aukið vöxt enn frekar.

Erlendir fjárfestar hafa hingað til verið mest sýnilegir í fjárfestingum í álverum hér á landi. Fjárfestingar erlendra aðila í sjávarútvegi eru takmarkaðar með lögum en þar er líklega einna brýnast að fá erlenda fjárfesta því íslenskir fjárfestar hafa ekki sýnt þessum atvinnuvegi mikinn áhuga. Hvert sjávarútvegsfyrirtækið á fætur öðru hefur verið afskráð úr Kauphöllinni og eru þau mörg hver mjög skuldsett.

Erlendir fjárfestar hafa í auknum mæli verið að kaupa ríkistryggð skuldabréf, sem hafa haft háa vexti og skilað góðri ávöxtun. En þegar kemur að hlutabréfamarkaðinum hefur áhuginn verið lítill og einungis eitt félag, Össur, sem hefur stóra erlenda fjárfesta.

Fjárfesting erlendra aðila getur þó verið með öðru móti heldur en kaup á hlutabréfum eða skuldabréfum. Hægt er að líta á erlend lán sem fjárfestingu og hefur hún aukist mikið og hafa erlendir bankar fjármagnað að stórum hlut útrásina. Fjárfestingar erlendis eru því greiddar að stórum hluta með erlendu fjármagni.

TÆKIFÆRIN LIGGJA ERLENDIS

Fjárfesting Íslendinga erlendis nam rúmum 190 milljörðum króna á síðasta ári og sexfaldaðist hún frá fyrra ári. Það sem af er þessu ári hefur fjárfesting erlendis einnig verið mjög mikil. Þessar tölur segja þó ekki alla söguna.

Á síðasta ári námu fjárfestingar erlendra aðila hér á landi um 27,5 milljörðum króna samkvæmt bráðabirgðatölum Seðlabankans sem var 14 prósentu aukning frá árinu áður. Inni í þessum tölum eru erlend eignarhaldsfélög í eigu innlendra aðila en það ætti ekki að skipta máli þegar hugsað er um erlenda fjárfestingu því að peningarnir koma erlendis frá. Einhver hluti þessara peninga eru upprunalega frá Íslandi en annað er ágóði af erlendum fjárfestingum. Erlendir aðilar hafa tekið þátt í fjárfestingum Íslendinga erlendis og á samvinna með erlendum aðilum í fyrirtækjakaupum einungis eftir að aukast.

Þegar hluthafalistar félaga í Kauphöllinni eru skoðaðir kemur í ljós að mjög mikið er um erlend eignarhaldsfélög í eigu Íslendinga en hér í töflu má sjá heildareignir erlendra félaga í félögum í Kauphöllinni.

Helsta ástæða þess að fjárfestingar erlendra aðila eru jafn lítilvægar og raun ber vitni hlýtur að liggja í óeðlilega sterku gengi krónunnar. Krónan styrktist mikið vegna væntinga af aukni flæði fjármagns til landsins vegna virkjanaframkvæmda.

FLEIRI FJÁRFESTAR VÆNLEGIR

Erlendar fjárfestingar hér á landi eru við nánari skoðun ekki jafn mikilvægar og margir vilja meina. Til að standa undir kaupum Íslendinga erlendis þurfa erlendir aðilar ekki að kaupa jafnmikið hér á landi. Erlendir aðilar hafa verið að fjárfesta í álverum hér á landi og eru þá umtalsverðar fjárfestingar erlendra aðila nánast upptaldar.

Þátttaka erlendra aðila á íslenska hlutabréfamarkaðnum myndi þýða að fleiri aðilar væru að fjárfesta þar. Með fleiri fjárfestum fást meiri viðskipti og því líklegra að verðmat á fyrirtækjum sé rétt. Aðkoma erlendra aðila gæti einnig orðið til þess að eignaraðild á félögum yrði dreifðari og minna valdaþrökt myndi einkenna verð fyrirtækja.

Einn af kostum þess að lítið sé af erlendum fjárfestum hér á landi er hversu lítið innlendir markaður sveiflast í takt við aðra markaði. Aukin viðskipti milli landa hafa orðið til þess að lækkanir eða hækkunar á einum markaði draga aðra markaði með sér.

Í afkomuspá greiningardeildar Íslandsbanka segir að nú þegar öll stærstu félögin í Kauphöllinni hafi nýverið sótt aukni fé til hluthafa sinna sé vert að spyrja sig hvar þau takmörk liggja. Í öllu falli sé erfiðara fyrir félög sem nýlökki hafi stóru hlutfjárútbóði að sækja meira fé fljótlega. Þá standi félagið

frammi fyrir skertum möguleikum til ytri vaxtar nema því takist að breikka hluthafahópin. Því sé mikilvægt fyrir viðgang íslenska hlutabréfamarkaðarins að erlendir fjárfestar verði virkari á honum.

Erlendir aðilar sækja sífellt meira í ríkistryggð skuldabréf og hefur það orðið til þess að ávöxtunarkrafa lækkaði hér á landi. Lækkaði ávöxtunarkrafa leiðir til þess að skuldabréf hækka í verði. Talið er að um þriðjungur ríkistryggðra skuldabréfa sé í eigu erlendra aðila.

HVAR HAFERLENDIR FJÁRFESTAR VERIÐ?

Í flóknu viðskiptaumhverfi nútímans er erfitt að draga landfræðileg mörk peninga og stoppa þeir oft stutt við. Hér á landi er hagstætt skattaumhverfi á fyrirtæki og kjósa því mörg fyrirtæki skráningu hér á landi þrátt fyrir að starfsemi þeirra sé mestmegnis erlendis. Það er ein af ástæðum þess að mörg íslensk fyrirtæki, sem orðin eru alþjóðleg og starfsemin mest erlendis, kjósa að vera skráð hér á landi. Til að mynda ef Bakkavör myndi ákveða að skrá sig á breska markaðinn væri um að ræða rúmlega 60 milljarða fjárfestingar Íslendinga erlendis. Svo ekki sé minnst á KB banka, þar sem markaðsvirðið eru tæpir 370 milljarðar króna. Að því gefnu að hluthafar yrðu enn þeir sömu.

Niðurstöður byggja á fyrirspurnum

Tölur Seðlabankans um erlenda fjárfestingu, sem og fjárfestingar erlendra aðila hér á landi eru langt í frá fullkomnar. Niðurstöðurnar eru byggðar á fyrirspurnum Seðlabankans til fjárfestanna en ekki fullkomnum upplýsingum um flæði fjármagns.

Samkvæmt lögum ber erlendum aðilum að tilkynna fjárfestingar sínar til viðskiptaráðuneytisins og Seðlabankinn fær upplýsingar um þær og grennslast svo fyrir um umfang þeirra.

Ekki hefur tekist nægjanlega vel að mæla fjárfestingar Íslendinga erlendis. Seðlabankinn hefur því þurft að styðjast við fjölmiðla til að geta grennslast fyrir um þær fjárfestingar.

Seðlabankinn mælir beina fjárfestingu ekki einungis sem fyrstu kaup heldur einnig hagnað af fyrirtækjunum sem svo er endurfjárfest í fyrirtækjunum. Einnig flokkast sem erlend fjárfesting lánaviðskipti á milli fjárfestinga milli erlendra lögaðila, þrátt fyrir að þeir geti verið í eigu Íslendinga.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur viljað styrkja vinnslu tölfraeðilegra ganga fyrir markaðinn samkvæmt athugun sinni á Seðlabankanum.



ÖSSUR SÉR Á BÁTI Áhugi erlendra fjárfesta á félaginu er mikill.

Laða til sín erlenda fjárfesta

Tveir stærstu hluthafar Össurar eru erlendir aðilar og meðal smærri hluthafa eru nokkrir erlendir sjóðir.

Össur er algjörlega sér á báti þegar kemur að fjárfestingum erlendra aðila á íslenska hlutabréfamarkaðinum. Félagið hefur unnið markvisst að því að kynna fyrirtækið fyrir erlendum fjárfestum í nokkur ár. Össur er búinn að finna ákveðinn hóp sem félagið einbeitt sér að. Til þess hóps teljast til að mynda þeir sem fjárfesta í sama geira og fyrirtækið starfar eða í fyrirtækjum af svipaðri stærðargráðu. Össur hefur oft far-

ið utan til að kynna starfsemi sína en stærsta ferð félagsins var í fyrra til fjögurra landa, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum.

Tilgangur Össurar með þessu er að fá sterka fjárfesta til liðs við sig sem eru tilbúnir að leggja sitt af mörkum til vaxtar fyrirtækisins.

Fjárfestar sem eiga í fyrirtækinu líta á fjárfestinguna til langs tíma og því hafa þeir líklega ekki áhyggjur af þróun gengis íslensku krón-

unnar.

En ekki nægir að kynna fyrirtækið vel, einnig þarf öll upplýsingagjöf að vera aðgengileg erlendum fjárfestum og hefur Össur ávallt lagt mikla áherslu á að koma öllum tilkynningum frá sér, bæði á ensku og íslensku.

Tveir erlendir aðilar sitja í stjórn Össurar fyrir hönd Industrivarden, sem á rúmlega 20 prósentu hlut í fyrirtækinu og William Demant, sem einnig á rúmlega 20 prósentu hlut.

Járfesta?



JAPANSKUR FJÁRFESTIR Hingað til hafa erlendir aðilar ekki verið umsvifamiklir á íslenskum hlutabréfamarkaði. Skuldabréfamarkaður og fyrirtækjalán hafa hins vegar aukist mikið og með þeim hætti taka erlendir aðilar þátt í íslensku viðskiptalífi.

Erlendir aðilar eiga um 13 prósent af hlutafé í Kauphöllinni eða fyrir um 190 milljarða króna, að Mosaic meðtalið. Flestir þessara erlendu aðila eru þó eignarhaldsfélög Íslendinga. Fjármunir þessara Íslendinga koma að einhverju leyti erlendis frá.

Öðru máli gegnir um skattlagningu á fjármagn og því kjósa Íslendingar að eiga erlend félög utan um eignir sínar hér á landi til að komast hjá því að greiða 10 prósent fjármagnsskatt. Skattprósentan ein hefur því mikil áhrif á hvar félög eru skráð og hvert peningarnir leita.

Síminn er gott dæmi um mikla fjárfestingu sem hefði getað lent að hluta til eða öllu leyti í höndum erlendra fjárfesta. Nokkrir hópar erlendra aðila sýndu Símanum áhuga en þeir virðast nú hafa misst þann áhuga því einungis hópar þar sem eingöngu eru innlendir aðilar eru nú eftir. Gera má ráð fyrir að hátt verð á Símanum hafi verið helsta hindrun erlendu aðilanna.

VANDAMÁL?

Að undanförunu hefur nægt peningamagn verið í umferð og því engin þörf verið á erlendri fjárfestingu en það ástand varir ekki að eilífu.

Ef litið er svo á að lítil áhugi erlendra aðila á fjárfestingum í íslensku viðskiptalífi sé vandamál hlýtur eitthvað að verða að gera. Þá kemur að fyrirtækjunum sjálfum að vinna sína vinnu. Umfjöllun þarf að vera að vera á ensku og mjög aðgengileg.

Íslensk fyrirtæki fá mikið umtal í erlendum fjölmöldum og einnig hafa þau verið dugleg við að kynna erlendum fjárfestum fyrirtækin. Bæði með kynningum erlendis sem og boðsferðum hingað til lands.

Erlendir fjárfestar hafa hingað til þó haft vaðið fyrir neðan sig og fjárfest í ríkis tryggðum skuldabréfum, ekki áhættumeiri hlutabréfum. Hækkunar hlutabréfamarkaðarins undanfarnin ár hafa ekki beint aukið trúverðugleika hans. Svo miklar hækkunar verða til þess að ýta undir neikvæðisráddir

þess eðlis að hér sé vanþróað viðskiptalíf sem enn sé í mikilli mótun. Hlutabréfamarkaðurinn sé einungis rúmlega 10 ára gamall og enn sé margt eftir ólært. Svo ekki sé minnst á umfjöllun um peningabætti og tengsl íslenskra fjárfesta við rússnesku mafíuna.

Einnig verður að hafa í huga að erfitt er að skilgreina hvað er íslenskt og hvað er erlent.

KOMA EINHVERN DAGINN

Krónan verður íslensku viðskiptalífi ávallt fjötur um fót þegar kemur að fjárfestingum erlendra aðila. Með því að kaupa eign sem bundin er við íslensku krónuna eykst áhættan sem fjárfestingunni fylgir. Erlendir aðilar þurfa því bæði að treysta á að fjárfestingin standi undir væntingum sem og þróun íslensku krónunnar. Margir telja líklegt að krónan sé ekki eilíf en fyrirtæki hafa smátt og smátt verið að aðlaga sig erlendu rekstrarumhverfi. Bæði með því að gera fyrirtækin upp í erlendum myntum en þá hafa gengissveiflur íslensku krónunnar takmörkuð áhrif á rekstrarniðurstöður.

En þar sem takmörkuð tækifæri til vaxtar eru hér á landi má allt eins gera ráð fyrir að erlendir aðila sækist ekkert mikið eftir fjárfestingum hér, bæði nú og síðar á meðan gengi íslensku krónunnar er talið hátt.

Fyrirtæki hér á landi eru verðlögð hátt um þessar mundir þar sem miklir peningar hafa verið í umferð og efnahagsástand almennt gott. Þegar verðmat á fyrirtækjum hér á landi verður líkara því sem gerist annarsstaðar auk þess sem þau hafi verið kynnt markvisst erlendum fjárfestum ætti ekkert að standa í vegi fyrir að þeir verði virkari þátttakendur í íslensku viðskiptalífi.

Íslenskt efnahagslíf þarf sífellt aukna peninga til að standa undir vexti og því þurfa peningarnir að koma einhvers staðar frá. En svo lengi sem nægir peningar eru til staðar, skiptir það þá einhverju máli hvaðan þeir koma?



EINN UMSVIFAMESTI ERLENDI FJÁRFESTIRINN Kenneth Peterson, eigandi Columbia Ventures.

Erlendi fjárfestirinn

Fjárfesti í álveri og fjarskiptafyrirtækjum. Eftir að hann seldi hlut sinn í Og Vodafone hefur ekki mikið sést til hans hér á landi enda telur hann fjarskiptafyrirtæki hátt verðlögð.

Kenneth Peterson birtist hér á landi árið 1995 með þann möguleika í farteskinu að byggja álver. Raunin varð sú að honum leist vel á aðstæður og var 60 þúsund tonna álverið, Norðurál, byggt og síðar stækkað í 90 þúsund tonn árið 2001. Reisti fyrirtæki hans, Colombia Ventures Norðurál.

Kenneth Peterson hefur þá stefnu að kaupa þegar verð hefur lækkað. Þannig steig hann sín fyrstu skref í áliðnaði. Ofurvæntingar fjárfesta til fjarskiptageirans biðu skipbrót fyrir nokkrum árum og hlutabréf fjarskiptafyrirtækja lækkuðu mikið. Kenneth Peterson hefur við þær kringumstæður fjárfest í fjarskiptageiranum. Hann var stærsti eigandi Og Vodafone hér á landi og á einnig bandarísk og evrópsk fjarskiptafyrirtæki. Kenneth seldi svo Norðurál fyrir um 10 milljarða króna.

Kenneth Peterson sagði á þeim tíma sölu Norðuráls ekki hafa áhrif á aðrar

fjárfestingar sínar hér á landi. Colombia Ventures var þá kjölfestueigandi í Og Vodafone. „Við munum jafnvel auka þær með einum eða öðrum hætti. Mér fellur afar vel við Ísland og ég kann virkilega orðið að meta hagkerfið og hina frábæru íbúa landsins,“ sagði Kenneth Peterson eigandi Colombia Ventures. Hann sagðist hafa lagt sig fram um að velja góðan kaupanda að Norðuráli og segist hafa trú á því að Century og Norðurál muni eiga vel saman.

Kenneth Peterson seldi svo rúmlega 35 prósent hlut sinn í Og Vodafone til Norðurljósa fyrir um fimm milljarða króna. Síðan hafa ekki mörg fjárfestingarverkefni verið til staðar í fjarskiptafyrirtækjum því tveir stórir aðilar eru fyrir á markaðinum. Jafnvel var búist við því að Kenneth myndi hafa áhuga á að kaupa í Símanum en sú hefur ekki orðið raunin.

AURASÁLIN

Þjóðnýtum Burðarás

Hagnaður Burðarás það sem af er ári er auðvitað ekkert annað en móðgun við almenning í landinu. Hvernig er hægt að réttlæta það að fyrirtæki græði 25 milljarða á hálfu ári? Með sama áframhaldi verður gróðinn fimmtíu milljarðar króna í ár. Það er milljarður á viku!

Það verður fróðlegt að fylgjast með því hvernig neytendur, og almenningur – kjósendur í landinu, bregðast við þessum tíðindum af rekstri Burðarás. Aurasálin telur líklegt að stór hópur manna muni mótmæla þessum gróða og refsu Burðarási með því að sniðganga allar vörur frá fyrirtækinu þar til hagnaðinum verður komið aftur inn fyrir eðlilegan ramma. Burðarás ætti því að íhuga alvarlega að lækka vöruverðið.

En hvað framleiðir Burðarás?

Margir sem Aurasálin þekkir halda að Burðarás sé iðnfyrirtæki og að hagnaðinn megi rekja til framkvæmdanna fyrir austan. En þetta er ekki rétt. Burðarás er ekki iðnfyrirtæki. Aðrir halda að Burðarás sé fjármálaframtækni og veit Aurasálin til þess að margir hafi hugsað sér gott til glóðarinnar og ætlað að stofna til viðskipta hjá Burðarási í þeirri von að fyrirtækið muni lækka innlánsvexti og hækka útlánsvexti til þess að láta viðskiptavinum sína njóta góðs af frábærum rekstrararángri. Svo er þó ekki. Burðarás er nefnilega ekki banki heldur.

En hvaðan kemur þá gróðinn – sem nemur næstum hundrað þúsund krónum á hvern Íslending á fyrstu sex mánuðum ársins? Einhvers staðar frá kemur gróðinn og við rannsókn á gögnum úr Kauphöll Íslands kemur hið sanna í ljós. Það sem Burðarás er að gera er að kaupa hlutabréf af fólki á ákveðnu verði en selja þau svo öðru fólki á hærra verði. Þetta þýðir auðvitað að fjárfestarnir sem selja Burðarási bréf eru að tapa hagnaðinum sem þeir hefðu getað fengið og þeir sem kaupa bréfin af Burðarási hefðu getað fengið þau miklu ódýrur ef þeir hefði keypt þau af einhverjum öðrum.

En hagnaður Burðarás hlýtur að vekja fólk til umhugsunar um það hvað sé eðlilegur hagnaður í rekstri íslenskra fyrirtækja. Augljóst er að milljarður á viku er óeðlilegur hagnaður. Aurasálin telur mun eðlilegra að vikulegur hagnaður stórfyrirtækja nemi ekki mikið meira en vikulaunum verkamanns. Hagnaður upp á tvær til þrjár milljónir á ári er því eðlilegur en ef fyrirtæki eru að græða meira en það þá er augljóst að þau geta ráðið til sína fleiri starfsmenn. Forsvarsmenn Burðarás ættu því að spyrja sig að því hvort þeir sinni ekki samfélagslegum skyldum sínum betur með því að sjá fleiri mönnum fyrir atvinnu, lækka vöruverð, draga úr vaxtamuninum, lækka viðskiptahallann, stinga á fasteignabóluna og bæta kjör almennings í landinu.

Golfið tekur menn heljartökum

Garðar Eyland er framkvæmdastjóri Golfklúbbs Oddfellowa og Odds. Hann segir ekkert basl vera á rekstrinum þrátt fyrir að klúbburinn njóti hvorki styrkja frá ríki né sveitarfélagi. *Jón Skaftason* settist að snæðingi með Garðari í klúbbhúsi Oddfellowa.

Garðar Eyland situr á skrifstofu sinni í nýju og glæsilegu klúbbhúsi Golfklúbbs Oddfellowa og Odds. Hann er greinilega upptekinn þegar blaðamaður ber að garði.

Garðar þarf að klára að greiða „nokkra reikninga“ áður en sest verður að borðum: „Það er nú ekki endilega draumastarf kyfingsins að stýra stórum golfklúbbi, það er náttúrulega svo mikið að gera á sumrin. Ég hef spilað miklu minna eftir að ég byrjaði hérna, kannski svona einu sinni í viku. Það er nú einu sinni svo að vinnan gengur fyrir“.

Þrátt fyrir að Garðar hafi greinilega mikið að gera, og spili að eigin sögn minna en áður, er hann engu síður frambærilegur kyfingur – raunar í meistaraflokksklassa með 4,3 í forgjöf: „Þú verður að athuga að forgjöfin mín er miðuð við gulu teigana en ekki þá hvítu sem meistaraflokksmenn spila af,“ segir Garðar hógvæ.

Við setjumst að borðum og í gegnum gluggana má sjá fagurgrænan Urriðavöllinn allt í kring. Vel snyrtar flatir og snögglipptar brautir blasa við. Greinilegt að völlurinn er í frábæru standi.

KLÚBBHÚSIÐ Á FJÓRUM MÁNUÐUM

Golfvöllur Oddfellowa er í Urriðavatnsdölum í landi Garðabæjar. Níu holu völlur var vígður á landinu árið 1992 og var hann stækkaður í átján holur fimm árum seinna.

Í dag er á svæðinu einn allra glæsilegasti golfvöllur landsins og alltaf verið að breyta og bæta: „Við erum sífellt að vinna að því að bæta aðstöðuna fyrir félagsmenn í klúbbnum.“

Í júní í fyrra opnuðum við nýja klúbbhúsið, aðeins fjórum mánuðum eftir að fyrsta skóflustungan var tekin um hávetur í miklum skafrenningi. Það tók auðvitað á en hafðist fyrir rest,“ segir Garðar.

Í ár hafa verið gerðar miklar endurbætur á svæðinu, afleggjari upp að vellinum hefur verið lagður bundnu slitlagi, auk þess sem bílastæði hafa verið malbikuð og þeim fjölgað, þá var aðgengi að æfingaaðstöðu stórbætt: „Það eru margir sem vilja koma hérna í hádeginu og slá eins og eina fötu af æfingarsvæðinu. Þá er mikilvægt að sem minnstur tími fari til spillis. Hver mínúta skiptir máli.“

TEKUR MENN HELJARTÖKUM

Í rauninni hafa tveir golfklúbbar aðgang að Urriðavelli; Oddfellowar og golfklúbburinn Oddur. Golfklúbbur Oddfellowa var stofnaður árið 1990 en Oddur þremur árum seinna.

Félagar í klúbbnum tveimur eru 1250 og hefur félagafjöldi vaxið hratt undanfarið ár: „Það er eftirsótt að komast í klúbbinn. Í dag eru tvö hundruð manns á biðlista hjá okkur og það verða ekki fleiri teknir inn í bili, það er allt uppþókað.“

Ekkert lát virðist vera á þeirri golfsprengru sem orðið hefur á undanförunum árum, þrjátíu þúsund Íslendingar spila golf fimm sinnum eða oftar á ári.

Garðar segir að á sex daga tímabili í júlí hafi 1775 manns spilað völlinn í Urriðavatnsdölum: „Þetta sýnir kannski best aðsóknina, að hér spili tæplega þrjú hundruð kyfingar á dag.“ Hann bætir því við að klúbburinn hafi á undanförunum árum gert ýmislegt til að koma til móts við félag þegar völlurinn er ásetinn, meðal annars gert samninga við golfklúbba á landsbyggðinni um að félagar fái að leika þar endurgjaldslaus.

„Það eru engin teikn á lofti um að aðsókn fari að minnka. Málið með golfþróttina er að hún tekur menn heljartökum, þegar þú byrjar þá geturðu ekki hætt. Maður er að keppa við sjálfan sig og völlinn, verða betri.“



GARÐAR EYLAND FRAMKVÆMDASTJÓRI GOLFKLÚBBS ODDFELLOWA OG ODDS Garðar segir golfið ekki síst skemmtilegt vegna félagsskaparins, til að mynda geti yfirmenn fyrirtækja kortlagt væntanlega viðskiptafélaga á golfvöllum: „Það má lesa persónuleika fólks á einum golfhring.“

SJÁLFSTÆÐUR REKSTUR

Það sem er þó kannski sérstakt við Golfklúbb Oddfellowa og Odds er að hann nýtur hvorki styrkja frá ríki né bæjarfélagi. Hagnaður eftir afskriftir var á síðasta ári tíu milljónir króna: „Þetta er rekið á þeim félögum sem hér eru. Við fáum inn talsvert af auglýsingatekjum, höfum nokkra góða styrktaraðila á bak við okkur auk þess sem móthald gefur talsvert í aðra hönd.“

Garðar segir ekkert basl á rekstrinum. Átján manns eru á launaskrá á sumrin en þeir á veturna: „Það þarf að vakna hér fyrir allar aldir til að koma vellinum í stand fyrir áttök dagsins. Það er mikil vinna sem því fylgir að halda utan um golfvöll og við kappkostum að hafa aðstöðuna þannig að fólk vilji borga fyrir að nýta hana og hafi ánægju af. Öðruvísi gengur þetta ekki.“

Garðar segir þó að vissulega verði að halda vel á spöðunum eigi ekki illa að fara: „Reksturinn hefur þó orðið auðveldari með hverju árinu sem líður, enda myndast smám saman ákveðinn grunnur til að byggja ofan. Það ber hins vegar fyrst að þakka frumkvöðlunum sem fóru út í þetta og byrjuðu með tvær hendur tómar. Það er alltaf auðveldara að taka við.“

Það hefur þó komið til tals að Garðabæ leggi fé til styrktar starfinu. Annar golfklúbbur er í bæjarfélaginu; Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar og nýtur sá styrkja frá bæjarfélögum tveimur: „Mér sýnist skilningurinn vera gagnkvæmur. Ef svo færi að við fengjum framlög frá Garðabæ færi stærstur hluti í uppbyggingu á unglingsstarfi okkar.“

Til þess að eignast afrekskyfinga verður að byrja snemma að rækta hæfileikafólk. Hjá golfklúbbi Oddfellowa og Odds starfar PGA-kennarinn Magnús Birgisson, sem er einn af fáum starfandi PGA-kennurum á landinu:

„Við höfum verið að efla unglingsstarfið hjá okkur markvisst undanfarið. Í dag eigum við tuttugu meistaraflokks kyfinga og stefnum að því að fjölga þeim enn frekar í náinni framtíð,“ segir Garðar.

MÁ LESA FÓLK Á EINUM GOLFHRING

Þrátt fyrir að samkeppni sé milli klúbba um bestu kyfingana segist Garðar ekki vita til þess að klúbbarnir greiði kyfingum fyrir að leika íþróttina: „Ég held að þetta snúist fyrst og fremst um aðstöðu. Kyfingar sem vilja bæta sig sækja þangað sem aðstaðan er best.“

Þegar kyfingar hafa náð ákveðnum stelli gera þó klúbbarnir ýmislegt fyrir sína bestu spilara; til að mynda eru haldin styrktarmót fyrir þá og veitir ekki af, enda dýrt að byrja í atvinnumennsku í golfi.

Garðar er á því að golfþróttin á Íslandi sé á réttri leið og ef til vill sé ekki langt í það að Íslendingur komist í fremstu röð á heimsvísu. Aðstaður hafi stórbatnað til iðkunar með tilkomu betri búnaðar og vertíðin í leiðinni lengst: „Birgir Leifur Hafþórsson hefur verið að sækja á sig veðrið og hefur náð hreint ágætum árangri. Það hlýtur að vera gott fyrir hreyfinguna í heild. Þetta þokast allt saman í rétta átt.“

Íslandsmótið í högguleik verður haldið á Urriðavelli árið 2006 og er Garðar afar ánægður með það: „Það er mikill heiður fyrir okkur að fá að halda mótið. Þetta verður umfangsmikil framkvæmd, við þurfum til að mynda að lengja brautirnar hjá okkur, en við kappkostum að gera allt vel.“

Hann segir einn helsta kostinn við golfþróttina vera félagsskapinn. Það megi sjá hvernig fólk er úr garði gert með því einu að spila með því átján holur: „Á þessu eru fyrirtæki að átta sig á, hvað fólk kynnist vel í gegnum golfið. Hingað koma mörg fyrirtæki með kúna sína og bera því flest öll vel söguna enda getur það nýst vel í viðskiptum að bjóða félaganum í golf. Það má lesa persónuleika fólks á einum golfhring.“

HÁDEGISVERÐURINN

Með Garðari Eyland

framkvæmdastjóra Golfklúbbs Oddfellowa og Odds

Hádegisverður fyrir tvo í golfskálunum

Hamborgarar með eggj og frönskum kartöflum

Drykkir:

Rauðvín J.P. Chenet Cabernet frá Frakklandi

Í boði Oddaveitinga

Humarhúsið

Humarhúsið • Amtmannstíg 1 • 101 Reykjavík • Sími: 561 3303 • hamarhusid.is



Tvö þúsund ára vínglös

Silfurborðbúnaður sem fannst í Pompei er sagður merkilegasti fornleifafundur sinnar tegundar í sjötíu ár. Fornleifafræðingar fundu á dögunum silfurborðbúnað í heilu lagi við uppgröft í ítölsku borginni Pompei. Um var að ræða tvö vínglös, matardiska, skeiðar og matarbakka.

Pompei varð undir hrauni við eldgos fyrir um tvö þúsund árum og hefur reynst mikil gullkista fyrir fornleifafræðinga. Segja kunnugir að silfurborðbúnaðurinn sé mesti fjársjóður sem fundist hefur í Pompei sjötíu ár.

Við hlið borðbúnaðarins fannst beinagrind af manni sem líklega hefur verið eigandi fjársjóðsins. Er talið að maðurinn hafi verið á flótta undan eldglæringunum og í flýti tekið með sér helstu verðmæti úr búi sínu. Hann komst þó ekki lengra en að baðhúsi bæjarins, þar sem leið yfir hann vegna eiturgufa frá eldgosinu.

Borðbúnaðurinn var falinn í brauðkörfu sem full var af vikri



ÍBÚAR POMPEI Pompei er sannkölluð gullkista fyrir fornleifafræðinga. Á dögunum fannst þar silfurborðbúnaður í nánast fullkomnu ástandi.

og eldfjallaösku en með hjálp nýjustu tækni tókst að skilja fjársjóðinn frá. Var hann í kjölfarið þússaður upp og fluttur til varðveislú í höfuðborginni Róm. - jsk

Gemsar útbreiddir

Árið 2009 verða líklega 2,6 milljarðar gemsar í heiminum. Símarnir verða sífellt dýrari í framleiðslu.

Árið 2009 verður seldur einn milljarður farsíma í heiminum kemur fram í nýrri skýrslu frá breska ráðgjafafyrirtækinu Gartner. Segir í skýrslunni að gemsar séu nú þegar orðnir útbreiddari en bjartsýnustu menn þorðu að vona.

„Farsímar verða líklega útbreiddasta neytendavara í heimi áður en langt um líður. Við áætluðum að árið 2009 verði alls 2,6 milljarðar síma í heiminum,“ sagði Ben Wood starfsmaður Gartner.

Mesti vöxturinn er í sölu svokallaðra þriðju kynslóðar farsíma og verða líklega 280 milljón slíkir seldir árið 2009. Ben Wood varar þó við því að margir farsímaframleiðendur geti átt erfiða tíma í vændum: „Símar verða sífellt tæknilegri og dýrari en verð stendur í stað. Þeir framleiðendur sem ekki selja að minnsta kosti tíu milljón síma á ári eru í vondum málum.“ - jsk



FARSÍMAÆDI Farsímar verða líklega útbreiddasta neytendavara í heimi áður en langt um líður. Sly Stallone og kona hans, Jennifer Flavin, hafa ekki farið varhluta af þeirri þróun.

Ólöglegt niðurhal minnkar

Löglegt niðurhal tónlistar á internetinu þrefaldaðist á fyrri helmingi ársins 2005, samkvæmt tölum frá Alþjóðasamtökum tónlistarmanna (IFPI). Á sama tíma hefur ólöglegt niðurhal dregist saman um þrjú prósent í heiminum. Flestir netnotendur í Bandaríkjunum og Bretlandi segjast hafa hætt að hala niður tónlist ólöglega af ötta við lögsóknir, en rúmlega fjórtán þúsund manns í tólf löndum hafa verið ákærð fyrir ólöglegt niðurhal frá því í september árið 2003: „Það er greinilegt að fólk hefur tekið þeim vefsíðum sem bjóða upp á niðurhal tónlistar gegn gjaldi opnum örmum,“ sagði John Kennedy formaður IFPI. - jsk

Í LEIT AÐ TÓNLIST? Ólöglegt niðurhal tónlistar á internetinu hefur dregist saman um þrjú prósent það sem af er ári.



Sony sækir að Apple

iPod Shuffle spilarinn hefur fengið keppinaut. Ekki gengur hins vegar jafn vel að berjast gegn yfirburðum Apple í sölu stærri spilara.

Japanski raftækjaframleiðandinn Sony hefur blásið til sóknar er kemur að mp3-spilurum og hyggst nú ráðast gegn yfirburðum Apple á markaðnum.

Sony setti í mars nýjan spilara á markað sambærilegan við iPod Shuffle-spilarann, sem tekur eitt gígabæt af tónlist. Þykir útlit Sony-spilarans með eindæmum vel heppnað, auk þess sem rafhlöðurnar endast í allt að fimm tíu klukkustundir. Er spilarinn nú þegar orðinn vinsælli en iPod Shuffle í Japan: „Útlit verður æ mikilvægara er neytendur velja sér mp3-spilara. Þess vegna er alger nauðsyn að huga vel að útlitshönnun afurða okkar,“ sagði Shinichi

Inawata, markaðsstjóri Sony.

Apple hefur hins vegar enn yfirburði er kemur að spilurum með enn meira minni og er markaðshlutdeild fyrirtækisins rúmlega sextíu prósent í Bandaríkjunum og Evrópu. - jsk



SONY WALKMAN MP3-SPILARI Spilararnir þykja flóttir og ekki spillir fyrir að rafhlöðurnar endast í allt að fimm tíu klukkustundir.

Er einhver í þínu fyrirtæki sem heldur að skást sé best?



og

vodafone

Hafðu samband við **fyrirtækjaráðgjöf Og Vodafone** í síma 599 9500 eða sendu tölvupóst á 5999500@ogvodafone.is

Heyrumst!

MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Erlenda fjárfesta þarf til að útrásin geti haldið áfram.

Krónan hindrar fjárfestingu

Hafliði Helgason

Erlendir fjárfestar hafa í auknum mæli keypt verðbréf á íslenskum markaði. Kaup þeirra á íslenskum hlutabréfum og bein fjárfesting í íslensku atvinnulífi er hins vegar lítil, ef frá er talinn fjárfesting í orkufrekri stóriðju.

Helstu ástæður þessa eru lítill gjaldmiðill og smár markaður. Á sama tíma og bein fjárfesting erlendra aðila í viðskiptalífinu er lítil, fjárfesta Íslendingar erlendis sem aldrei fyrr. Þar eru íslenskir fjárfestar að leita vaxtar í mun stærri hagkerfum með traustan gjaldmiðil sem eiga langa sögu stöðugs efnahagslífs.

Fjárfestingar erlendra aðila í íslenskum hlutafélögum eru af tvennum toga. Annars vegar – og það er algengara – er að fyrrum eigendur fyrirtækja sem íslensk fyrirtæki hafa fjárfest áfram í greininni í gegnum íslensku félögin. Gott dæmi um þetta er Bakkavör, en Katsouris-fjölskyldan sem Bakkavör keypti af ákvað að taka hlutabréf í Bakkavör sem hluta greiðslu fyrir fyrirtækið. Sú fjölskylda sér varla eftir þeirri ákvörðun.

Hin aðkoma erlendra fjárfesta að íslenskum fyrirtækjum er af rakstur markviss kynningarstarfs fyrirtækjanna fyrir erlendum fjárfestum. Í þessum efnun hefur stöð-tækjafyrirtækið Össur unnið mikið starf, með þeim árangri að félagið á nú bakhjarl í sterkum norrænum fagfjárfestum.

Mörg íslensk fyrirtæki hafa náð glæsilegum vexti að undanfögnu og stórir hluthafar tekið þátt í að fjármagna vöxt þeirra með kaupum í hlutafjárútboðum. Það er hins vegar takmörk fyrir því undir hversu miklum vexti núverandi hluthafar stærstu fyrirtækjanna geta staðið. Stækkun hlutahafahóps stærstu fyrirtækjanna á markaði er nauðsynleg fyrir þau fyrirtæki sem ætla sér álíka hraðan vöxt í nánustu framtíð og reyndin hefur verið undanfarin misseri.

Stærstu fyrirtækin, svo sem eins og Kaupþing banki, hafa verið að kynna sig fyrir erlendum fjárfestum. Ef bankinn er tekinn sem dæmi, þá ætti rekstrar-sagan ekki að hindra fjárfesta í því að kaupa í bankanum. Markaðssvæði bankans er heldur ekki hindrun, enda starfar bankinn á rótgrónum markaði og í traustum hagkerfum. Hindranirnar liggja í almennum atriðum svo sem í hlutabréfamarkaði sem hefur hækkað mikið að undanfögnu og hlutabréfum skráðum í íslenskum krónum. Gjaldmiðli sem er lítill og lítt þekktur.

Af þessum sökum hafa fyrirtæki velt því fyrir sér að skrá bréf sín í erlendri mynt í kauphöllinni. Borðliggjandi er fyrir fyrirtæki sem eru með meginhluta starfsemi sinnar og tekna erlendis að hafa bréfin skráð í þeirri mynt sem notuð er við stærstan hluta starfseminnar.

Kostir erlendrar fjárfestingar eru margvíslegir. Innkoma erlendra fjárfesta eykur seljanleika bréfa, agar og dýpkar markaðinn og losar um fé sem leitar þá annarra fjárfestingakosta. Íslenskur markaður og umhverfi íslenskra fyrirtækja hefur tekið út mikinn þroska á undanfögnu árum. Ef það þroskaferli verður ekki rofið og erlend viðskiptatengsl vaxa eins og áður er litlum vafa undirorpið að erlendir fjárfestar munu í vaxandi mæli fjárfesta í íslenskum fyrirtækjum. Svo að ekki sé talað um ef tekin verður upp önnur mynt í framtíðinni.

bjorgvin@markadurinn.is | dogg@markadurinn.is | eggert@markadurinn.is
hafliði@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | thkart@markadurinn.is

Pýramídar á hvolfi

ORD Í BELG

Gylfi Magnússon
Hagfræðingur og
dósent við Háskóla
Íslands skrifar



markaði.

Allt hefur þetta áhrif í þá átt að hlutfall þeirra sem eru á vinnumarkaði fer lækkandi en hlutfall þeirra sem eru á eftirlaunaaldri hækkandi. Í stað þess að fólksfjöldapýramíðinn svokallaði sé eins og pýramídar almennt, þ.e. breiðastur neðst en mjókkir eftir því sem ofar dregur, verður hann því breiður efst en mjórri þar fyrir neðan.

Ef við horfum framhjá utanríkisviðskiptum þá þurfa þeir árgangar sem eru á vinnumarkaði að framleiða allar þær vörur og þá þjónustu sem allir landsmenn neyta. Það lendir því á hverjum og einum þeirra að standa undir neyslu sífellt fleiri einstaklinga. Það hefur veruleg áhrif á allt hagkerfið. Raunar er fyrirsjáanlegt að vegna þessa mun vægi þeirra landa sem eldast hraðast, ef svo má að orði komast, í heimsbúskapinum fara sífellt minnkandi þegar líður á öldina en vægi annarra fara vaxandi.

Hvort sem okkur líkar betur eða verr liggur því t.d. fyrir að vægi Evrópu í heimshagkerfinu

mun smám saman fara minnkandi. Það sama má segja um vægi Japans. Vægi Bandaríkjanna mun einnig minnka en ekki jafnmikið. Á móti kemur að vægi ýmissa „yngri“ landa, t.d. Indlands mun fara vaxandi að öðru jöfnu. Kína hefur nokkra sérstöðu. Þar verða enn um hríð mjög fjölmennir árgangar á vinnumarkaði en vegna stefnu stjórnvalda um eitt barn á hverja fjölskyldu mun það breytast. Það breytir því þó ekki að vægi Asíu í heimsbúskapnum ætti að vaxa verulega á næstu áratugum.

Áhrifin á eignamarkaði verða ekki minni. Í þeim löndum sem eldar mest þurfa elstu kynslóðirnar að selja miklar eignir til að framfleyta sér á efri árum. Þær fámennu kynslóðir sem landið erfa þurfa ekki að eignast jafnmikið til eigin framfærslu á efri árum. Mikið framboð en lítil eftirspurn gæti keyrt niður verð á eignum í þessum löndum, a.m.k. að því marki sem eftirspurn út-lendinga bætir ekki upp lítinn áhuga heimamanna.

Sala á eignum til útlandinga þarf raunar að koma til ef dæmið á að ganga upp. Hún hefur annars vegar þau áhrif að gera eldri kynslóðum heimamanna kleift að selja eignir sem yngri kynslóðir þurfa ekki. Hins vegar nýttast eignirnar til að greiða fyrir þær vörur og þá þjónustu sem kaupa þarf af útlandinum en fámennar kynslóðir heimamanna á vinnumarkaði hafa ekki undan að framleiða.

Fleira flækir dæmið, t.d. fólksflutningar á milli landa og sífellt vaxandi heilbrigðisútgjöld, sem sérstaklega falla til vegna eldri borgara, en það verður ekki rakið hér.

Þótt Evrópa sé elsta heimsálfan í þessum skilningi þá er staða Íslendinga um margt mun betri en hér hefur verið lýst. Þar kemur margt til en kannski fyrst og fremst það að ekki hefur dregið jafnmikið úr barneignum hér og t.d. sunnar í álfunni. Fyrir vikið stefnir ekki í mjög fámenna árganga á vinnumarkaði hérlandis. Þá skiptir líka máli að Íslendingar fara að jafnaði síðar á eftirlaun en víða tíðkast annars staðar og raunar er atvinnuþátttaka almennt mikil og vinnumarkaður sveigjanlegur. Íslenski pýramíðinn er því bara nokkuð heilbrigður. Lífeyrisherfið sem við höfum byggt upp og sú sjóðsöfnun sem þar hefur orðið og mun verða skiptir einnig höfuðmáli. Það er raunar óhætt að fullyrða flestar aðrar þjóðir geta öfundað okkur af því kerfi.



Fréttablaðið/Getty Images

Hvort sem okkur líkar betur eða verr liggur því t.d. fyrir að vægi Evrópu í heimshagkerfinu mun smám saman fara minnkandi. Það sama má segja um vægi Japans. Vægi Bandaríkjanna mun einnig minnka en ekki jafnmikið.

UM VÍÐA VERÖLD

Kann Martha að skammast sín?

Business Week | Jon Fine veltir því fyrir sér í Business Week hvort sumir kunni ekki að skammast sín. Fyrirmyndarhúsmóðirin Martha Stewart sitji enn í stofufangelsi en slaki þó hvergi á þegar kemur að margmilljónasamningum; Martha hafi nýlega samið um tveggja milljóna króna greiðslu fyrir ritun bókar um heilsufar og mataræði, Martha's Rules. Hún hafi á dögum setið fyrir á forsiðu tímaritsins Vanity Fair, væntanleg sé húsgagnalína undir hennar merkjum og dvd-diskar í bílförum. Fine spyr hvort sakkelling Mörthu fyrir innherjaviðskipti hafi í raun engin áhrif haft á viðskiptaveldi hennar. Fine virðist komast að þeirri niðurstöðu að öll umfjöllun sé af hinu góða, sama hvort hún sé neikvæð eða jákvæð: „Fyrirtæki Mörthu Stewart tengist persónu hennar órjúfanlegum böndum. Svo virðist sem öll umfjöllun um Mörthu eða fyrirtæki hennar auki enn frekar á velgengnina.“

Allt í kringum borðið

Financial Times | Financial Times gerir bankakerfið í Ísrael að umfjöllunarefni sínu. Timaritíð segir að í landinu starfi tveir bankar, þar af annar að mestu í ríkiseigu, sem standi í vegi fyrir frekari efnahagslegum framförum í Ísrael. Bankarnir einoki lána-starfsemi, hafi undir höndum stærstan hluta eigna almennings; veiti lán, fjárfesti, ráðleggi fjárfestum og miðli verðbréfum. Þeir sitji ekki bara báðum megin borðsins, heldur allt í kringum það. Segir í blaðinu að slíkt umhverfi, þar sem samkeppni skortir, gangi þvert á hagsmuni almennings. Það sjáist ef til vill best á því að sjöttíu prósent lánsfjár í landinu fari til eitt prósent landsmanna, smærri fyrirtæki og frumkvöðlar séu svelt fjármagn. Nú liggja fyrir í Ísraelska þinginu breytingartillögur sem miði að því að lyfta einokun bankanna. Slíkar umbætur verði að koma fyrir en seinna segir Financial Times: „Bankarnir standa náttúrulega vörð um yfirburðastöðu sína. Slíkir eiginhagsmunir hinna fáu og stóru mega hins vegar ekki ganga fyrir hagsmunum alls almennings.“

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSDIÖRI: Hafliði Helgason RITSDIÖRN: Björgvin Guðmundsson, Dögg Hjaltalín, Eggert Þór Aðalsteinsson, Jón Skaftason AUGLÝSINGASTJÓRI: Jónína Pálsdóttir RITSDIÖRN OG AUGLÝSINGAR: Skaffahlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSLÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEF-FANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds.

Verslaðu við traustan aðila!

LEIGJUM TJÖLD

sem henta við öll tækifæri!



Fyrir brúðkaup, ættarmót, afmæli, party og alls konar samkomur.
Hafðu samband og við gerum þér tilboð!

OPIÐ:
virka daga kl. 9-18
laugardaga kl. 12-16



EYJARSLÓÐ7 • SIMI 511 2200 • www.seglagerdin.is

Íbúðalánasjóður sem heilidsölubanki

Greiningardeild Landsbankans fjallaði um stöðuna sem upp er komin varðandi uppgreiðslur lána til Íbúðalánasjóds:

„Það er ekki varanleg lausn á vanda ÍLS að taka fyrir lána-samninga hans við bankana. Eftir situr að sjóðurinn þarf að ávaxta það fé sem hann hefur aflað með skuldabréfaútgáfu til þess að hann geti staðið við skuldbindingar sínar. Bankarnir voru farnir að bjóða lán á sambærilegum kjörum og ÍLS áður en til lána-samninga milli sjóðsins og bankanna kom. Þessir samningar eru því ekki forsenda fyrir því að

ÞJÓÐARBÚSKAPURINN

bankarnir bjóði lán á þessum kjörum. Því virðist óhætt að ætla að þeir hafi verið búnir að tryggja sér fjármögnun á þessari starfsemi, a.m.k. í einhvern tíma. Ef ÍLS hættir að lána bönkunum þá eru þeir í sömu stöðu og áður. Því er ekki ástæða til að ætla að það hafi nein áhrif á lánaframboðið á þessum markaði, a.m.k. ekki í bráð, þó að lána-samningum ÍLS og bankanna verði hætt.“

Síðar bætir greiningardeildin við: „Ef pólitísk samstaða næst mætti breyta fyrirkomulagi

sjóðsins þannig að hann fengi heilidsölu hlutverk. Í stað þess að standa í útlánum til einstaklinga þá myndu bankarnir sækja fjármögnun á húsnæðislánum sínum til sjóðsins, sem aftur pakkaði þeim og fjármagnaði með útgáfu skuldabréfa. Það mætti setja þetta upp annað hvort sem sjóð í

eigu ríkisins, eins og ÍLS er nú, eða með aðild bankanna. Þetta er svipað fyrirkomulag og þekkist t.d. í BNA. Stór samkeppni með ríkisábyrgð færi þá út af markaðnum. Líklegt er að sjóðurinn myndi áfram hafa aðgengi að fjármögnun á sömu kjörum og nú, og jafnvel betri þar sem hann

myndi raunverulega sjá um að fjármagna allan húsnæðislána-markaðinn.

Líklegt er að það kæmi vel út fyrir skuldabréfamarkaðinn og fyrir myndun grunnvaxta ef að ÍLS tæki að sér heilidsöluhlutverk. Einnig er líklegt að þannig mætti tryggja núverandi eða hagstæðara vaxtastig á fast- eignaveðlánum.“

Ef pólitísk samstaða næst mætti breyta fyrirkomulagi sjóðsins þannig að hann fengi heilidsölu hlutverk. Í stað þess að standa í útlánum til einstaklinga þá myndu bankarnir sækja fjármögnun á húsnæðislánum sínum til sjóðsins, sem aftur pakkaði þeim og fjármagnaði með útgáfu skuldabréfa. Það mætti setja þetta upp annað hvort sem sjóð í eigu ríkisins, eins og ÍLS er nú, eða með aðild bankanna.

Carnegie á matseðlinum

Jæja, þá er bara einn laxveiðitúr eftir af þessu sumri og svo er það ein golfferð seint í haust. Það er engin ástæða til að vera að treida mikið á markaðnum yfir hásumarið nema ef maður vill hreyfa eitthvað og láta sumararfleysingamiðlarana fara á taugum.

Nú fer hins vegar að líða að því að eitthvað fari að gerast. Menn eru búnir að vera að stinga saman nefjum í laxveiðitúrunum og við því að búast að eitthvað fari á hreyfingu innan skamms.

Ég fylgist náið með Landsbankanum og Burðarási þessa dagana. Eftir því sem ég heyri eru þeir að gefast upp á að reyna að ná undirtökunum í Íslandsbanka og munu sennilega skilja Straum eftir með að leysa úr

SPÁKAUPTAÐURINN

sinni stöðu þar. Carnegie er hins vegar efst á óskalistanum hjá Björgólfi Thor þessa dagana. Ég held að styttist í fréttir þaðan. Svo eru menn að spá því að sameining Landsbankans og Burðaráss sé einnig á dagskrá. Það gæti þó verið lengra í það. Það eina sem ég hef áhyggjur af varðandi Carnegie eru starfsmennirnir. Þeir eru mjög hátt metnir þegar litið er á verðmæti Carnegie og á fínunum kjörum í bankanum. Það þýðir að þeir hafa talsverð völd og verðmætið gæti rýrnað hratt ef styggð kemur í hópinn. Ef það gerist þá munu Kaupþingsmenn veiða menn frá Carnegie á fullu, eins og þeir hafa reyndar gert örlítið undanfarin misseri.

Björgólfur Thor verður að huga að því að fara vel að þeim og ég hef trú á því að hann muni vanda sig í því. Það er samt ekki hans stíll að láta starfsmennina hirða svona mikinn hluta hagnaðarins eins og hefur tíðkast í Carnegie.

Annars er ég kátur með uppgjörið í Íslandsbanka. Ég hef alltaf haft trú á Bjarna og uppgjörið kom þægilega á óvart. Ég sé allavega ekkert eftir því að hafa haldið bréfunum í bankanum. Það er nú reyndar þannig að flestar ákvarðanir sem ég tek í fjárfestingum hafa reynst réttar, þótt ég geti í sjálfu sér ekki útilokað að ég hafi einhvern tímann tekið ranga ákvörðun. Ég bara man ekki eftir neinni í svipinn.

Spákaupmaðurinn á horninu



Það eina sem ég hef áhyggjur af varðandi Carnegie eru starfsmennirnir. Þeir eru mjög hátt metnir þegar litið er á verðmæti Carnegie og á fínunum kjörum í bankanum. Það þýðir að þeir hafa talsverð völd og verðmætið gæti rýrnað hratt ef styggð kemur í hópinn.

www.toyota.is



Sumir draumar rætast

Avensis - Upplifun

Avensis stendur undir miklum væntingum. Bíllinn er ríkulega hlaðinn staðalbúnaði. Innri hönnun einkennist af miklu rými og þægindum fyrir ökumann og farþega. Avensis hefur sjálfvirkan regnskynjara á þurrkum,

Verð frá 2.340.000 kr.

tölvustýrða loftræstingu í miðstöð, hágæða hljómflutningstæki og afar fullkominn hemlunar- og öryggisbúnað. Komdu í reynsluakstur og láttu drauma þína rætast í veruleikanum. Næst ekur þú Avensis.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

FÓLK Á FERLI

DR. DANIEL L. HARTMAN mun gegna stöðu framkvæmdastjóra vörubróunar hjá Íslenski erfðagreiningu og stýra prófunum fyrirtækisins á nýjum lyfjum við algengum sjúkdómum. Dr. Hartman er 43 ára og hefur undanfarið ári stýrt alþjóðlegum

klínískum rannsóknum Pfizer á ofnæmi og öndunarfærarsjúkdómum. Áður starfaði hann í tvö ár við klínískar lyfjarannsóknir á lyfjum gegn hjarta- og æðasjúkdómum og efnaskiptasjúkdómum hjá Pfizer. Árin 2000 til 2002 var hann framkvæmdastjóri alþjóðlegra klínískra rannsókna hjá Esperion Therapeutics og þar áður gegndi hann stöðum hjá Pfizer og Eli Lilly. Hann lauk lækisfræðinámi frá Wayne State University og starfaði um tíma sem læknir og vísindamaður við Indiana University School.

HÖRÐUR HARÐARSON hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri markaðssviðs Ölgerðarinnar Egill Skallagrímsson ehf. Hörður hefur starfað hjá Ölgerðinni frá 2003 en þá var hann ráðinn í sjálfstæð vörubróunarverkefni. Í framhaldi tók Hörður við starfi

aðstoðarmanns forstjóra. Samhlíða ráðningu Harðar sem framkvæmdastjóra markaðssviðs flyst öll vörubróun yfir á markaðssvið en framkvæmdastjóri þess ber ábyrgð á mörgum af stærstu vörumerkjum landsins á drykkjar- og snakkmarkaði. Hörður lauk BS-gráðu í markaðsfræðum frá Tækniháskóla Íslands árið 2000 og masters-gráðu í alþjóðamarkaðsfræði frá Strathclyde-háskóla í Glasgow árið 2002. Á árunum 1999-2002 starfaði hann á markaðssviði Norðurljósa, nú 365 ljósvakamiðla, og sá meðal annars um markaðsmál fyrir sjónvarpsstöðina Sýn, verkefnisstjórn HM2002-verkefnis Norðurljósa og hafði umsjón með M12-tryggðakerfinu. Hörður hefur verið stundakennari við Tækniháskóla Íslands.

RAYMOND WEIL

GENEVE



Parsifal

Dömuúr 18kt gull og eðalstál, sett alls 59 demöntum 26pt. VVS. Perluskel í úraskífu sett 12 demöntum.

Bakarinn með hveitiofnæmið

Andri Sigbórsson rekur bakaríkeðjuna Brauð og bollur sem starfar á vesturströnd Noregs. Hann tjáði *Jóni Skaftasyni* að fyrirtækið hafi fengið fljúgandi start; á einu og hálfu ári hafi sex útibú verið sett á laggirnar og að stefnan sé sett á fleiri áður en langt um líður.

Flestir áhugamenn um knattspyrnu muna eflaust eftir Andra Sigbórssyni. Andri var á sínum yngri árum ein allra bjartasta von Íslendinga í sparkinu, hann hóf ferilinn hjá KR og spilaði víða erlendis; með þýska stórliðinu Bayern Munchen, í Austurríki með Salzburg og loks með norska liðinu Molde. Andri á þess utan að baki fjölda landsleikja með öllum landsliðum Íslands.

Meiðsli settu hins vegar ávallt strík í reikninginn og svo fór að lokum að hann neyddist til að leggja skóna á hilluna. Andri býr enn í Molde en kemur hvergi nálægt boltanum, heldur rekur hann sex bakarí á vesturströnd Noregs.

BAKARAMEISTARINN FYRIRMYNDIN

Andri á ekki langt að sækja bakaragenin, faðir hans er Sigbór Sigurjónsson sem lengi hefur rekið Bakarameistarann, þeir feðgar reyna hins vegar að halda sig sem allra fjærst brauðinu, enda báðir með ofnæmi fyrir hveiti: „Ég var svolítið langt niðri eftir að ég þurfti að hætta í fótboltanum. Ég vildi gefa boltanum algert fri og þá lá beinast við að fara í brauðin, enda er maður nánast fæddur í hveitiskúffunni. Þar er kannski komin skýringin á hveitiofnæminu.“

Fjárfestingafélag sem er að 65 prósent hluta í eigu Andra, Angvik Island, á 60 prósent í Brauði og Bollum, þá eiga tvö rötgróin norsk bakarí; Molde kaker og Tor Sevaldsen konditori, tuttugu prósent hvort.

Andri er titlaður forstjóri fyrirtækisins: „Norðmennirnir koma með þekkingu á norska markaðnum í reksturinn. Þeir þekja þetta út og inn, Molde Kaker hefur til að mynda verið í eigu sömu fjölskyldunnar í hundrað ár.“

Andri fer ekkert í felur með það að fyrirmyndin er sótt til þabba gamla í Bakarameistarannum: „Þegar ég var að fá félagana með mér í reksturinn bauð ég þeim til Íslands, sýndi þeim bakaríð hjá þabba og sagði þeim hvað ég væri að hugsa. Þeir þurftu ekki langan tíma til umhugsunar.“

„GERI ÞETTA BARA SJÁLFUR“

Andri á norska sambýliskonu og hefur komið sér vel fyrir í Molde. Hann segir Norðmenn hins vegar svolítið á eftir í mörgu. Áður en Brauð og bollur hafi komið til sögunnar hafi í rauninni sama bakkelsið verið á boðstólum sama hvar komið var niður á vesturströndinni.

Hann man nákvæmlega eftir því augnabliki þegar hugmyndin að fyrirtækinu fæddist: „Ég var nýhættur í fótboltanum og sat inni á kaffihúsi, maturinn var ekkert sérstakur frekar en venjulega. Þá rann upp fyrir mér að ég hafði ekki fengið ætan bita á kaffihúsi þessi þrjú ár sem ég hafði dvalið í Noregi. Þá ákvað ég að best væri að gera þetta bara sjálfur.“

Bakaríin hafa hlotið góðar viðtökur: „Þetta hefur reynst feikivinsælt og við höfum tröllatru á því sem við erum að gera. Fólk hringir í mig nokkrum sinnum í viku og vill fá að setja upp Brauða og bollu bakarí í sínum heima-bæjum. Maður hefur þurft að neita því hingað til enda er mikilvægt að fara ekki fram úr sjálfum sér. Nægur hefur vöxt-



ANDRI SIGBÓRSSON FORSTJÓRI BRAUÐS OG BOLLA Andri segist hafa verið búinn að búa í Noregi í þrjú ár án þess að fá ætan bita á kaffihúsi þegar hugmyndin að fyrirtækinu hafi fæðst: „Ég ákvað að best væri að gera þetta bara sjálfur“.

urinn þó verið, sex bakarí á einu og hálfu ári.“

SAMA SIGURTLIFNINGIN

Hjá Brauði og bollum starfa nú fimmtíu manns. Hagnaður fyrstu búðarinnar sem sett var upp í Molde, jókst um hundrað prósent síðasta hálfu árið.

Áætlað er að velta fyrir-tækisins verði á næsta ári 350 til 400 milljónir króna.

„Við stefnum að því að búa til bakaríkeðju á landsvisu. Fyrst þurfum við að koma okkur vel fyrir á vesturströndinni, ná kannski tíu bakaríum. En síðan eftir tvö til þrjú ár ætlum við okkur lengra með þetta. Það er þó vita-

skuld mikilvægt að fara ekki of geyst.“

Andri segist raunar hafa skellt sér út í djúpu laugina þegar farið var af stað með reksturinn, enda ekki menntaður bakarí: „Ég skellti mér út í þetta án þess að hafa til þess bakgrunn enda ætlunin að vera enn þá að spila fótbolta. Reksturinn er raunar ekki svo ólíkur boltanum, maður er að berjast daginn út og inn. Svo þegar maður fær gott uppgjör í hendurnar er það sama sigurtílfningin. Ekki ólíkt því að vinna Íslandsmót“.

Andri er mikið að keyra á milli útibúa og sjá til þess að allt gangi eins og smurt. Hann segir það ekki sinn stjórnunarstíl að læsa sig inni á skrifstofu og grúska í tölfraedi: „Ég er með fagfólk í því. Þetta er hins vegar mikil vinna, það þarf að vakna snemma og fara seint að sofa. Ég er heppinn að eiga góða og skilningsríka fjölskyldu.“

BESTA RÁÐIÐ

Allt sem þér viljið að að aðrir menn gjöri yður skulið þér og þeim gjöra

Gunnar Jónasson, kaupmaður í Kjótborg, segir besta ráðið komið úr Biblíunni en þar stendur einhvers staðar að allt sem þér viljið að aðrir menn gjöri yður skulið þér og þeim gjöra: „Boðskapurinn er sá að bera jafna virðingu fyrir öllum hvort sem þeir eru háir eða lágir.“

Hann bætir við að þetta hafi

reynst sér vel í áratuga verslunarrekstri: „Við höfum verið lengi í þessum bizzness og lifað af í gegnum súrt og sætt. Ég held að lykillinn að því sé gagnkvæm virðing milli okkar og kunnans.“

Ráðið hefur Gunnar frá foreldrum sínum sem lögðu alla tíð mikla áherslu á umburðarlyndi. Gunnar segist þó ekki vera sér-

staklega trúður: „Ég er svona jólatrúður eins og flestir Íslendingar. Maður getur alltaf notað Biblíuna og aðrar bækur sér til hagsbóta ef maður vill nýta það sem í þeim er.“ - jsk

GUNNAR JÓNASSON KAUPMAÐUR Í KJÓTBORG Gunnar segir gagnkvæma virðingu mikilvæga í samskiptum manna. Það eigi að bera jafna virðingu fyrir öllum óháð stöðu í samfélaginu.



Celtic og Rangers semja saman

Gömlu erkifjendurnir frá Glasgow, Celtic og Rangers, hafa endurnýjað auglýsingasamning sinn við bjórframleiðandann Carling. Auglýsing frá Carling verður því á treyjum liðanna næstu fimm árin. Upphæð samningsins er um tveir milljarðar króna.

Forsvarsmenn Carling eru ánægðir með samstarfið og benda á að kannanir sýni að staða fyrirtækisins í huga skoskra karlmannna á aldrinum 18-34 ára hafi aldrei verið sterkari.

Það vakti mikla athygli á sínum tíma þegar Celtic og Rangers gerðu sameiginlegan auglýsingasamning við bandaríska gagnaveitufyrirtækið NTL. Þrátt fyrir að grunnt sé á því góða meðal áhagendanna sjá eigendur félaganna mikinn hag í því að auglýsa saman og fá þannig betri samninga fyrir vikið. - epa



165 milljónir hjá Vodafone

Farsímarisinn Vodafone hefur bætt við sig 4,1 milljón nýrra notenda það sem af er ári, sem er mun meira en spár gerðu ráð fyrir og 35 prósent meiri aukning en á sama tíma í fyrra.

Alls eru nú 165 milljónir skráðra notenda hjá Vodafone og munar mestu um gríðarlega fjölgun notenda á Spáni, Ítalíu og í Rúmeníu. Það eina sem skyggir á framúrskarandi árangur fyrirtækisins er taprekstur í Japan, þar sem Vodafone er aðeins með þriðju mestu markaðshlutdeildina: „Árangurinn er framfarvönun í Bandaríkjunum og Evrópu, nú munum við einbeita okkur að því að auka markaðshlutdeild okkar í Japan“, sagði Arun Sarin stjórnarformaður Vodafone. -jšk



ALLT Í GÓÐU HJÁ VODAFONE Notendum Vodafone hefur fjölgað það sem af er ári. Alls eru nú 165 milljónir skráðra notenda hjá fyrirtækinu.

Hagnaður Intel eykst

Afkoma hátækniyrirtækisins í takt við væntingar.

Hagnaður Intel jókst um 16 prósent á öðrum ársfjórðungi þessa árs miðað við sama tímabil í fyrra. Hagnaður félagsins á fjórðungnum nam tveimur milljörðum Bandaríkjadala eða um 130 milljörðum króna.

Tekjur Intel á tímabilinu jukust um 15 prósent á milli ára.

Samkvæmt Vegvísi greiningaræildar Landsbankans var afkoma félagsins í takt við væntingar flestra sérfræðinga. Sumir fjárfestar höfðu hins vegar gert ráð fyrir að afkoma Intel yrði betri en spád hafði verið um. Bréf í félaginu lækkuðu því líftillega eftir að afkomutölurnar voru birtar.

Intel er bandarískt hátækniyrirtæki sem framleiðir meðal annars örgjörva og aðra íhluti í tölvur. -dh



INTEL Í SÓKN Tekjur félagsins jukust milli ára.

Cantona skýtur á Glazer

Manchester United goðsögnin Eric Cantona gagnrýndi á dögnum nýjan eiganda félagsins, Malcolm Glazer. Cantona segir Glazer ekki koma til með að hafa svipuð áhrif á United og rússneski auðkýfingurinn Roman Abramovich hefur haft á Chelsea: „United er ekki Chelsea og Glazer er ekki Abramovich“, sagði Cantona og bætti við: „Manchester United þarf ekki á einum manni að halda. United er sterkasta félag á plánetunni.“

Áhangendur Manchester United hafa margir gagnrýnt Glazer sem keypti á dögnum nánast öll hlutabréf í félaginu:

„Mér er alveg sama um Glazer,“ sagði Cantona. -jšk

KÓNGURINN Á OLD TRAFFORD Cantona segist engar áhyggjur haða af Malcolm Glazer og telur hann ekki koma til með að hafa mikil áhrif á Manchester United.



Átta þúsund prósent vextir

Breski okurlánarinn Mark Johnson var á dögnum dæmdur í fjögurra ára fangelsi. Johnson var sakaður um að hafa rekið lánastarfsemi án þess að hafa til þess tilskilin leyfi.

Johnson rak lánaskrifstofu í Birmingham í rúm þrjú ár og hafði upp úr krafsinu tæpar hundrað milljónir króna. Vextir af lánum skrifstofunnar voru allt að átta þúsund prósent á ári og var lánþegum hótað líkamsmeiðingum stæðu þeir ekki í skilum.

Á sama tíma og Johnson var á atvinnuleysissskrá ók hann um á átta milljóna króna sportbíl: „Þú niddist á þeim sem minnst mega sín í samfélaginu. Fólk sem ekki átti í nein önnur hús að venda“, sagði dómari í málinu áður en hann kvað upp úrskurð sinn. -jšk

Agúst

TILBOÐ

Ísland - Færeyjar - Danmörk - Noregur

(ath. takmarkað pláss)

Noregur

Noregur veur áhuga allra vegna stórfenglegs landslags og heillandi náttúrufergurðar. Þar eru fagrir og djúpir firðir, há fjöll, miklir skógar og vinalægir dalir með fossom og ám sem falla að lokum í vötn og til sjávar. Algengur ferðamáti þeirra sem leggja leið sína yfir hafði til meginlands Evrópu með Norrænu er til Danmerkur og heim frá Noregi. Þannig er fljótlegasti máttinn til og frá meginlandinu, en þá er ekki viðdöl í Færeyjum. Náttúrufergurð er einstök og alltaf eitthvað nýtt að sjá.

Danmörk - Noregur

19.600

Verð frá

Verð frá pr. mann miðað við 4ra manna fjölskyldu og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi. Gist í fjögurra manna klefa (inn)

Heildarverð kr. 78.300

Danmörk - Noregur

40.200

Verð frá

Verð frá pr. mann miðað við 2 í fjögurra manna klefa (inn) og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi.

Heildarverð kr. 80.400

Færeyjar

12.600

Verð frá

Verð frá pr. mann miðað við 4ra manna fjölskyldu og bíl. Gist í fjögurra manna klefa (inn)

Heildarverð kr. 50.400

Færeyjar

15.600

Verð frá

Verð frá pr. mann miðað við 2 í fjögurra manna klefa (inn) (deila klefa með öðrum) og bíl.

Heildarverð kr. 31.200

Með því að nýta sér ferðaávisanir er hægt að fá enn meiri afslátt. Smyril Line tekur ferðaávisanir frá MasterCard, VR og Eflingu sem greiðslu upp í ferðir.

Færeyjar

23.200

Verð frá

Verð frá pr. mann miðað við 2 í fjögurra manna klefa (inn) og bíl.

Heildarverð kr. 46.400

Danmörk - Noregur

22.500

Verð frá

Verð frá pr. mann miðað við 2 í fjögurra manna klefa (inn) (deila klefa með öðrum) og bíl. Siglt til Danmerkur og til baka frá Noregi.

Heildarverð kr. 45.000

Nú bókar þú á netinu

www.smyril-line.is

AUSTFAR

Fjarðargötu 8 • 710 Seyðisfirði • Sími: 472 1111
austfar@smyril-line.is • www.smyril-line.is

SMYRIL LINE ÍSLAND

Sætúni 8 • 105 Reykjavík • Sími: 570 8600 • Fax: 552 9450
www.smyril-line.is • email: info@smyril-line.is

Brýnt að einkavæða orkufyrirtækin

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, hefur verið ótull talsmaður einkavæðingar ríkisfyrirtækja á Íslandi undanfarin ár.

Af hverju er heppilegra að fyrirtæki séu ekki rekin af hinu opinbera? Hver er megin tilgangurinn?

Einkafyrirtæki og einkarekstur

í samkeppni verða að hafa arðsemi að leiðarljósi. Það er fjárhagslegur hagur eigenda og stjórnenda að stjórnun sé skilvirk og kostnaði sé haldið í lágmarki en jafnframt að þjónustan eða framleiðslan sé eins góð og mögulegt er. Það er líka beinn hagur starfsmanna að fyrirtækið sé rekið með hagnaði og því sé vel stjórnað því þá eiga þeir meiri möguleika á hærri launum. Þessi hvati er ekki til staðar í ríkisrekstri og sérstaklega er erfitt að gera vel við góða og skipulagða starfsmenn í ríkisfyrirtæki. Til lengri tíma dregur þetta úr metnaði starfsmanna því þeir sjá enga umbun fyrir vel unnin störf. Enginn hefur beinan hag af góðum rekstri. Þess vegna er þjóðhagslega hagkvæmt að rekstur sé á hendi einkaaðila, þar sem því verður við komið.

Sala hvaða fyrirtækis í eigu ríkisins telur þú að hafi skipt mestu máli fyrir íslenskt samfélag hingað til?

Það er ekki spurning að einkavæðing bankanna hefur valdið gjörbreyttu landslagi í íslensku atvinnulífi. Sú einkavæðing hefur án efa átt drjúgan þátt í

mikilli útrás íslenskra fyrirtækja og stórlækkun vaxta.

Er einhver ein aðferð við einkavæðingu ríkisfyrirtækja heppilegri en önnur?

Já, ég tel að ríkið eigi fyrst og fremst að hugsa um verðið. Önnur atriði eins og dreifð eignaraðild eða landbyggðarsjónarmið eiga að koma fram í almennri löggjöf enda er ógjörningur að segja fyrir um hvað verður um fyrirtækið að lokinni einkavæðingunni.

Ertu sáttur við hvernig staðið hefur verið að sölu ríkisfyrirtækja hingað til? Ég tel aðalatriðið vera að einkavæðingin hafi átt sér stað. Smáhnökrar á framkvæmdinni vege lítið í samanburði við það.

Nú liggur fyrir að Símann verður seldur. Hver eiga næstu skref í einkavæðingu að vera?

Orkufyrirtækin, tvímælalaust. Svo þarf að selja

Íbúðalánasjóð þannig að hann skekki ekki markaðinn og haldi uppi vöxtum og valdi löku þjónustustigi. Loks mætti huga að auknum einkarekstri í skólaferfinu og heilbrigðiskerfinu.

Hefur umfang ríkisvaldsins í atvinnulífinu minnkað nægjanlega í samræmi við minni ríkisafskipti?

Nei. Því miður eru stærsta framkvæmdin nú um stundir á vegum ríkisfyrirtækis við Kárahnjúka. Hún vegur upp á móti einkavæðingunni. Þess vegna er brýnt að einkavæða orkufyrirtækin þannig að við sjáum þau blómstra eins og bankana.

TÖLVUPÓSTURINN
Til Péturs Blöndals
alþingismanns og formanns
efnahags- og viðskiptanefndar
Alþingis



MÓTMÆLA EINKAVÆÐINGU Ekki eru allir ánægðir með einkavæðingarform ríkisstjórna víðs vegar um heiminn. Samkvæmt yfirmanni hjá fjármálafyrirtækinu Lehman Brothers hefur aðal ástæðan fyrir mikilli einkavæðingu í Frakklandi, Þýskalandi og Ítalíu verið sú að fá tekjur til að draga úr fjárlagahalla ríkissjóðs og/eða að borga niður opinberar skuldir. Megin tilgangurinn hafi ekki verið að minnka umsvif ríkisins á markaðnum og stuðla þannig að auknu frelsi, þótt það hafi auðvitað fylgt með í kaupnum og komið til góða.

Stóraukin einkavæðing

Sala á opinberum fyrirtækjum í ríkjum Evrópusambandsins náði nýjum hæðum í fyrra eftir þriggja ára lægð. Björgvin Guðmundsson segir að Íslendingar muni finna fyrir áhrifum þessa á morgun, þegar tilboð í Símann verða opnuð, eftir tveggja ára einkavæðingarhlé hér á landi.

Einkavæðing í Evrópu tók mikinn kipp í fyrra í ríkjum Evrópusambandsins samkvæmt rannsóknarstofnuninni Privatization barometer. Voru yfir átta tíu opinber fyrirtæki einkavædd að fullu eða hluta. Heildarvirði þessara viðskipta nam meira en fjögur þúsund milljörðum íslenskra króna. Jafngildir það að hver sala hafi numið að jafnaði um fimmtíu milljörðum króna. Til samanburðar hafa greiningardeildir íslensku bankanna verðlagt Símann, sem verið er að einkavæða hér á landi, á 45 til 60 milljarða króna.

Á árunum 2001 til 2003 dró verulega úr sölu ríkisfyrirtækja í löndum ESB. Árið 2003 voru ríkisfyrirtæki seld fyrir um 1.877 milljarða króna í 62 viðskiptum. Aukningin á milli áruna 2003 og 2004, sé

horft til heildartekna vegna einkavæðingar innan ESB, nemur um 132 prósentum. Sé horft á súluritið hér að neðan sést að heildartekjur vegna einkavæðingar í fyrra jafnast á við tekjur sem fengust af einkavæðingu í lok tíunda áratugarins. Þó er ein mikilvæg breyting þar á; á bak við tekjurnar 2004 eru mun færri samningar en árin 1997 til 2000. Það þýðir að verðmæti fyrirtækja, sem seld voru í fyrra, var mun meira en í fyrri einkavæðingum. Er þessi þróun í samræmi við væntingar um hækkandi hlutabréfa-verð á mörkuðum í Evrópu.

Séu tölur um einkavæðingu á þessu ári skoðaðar virðist ekkert ætla að hægja á þessari þróun milli ára. Nú þegar hafa verið seld hlutabréf í ríkisfyrirtækjum fyrir um tvö þúsund milljarða króna í 42 viðskiptum í Evrópu. Er verðmæti hvers samnings í ár því svipað og í fyrra. Svo virðist sem Frakkar fari geyst í þessum eignum. Þeir voru langtekjuhæstir í fyrra innan ESB vegna sölu ríkisfyrirtækja og slá ekkert af einkavæðingarformum sínum. Um þriðjungur allra tekna vegna einkavæðingar í ár hefur myndast þar í landi. Hæstu tekjurnar hafa fengist með sölu á hlut-

um ríkisins í Gaz de France og France Telecom. Ásamt Frökkunum eru Þóðverjar, Ítalir og Tékkar duglegir að einkavæða ríkisfyrirtækin það sem af er ári.

Í skýrslu Privatization barometer segir að ein megin orsök fyrir mikilli einkavæðingu í Frakklandi og Þýskalandi sé tilraun ríkisstjórnanna til að taka á miklum vandamálum í ríkisfjármálum landanna til að uppfylla skilyrði ESB í þeim eignum. Fjárlagahallinn í þessum ríkjum hafi verið mikill en á Ítalíu hafi ágóðinn af sölu ríkisfyrirtækjanna verið notaður til að greiða niður miklar skuldir hins opinbera.

Þetta er í samræmi við það sem yfirmaður Lehman Brothers, Vittorio Pignatti Morano, sagði á fundi í Róm í maí á þessu ári, að einkavæðing í Vestur-Evrópu hefði verið drifin áfram til að afla ríkisstjórnnum tekna í stað þess að auka frjálsræðið á markaðnum. Þó lagði hann áherslu á að hagkvæmnin myndi

aukast með einkavæðingu ríkisfyrirtækja. Formbreytingin yrði frekar til þess að lækka verð til viðskiptavina, treysta rekstrargrundvöll fyrirtækjanna og létta á ábyrgð ríkissjóðs í hverju landi. Privatization barometer stofnunin spáir því að vel viðri fyrir einkavæðingu á þessu ári. Hlutabréfamarkaðir verði áfram sterkir og mörg verkefni séu enn í pípunum innan ríkja Evrópusambandsins. Fleiri fyrirtæki verði seld á þessu ári og aftur sé farið að setja ný fyrirtæki á markað með frumútbodum. Vittorio Pignatti Morano sagði að Pólland yrði framarlega hvað þetta varðaði. Bylgja einkavæðingar myndi ríða yfir landið þar sem selja ætti tryggingarfélag, orkufyrirtæki og efnaverksmiðjur. Þó lönd vestur Evrópu hefðu farið mun fyrr af stað en ríki austur Evrópu í þessari þróun gæti saxast á forskotið fljótt. Það væri mikil áskorun fyrir nýju ríkin innan ESB.

MÁLID ER
Einkavæðing
í Evrópu

Topp tíu löndin 2004

TEKJUHÆSTU ESB-LÖNDIN VEGNA EINKAVÆÐINGAR*			
1. Frakkland	19.657	6. Austurríki	2.677
2. Þýskaland	15.440	7. Holland	1.875
3. Ítalía	16.219	8. Belgía	1.351
4. Pólland	2.969	9. Grikkland	1.117
5. Finnland	2.780	10. Ungverjaland	1.100

*Milljónir bandaríkjadala

Er þér heitt?


NÝ SENDING
LÆKKAÐ VERÐ

Skrifstofur
Tölvurými
Fundasali
Sumarhús

Færanleg loftkælikerfi

ís-húsið 566 6000
kælivélalagerinn

EINKAVÆÐING Í EVRÓPU 1996-2004



Hér gefur að líta tekjur hins opinbera vegna einkavæðingar í 25 ríkjum Evrópusambandsins undanfarin ár. Sem dæmi voru ríkisfyrirtæki seld í ríkjum ESB fyrir um 4.357 milljarða íslenskra króna í fyrra. Heimild: Privatization barometer

Frábær grínmynd fyrir alla fjölskylduna.
Gamanleikarinn Will Ferrell skorar feitt og hressilega í myndinni.
Ekki missa af fjölskyldugrínmynd sumarsins.

**AÐEINS EINN MAÐUR GAT
LEITT ÞETTA LIÐ TIL SIGURS...**

SÁ MAÐUR VAR UPPTEKINN.



WILL FERRELL

**KICKING &
SCREAMING**

UNIVERSAL PICTURES PRESENTS A MOSAIC MEDIA GROUP PRODUCTION A JESSE UYLAN FILM
WILL FERRELL HUGO WUILL "KICKING & SCREAMING" KATE WALSH MIKE OTKA MUSIC BY MARK ISHAM
EXECUTIVE PRODUCERS DAVID L. LITVINSON PRODUCED BY JIMMY MILLER WRITTEN BY LEONARDI & STEVE MURPHY DIRECTED BY JESSE UYLAN
COSTUME DESIGNER PAMELA WITKINS CHITON EDITOR STUART PAPPÉ EXECUTIVE PRODUCERS CHARLES ROYEN JUDY APSTON DANIEL LUPU
PRODUCTION DESIGNER CLAYTON R. WARTLEY DIRECTOR OF PHOTOGRAPHY LOUIS ALBERTO EXECUTIVE PRODUCERS CHARLES ROYEN JUDY APSTON DANIEL LUPU
EXECUTIVE PRODUCERS CHARLES ROYEN JUDY APSTON DANIEL LUPU
UNIVERSAL PICTURES MOSAIC



FRUMSÝND Í DAG
REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI



BANKAHÓLFID



Seinir fyrir

Fjárfestarnir Magnús Ármann og Sigurður Bollason eru stórtækir í viðskiptalífínu. Fjárfestingar þeirra teygja anga sína inn í FL Group, Mosaic Fashions og Og Vodafone og nú síðast inn í SPH. Talið er að hvor um sig hafi greitt um 50 milljónir króna fyrir stofnfjárhlut í sparisjóðnum. Hins vegar vildi ekki betur til en svo að þeir misstu af stofnfjáreigendafundinum á miðvikudagskvöldið þar sem þeir voru aðeins of seinir til. Þegar þeir komu hlaupandi í átt að höfuðstöðvum SPH var búið að loka fyrir innganginn og fengu hvorki þeir né blaðamenn að stíga fæti inn fyrir. Það skiptir því litlu hvað greitt er fyrir pundið ef maður mætir of seint.

Háll sem Páll

Páll Pálsson, stjórnarformaður SPH og framkvæmdastjóri, hefur lítið tjáð sig við fjölmiðla vegna málefna sparisjóðsins og oft sloppið vel undan ágengum fjölmiðlamönnum. Besta dæmið var kannski eftir hinn sögufræga stofnfjáreigendafund á miðvikudaginn. Að fundi loknum gekk Páll út við hlið Árna M. Mathiesen ráðherra. Gátu sjónvarpsáhorfendur séð hvernig fjölmiðlamennirnir stukku allir á Árna á meðan Páll trítlaði í burtu óáreittur, enda líklegt að fáir viti hvernig Páll lítur út. Löngu seinna föttuðu fréttamennirnir að bráðin var runnin úr greipum þeirra.

Hreyfing í Íslandsbanka

Nú bíða menn spenntir eftir hvernig hluthafahópur Íslandsbanka muni líta út í nánustu framtíð. Eftir birtingu uppjörs bankans geta innherjar farið á fullt að kaupa í eigin nafni. Að vísu er talið full víst að Flugleiðir geymi bréf fyrir Straumi sem verða sennilega seld Straumi ef að líkum lætur. Baugur og tengdir aðilar, ásamt Hannesi Smárasyni munu væntanlega koma að bankanum í ríkari mæli á næstunni og hugsanlegt er einnig að Karl Wernersson auki hlut sinn ef þörf verður talin á. Hins vegar er áhugi Landsbankamanna á að gera fleiri tilraunir í Íslandsbanka talinn vera að dofna og fullyrta að þeir muni eiga nóg með að takast á við spennandi verkefni í útlöndum á næstunni.

3.928

milljónir. Bókfært verðmæti eignar Burðaráss í Novator, fjárfestingarfélagi Björgólfs Thors Björgólfssonar

24,5

milljarðar. Hagnaður Burðaráss á fyrstu sex mánuðum þessa árs.

2.119

metrar Hæð Hvannadalshnúks í hugum flestra Íslendinga, hvað sem öllum mælingum líður.

MONT BLANC®

Stöðugt á toppnum



Í ferðaboxunum frá Mont Blanc er tjakkur sem auðveldar lestun og losun

Ferðaboxin frá Mont Blanc eru hönnuð með það í huga að hafa sem minnsta vindmótstöðu en jafnframt mikið rými.



Þrjú handtök og ferðaboxið er komið á toppinn



Margar þægilegar aðferðir eru til að geyma ferðaboxin frá MONT BLANC



1949 / TAKTİK / 16.605

Betri þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina og lánardrottna

Fyrirtækjabanki

B2B | Banki til bókhalds



Landsbankinn
Banki allra landsmanna

410 4000 | www.landsbanki.is



Lakagígar - Eldgjá - Loðmundarfjörður

Korando árg. 2000. Hérna er bíll fyrir þig. Einn eigandi, reyklaus. Uppl. í s. 555 4967 & 868 1520.



Toyota Yaris Sol árg. 1999 ekinn 54.000 km. Geislaspilari, samlitur og 15" álfelgur. Góður bíll. Verð 600 þús. stgr. www.bilapartar.is og 893 6404.



Benz 320CLK 1999, hlaðinn búnaði. Tilboð óskast. Áhvilandi 1.650 þús. Ásett verð 2.890 þús. S. 856 7334 Sveinn.



Toyota Touring árg. 1996 til sölu. Dráttarkrókur, 4X4, spoiler. Upplýsingar á www.bilapartar.is og í síma 893 6404.



Tveir með öllu!
Gullfallegur GMC Yukon '04, ek. 37 þ. Ásett v. 6 millj. Góður stgr.áfsl. MMC Pajero '97, 35" breyttur, dr.kúla, leðurseti. Ásett v. 1.450 þ. Góður stgr.áfsl. S. 822 7011 & 566 7073.



Chrysler Sebring '02. Glæsilegt eintak. Fæst á sérstöku verði. Páll s. 849 7288.



VW Golf 1,6 station '97, ek. 80 þús., ssk., nýtt í bremsum, ný timareim, nýtt þúst ofl. S. 862 9915.

Til sölu Suzuki Vítara '91, 3ja dyra. Ek. 185 þ. Mikió endurnýjaður. Gott eintak. S. 845 3671.

Rúta - Húsbíll

15 sæta M. Benz 309D árg. 1984 (gott húsbílfefni) til sölu. Ásett verð 350 þús. Til greina kemur að taka ódyran bíl uppí. Uppl. í s. 863 0990, 659 1893 & 567 2510.

Til sölu Toyota Carina E station árg. 1994, ek. 210 þús., sk. '06, ljósblár, lítur vel út. Uppl. í s. 862 0876.

Hyundai Accent '96, ek. 140 þús., nýskoðaður í góðu standi. Ásett verð 220 þús. Tilboð 160 þús. Uppl. í síma 662 2886.

Ford Escort '95, ekinn 200 þús. Ameríku típa. Tilboð óskast. Uppl. í síma 847 3196.

0-250 þús.



Til sölu Nissan Micra '95. Ek. 107 þús. V. 210 þús. Uppl. í s. 692 6778.



VW Polo 1.4 '96, ek. 126 þ. Sk. '06, lítur mjög vel út. Verð 280 þús. stgr. S. 898 7254 & 566 7254.



Toyota Corolla GLi, Beinsk, ný kúpling, ný timareim, ek. 203 þús. km. V. 235 þús. S. 697 7329.



M. Benz 300GD árg. '82. Verð 200 þús. Uppl. í síma 898 8791.



Til sölu Oldsmobile Delta '85 í toppstandi og skoðaður '06. Tilboð óskast. S. 697 3443.



Toyota Corolla GLi '92 bíll í toppstandi. Skoðaður '06, aukadekk á felgum. Ekinn 190 þús. Sjálfskiptur. Verð 250 þús. Ath. skipti. Uppl. í síma 856 2794.

Til sölu Volvo 740 '88, nýsk. Góður bíll. Uppl. í s. 892 4360.

180 kr. afsláttur af Suzuki Vítara '94, ek. 245 þús. Þarfnast lagfæringa fyrir skoðun. Tilboð 120 þús. Uppl. í síma 867 3789.

Frábær gamall hippa til sölu Kawasaki 550 cc. selst á sanngjömu verði. Uppl. í síma 820 2494.

Ford Escort Station '95 til sölu. Ek. 160 þús. V. 250 þús. Uppl. í s. 899 0112.

Compi Camp Night Rider tjalðvagn til sölu á 150 þús. Óska eftir Grand Vítara í skiptum fyrir Yaris '00. S. 699 7375.

Suzuki Swift '91, grár, ek. 130. Verð 65 þ. Skipti á Kerru möguleg. S. 860 4166.

Scoda Felicia station árg. '96, nýskoðaður í góðu lagi. Verð 140 þús. Uppl. í s. 661 2697.

Hyundai Accent '97 ekinn 101 þús. 5 dyra, smá útlitgallaður. Góður bíll. Verðtilboð 180 þús. Uppl. í síma 691 9374.

Volvo 460 '93 2.0l. Ssk. Ekinn 140 þús. Skoðaður '06. Verð 135 þús. Sími 868 8565.

Til sölu Toyota Touring árg. '93, ekinn 150 þús. Þarfnast smá lagfæringa. Selst ódyrt. Skoðaður. Verð 70 þús. Uppl. í síma 866 6864.

Til sölu Toyota Carina II árg. '90, 2ja lítra, ssk. rafm. í rúðum, dráttarkrókur ofl. Skoðaður '06. Í góðu standi 130 þ. Staðgreitt. Helginni Reddað! S. 840 3250.

Til sölu Mazda 626 árg. '88. Verð 80 þús., sk. '06. Einnig Audi 80 árg. '88 sem þarfnast smá lagfæringa. Uppl. í s. 892 0040.

Nissan Sunny '92, 1600 ekinn 202 þús. Sk. '06 Góður bíll. Verð 95 þús. Uppl. í síma 865 1949.

Opel Astra station '95 1400 sjálfskiptur, ekinn 158 þús. Verð 150 þús. Uppl. í síma 660 2406.

Tjónaðir bílar, Hyundai Scoupe Tourbo '93, Primera '92 diesel, góð vél. Sími 896 8568.

Toyota Touring '94, ekinn 200 þús., nýskoðaður. Verð ca 120 þús. Uppl. í síma 487 1924.

250-499 þús.



Mazda 323 GLX árg. '98 ekinn 132 þús. Nýskoðaður. Engin skipti. Uppl. í síma 897 4978.



Peugeot 306 Symbio. Árg. 1998, sk. '06, ekinn 63.000. Verð 490.000 kr. Uppl. í síma 467 1774 & 898 7959, e. kl. 17.00.



Toyota Hilux xcap árg. '91 diesel. Nýjar legur og bremsur er á 33". Skoða skipti á dyran. Uppl. í s. 694 4695.



Toyota Carina E 1800, árg. '96, ek. 150 þ. Dráttark. Ásett verð 430 þ. S. 891 7088.



Volvo 850 '93 2.0l ssk. Sk. '06. Verð 265 þús. Sími 868 8565.



Nissan Terrano '92, Bensín 3000cc, ekinn 225 þús, skoðun 2006. Sjálfskiptur, álfelgur, dráttarkúla, glerþoppluga, hiti í sætum, rafdrifnar rúður og speglar, stigbretti, þjónustubók, reyklus. Verð 350 þús. S. 861 3161.

Til sölu Suzuki Baleno árg. '97 ekinn 53 þús. Verð 430 þús. Uppl. í síma 699 1273.

Skoda Felicia árg. '99, ekinn 91 þús. Verð 310 þús. Sumar og vetrardekk fylgja. S 821 9955.

Nissan Micra '99, ek. 107 þús. Finn bíll. Verð 360 þús. Uppl. í síma 869 8451.

Nissan Micra '96, ek. 100 þús. Áhv. 230 þús., 10 þús. á mán. Verð 300 þús. Uppl. í síma 869 6767.

500-999 þús.



Porsche 944 árg. '87. 18" álf, toppl., leður. Gullfallegur og góður bíll. V. 850 þ. Uppl. í s. 823 5201.



Mercedes Benz E 200, árg. 1994, grár, sjálfskipt, ekinn 180 þúsund km. Útvarp/geislaspilari. Skipt hefur verið um bremsudiska, klossa og er þústkerfi nýlegt. Billinn er nýskoðaður. Gott eintak. Listaverð kr. 752.000. Tilboð 650.000 kr. staðgreitt. Uppl. í síma 895 1061.

BÍLADELLUDAGAR

50% afsláttur

AFSLÁTTUR AF BÍLASMÁAUGLÝSINGUM SEM BIRTAST Í FRETTABLAÐINU Á LAUGARDÖGUM OG Í HEILA VIKU Á VISIR.IS. GILDIR TIL LAUGARDAGSINS 6. AGÚST.

FRETTABLAÐIÐ

PANTAÐU Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS.



VW Vento árg. '97, sjálfskiptur, í toppstandi. Ekinn 59 þús. Ný nagladekk fylgja. Verð 550 þús. stgr. Sími 696 6707, Elsa.



Til sölu BMW 325 árg. '93, ekinn 235 þús. á boddy og 120 þús. á vél. Nýjar demparar, nýtt í bremsum. Góðar græjur. Verð 690 þús. Uppl. í síma 845 4297.




MMC Lancer 1300 árg. '99 ek. 60 þús. Low Profile og álfelgur. Yfirtaka á láni 570 þús. Uppl. í s. 557 8518 & 690 1517.




Toyota Corolla 1600, árg. 10/99. bsk., ek. 96 þús., nýsk., ný timareim, dráttarkúla. Verð 600 þús. S. 869 0919.

Til sölu Subaru Impreza, árg. '98, grænn að lit. Ekinn 54 þús. Einn eigandi frá upphafi, reyklus, mjög vel með farinn, algjör konubíll. Upplýs. í s. 891 6062.



Toyota Corolla st '99, ný timareim, nýskoðaður. Ekinn 82 þús. Topp bíll. Verð 750 þús. stgr. Engin skipti. Uppl. í síma 897 2555.



VW Golf 1.6, árg. '99, ek. 81.500, silfur, sjálfsk., álfelgur, CD. Tilboð. S. 698 5960.



Toyota Avensis l/b árg. 2002 ek. 79 þús. 2000cc (150hó) beinsk. Verð 1.690 þús. Uppl. í s. 863 0441.



Subaru Legacy Outback 2,5l '00. Ek. ca 100 þús. Mjög vel meðfarinn, gott viðhald. Einungis bein sala. V. 1.570 þús. Uppl. í síma 896 9877.



Volvo S80 T6 '00. Ek. 148 þ. 272 hö. Ásett verð 2,4 m. Tilboð 1.990 þ. stgr. S. 699 5552.



Passat Comfortline 4Motion '02, leður/alcantras, krókur, 17" low profile+nagladekk á felgum. V. 2 mill. yfirtaka á láni. S. 822 8166.



Toyota Avensis 2000 árg. '01, ek. 41 þús. km, sjálfskiptur, einn eigandi, þjónustubók. Verð 1.430 þús. Uppl. í síma 861 5394.



Lexus IS200, árg. 2001, ek. 70 þús. 6 gira, beinsk, reyklus. Verð 1.750 þús. Engin skipti. Sími 696 2111 & 694 3203.



Skoda Octavia 2002 1,6 sjálfskiptur, ekinn 94 þús. Nýskoðaður '07, þjónustubók og ástandsskoðun. Verð 1.250 þús. Uppl. í síma 663 2961.



Ford Mondeo 1.8 Trend, árg. 2001, ek. 75 þús. Lúga, kastarar, rafmagn í öllu, loftkæling, lítað gler. Frábær fjölskyldubíll. Verð 1.190 þ. Ath. ýmis skipti. S. 661 6000.

Mercedes Benz E300D árg. '96, sk. '06. Í góðu lagi. Verð 1.000.000 kr. Uppl. í s. 825 3065.

2 milljónir +



Hyundai Tucson 2005, ekinn 9 þ., samlitáður, 18" sumar + vetrard. V. 2,8 m. S. 892 2422.



Ford Escape 2005 V6 Ek. 9 þ. km 3000 cc. Leðurseti og toppluga. Dráttarbeisli, dökkar rúður, ssk. og m. fl. Glæsilegur bíll í toppástandi. Verð 2.850 þús. stgr. S. 821 2066.



Grand Caravan Sport 07/2004 ek. 26 þús. m. 3,3 l, sjálfsk., gylltur, ljós innrétting, loftkæling, captain stólar, CD, krómfelgur. Sími 862 0026.



Frábær 7 manna ferðabíll. Dodge Caravan SXT árg. 2005. 6 cyl. 3.3l, 4 brepa skipting. Innfelld bamasæti. CD & DVD, ekinn 20 þ. m. Verð 2,8 m., áhv. 2 m (35þ/mán). Uppl. í s. 896 6612.

Bílar óskast

0-150 þ. Staðgreitt, ekki eldri en '93, má þarfnast lagf, eða skoðunar. S. 659 9696.

Óska eftir station bíl eða jeppa, ekki eldri en 2000, á verðbilinu 1-2 m. kr. Er með Ford Focus '99 að verðmæti 720 þús + staðgreiðslu. S. 896 6612.

Óska eftir jeppa í skiptum fyrir fólkabíl árg. '96 ca 6-700 þús. Uppl. í síma 899 0544.

Jeppar



Til sölu Landrover Defender árgerð 2000. Breyttur, á 38 tommu dekkjum, spil, loftlæsingar framan og aftan. Stór farangursgrind, GPS, sími ofl. Verð: 3.200.000 eða tilboð. Áhugasamir senda tölvupóst til smaar@frettabladid.is merkt Landrover 2000. s.561 6010



Montero Endeavour árgerð 2004 til afgreiðslu strax. Ameríkuejppinn frá Mitsubishi. Sérstaklega sparneytinn en kraftmikill bíll á 17 tommu álfelgum. Ekinn 47 þús. km. Þú ræður verðinu Gerðu okkur tilboð! Nýtt, Allt að 5 ára ábyrgð. BílaUppboð islandus.com



Pajero árg. '92, ek. 193 þús., 7 manna, nýtt í bremsum, ný tímareim og vatnsdæla. Sk. '06. Verð 360 þús. Sími 820 4340.



Pajero skr. 12/'98 ekinn 66 þús. V6, sjálfskiptur, 7 manna, krókur. Verð 1.750 þús. Uppl. í síma 698 4931.



Reitur 1.130.1 - Héðinsreitur

Tillaga að deiliskipulagi á reit sem markast af Mýrargötu, Seljavegi, Vesturgötu og Ána-naustum. Deiliskipulagið er unnið í samræmi við forsendur og markmið rammaskipulags fyrir Mýrargötu og slíppasvæði. Lagt er til að sameina allar lóðir á reitnum utan Seljavegar 2, þannig að á reitnum verði aðeins tvær lóðir. Á sameinuðum lóðum er gert ráð fyrir að byggja megi á allri lóðinni og er gert ráð fyrir bílageymslu á fyrstu hæð og hluta af annari hæð. Þar fyrir ofan er heimilt að byggja íbúðir og atvinnuhúsnæði á allt að fimm hæðum. Byggingarreitur eru almennt 12 metrar með gegnumgangandi íbúðum, en gera má ráð fyrir dýpri reit, eða allt að 22 metrum, ef byggðar verða umönnunariðubúðir með tengingangi. Aðkoma að bílageymslum verður frá Ána-naustum og Seljatorgi. Bílastæði skulu öll vera í bílageymslum, að því undanskildu að áfram verður heimild fyrir bílastæðum á Seljavegi 2, þar sem hefð er fyrir þeim. Heimilt verður að hækka nyrsta hluta Héðinshúss á Seljavegi 2 og hækka mæni efri hluta þess um 1,5 metra, auk þess að byggja svalir/svalagang inn að reitnum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Sundlaugavegur 34, farfluglaheimili.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Laugardals hvað varðar lóðina að Sundlaugavegi 34, farfluglaheimili.

Breytingin felst í því m.a. að ónýttur byggingareitur verði aukinn um 900m² og verði því heildarbyggingarmagn á lóðinni allt að 3330m². Hámarkshæð bygginga verði þrjár hæðir með hámarkshæðarkóta 23,5m á þeim hluta byggingareits sem snýr að Sundlaugavegi, leyfilegt verði að samnýta nýtt bílastæði á lóð tjaldsvæðisins og aðkomu að svæðinu verður breytt vegna hringtorgs sbr. samþykkt samgöngufundar.

Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Reitur 1.152.3, Skuggahverfi.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Barónsreits sem afmarkast af Skúlagötu, Barónsstíg, Hverfisgötu og Vitastíg.

Breytingin felst í því m.a. að turnbygging á miðju deiliskipulagssvæðinu hefur verið felld niður. Þess í stað hefur byggingarmagn verið flutt yfir í hábyggingar við Skúlagötu og Lindargötu, byggingarmagn verður aukið um 1.250m² og byggingarmagn bílageymslu aukið um 400m². Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í upplýsingaskála skipulags- og byggingarsviðs Reykjavíkurborgar í Borgartúni 3, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá 27. júlí til og með 7. september 2005. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, www.skipbygg.is. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið skipulag@rvk.is, til skipulags- og byggingarsviðs (merkt skipulagsfulltrúa) eigi síðar en 7. september 2005.

Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykka tillögurnar.

Reykjavík, 27. júlí 2005
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur



Átak ehf. bílaleiga óskar eftir að ráða starfmann í framtíðarstarf.

Í starfinu fellst:

Þrif og leiga á bílum, dekkjaskipti og fl.

Samvirkusemi, þjónustulipurð, jákvæðni, öguð vinnubrögð og stundvísi.

Góð enskukunnátta er nauðsynleg.

Áhugasamir vinsamlega sendið umsóknir fyrir 5. Ágúst 2005 á netfangið atak@atak.is eða í pósti:

Átak ehf, bílaleiga
Smiðjuvegi 1
200 Kópavogi
www.atak.is

Hver eyðilagði Rádío Reykjavík?

ALFRED ALFREÐSSON SKRIFAR
BOGA ÁGÚSTSSYNI OPIÐ BRÉF

Það voru ekki Norðurljósin eða 365 sem reyndu að koma Rádío Reykjavík á hausinn, það var fyrrum framkvæmdastjóri félagsins Sigurður G. Guðjónsson, stjórnarformaður Blaðsins, sem gerði það.

Í Kastljósspætti í síðustu viku fórst þú, Bogi Ágústsson, nokkrum orðum um það hvernig Norðurljósin sálugu, nú 365, lögðu til atlögu við útvarpsstöðina Rádío Reykjavík, atlögu sem að lokum kom þessari annars ágætu stöð á hausinn. Þetta er hverju orði sannara, en hafa skal nú samt það sem sannara er. Forsaga þessa máls er sú, að þegar Rádío Reykjavík hafði verið í loftinu í rúmt ár, fengu þáverandi forráðamenn Norðurljósaanna upp í hendurnar skoðanakönnun frá Gallup sem sýndi svo ekki var um villst, að litla útvarpsstöðin Rádío Reykjavík var komin með nálægt því sömu hlustun og Bylgjan. Þáverandi forstjóri Norðurljósaanna tilkynnti starfsfólki sínu að þessa stöð skyldi drepa. Norðurljósin stofnuðu útvarpsstöð sem þeir kölluðu X-ið, og var hún algjör kópering af Rádío Reykjavík, enda sett henni til höfuðs. Því næst hófu Norðurljósamenn að bjóða sölufólki Rádío Reykjavík gull og græna skóga, flyttu menn sig um set upp á Lynghál 5.

En kærri Bogi. Fyrirtæki lifa ekki sjálfstæðu lífi. Það eru þeir sem þeim stjórna sem ákveða stefnuna. Við hlíð þér í Kastljóss-



RÁDÍÓ REYKJAVÍK Það var Sigurður G. Guðjónsson sem eyðilagði Rádío Reykjavík, segir greinarhöfundur.

þættinum um daginn sat Karl Garðarsson, sem væntanlega á nú að vera boðberi frjálsræðisins við hliðina á risanum 365, enda ritstjóri blaðs sem kynnir sig sem frjálst og óháð. Stjórnarformaður þessa frjálsa blaðs er Sigurður G. Guðjónsson, sem í forstjóratið sinni á Norðurljósunum hrópaði á starfsmenn sína: „Við drepum þá, við drepum þá“, maðurinn sem kom Rádío Reykjavík loksins á hausinn.

Þeir starfsmenn Norðurljósaanna sem sögðu mér þessa sögu, sögðu að tapið af X-inu hafi numið milljónum á mánuði. Þeir sögðu mér ennfremur að þetta hafi verið gælverkefni Sigurðar G. sem hafi átt sér þann draum æðstan að koma RR á hausinn og það sem fyrst.

Sömu starfsmenn sögðu mér skömmu eftir að Gunnar Smári Egilsson tók við, að það væri ör-

uggt að X-inu yrði lokað fljótlega, því þar á bæ væru menn ekki að elta ólar við svona vitleysu eins og það var orðað, heldur ætti hver eining að standa undir sér. Enda fór svo, að nokkru síðar var X-inu lokað.

Þetta mál er mér skylt vegna þess að ég rak Rádío Reykjavík um nokkurra mánaða skeið á síðasta ári. Það er líka deginum ljósara að þessi stöð væri starfandi enn þann dag í dag ef Sigurður G. Guðjónsson hefði ekki gert allt sem í hans valdi stóð til þess að koma henni á hausinn.

Því segi ég Bogi minn kærri, hafa skal það sem sannara er. Það voru ekki Norðurljósin eða 365 sem reyndu að koma Rádío Reykjavík á hausinn, það var fyrrum framkvæmdastjóri félagsins Sigurður G. Guðjónsson, stjórnarformaður Blaðsins, sem gerði það. ■



Kryddsmjör kitlar bragðlaukana!

Gott er að hafa mismunandi tegundir af kryddsmjör við höndina til að töfra fram rétta bragðið hverju sinni. Kryddsmjör er t.d. ómissandi með grillkjötinu, bökðu kartöflunni, grillaða maískólfnum – eða ofan á snittubrauðið!

Veldu þitt uppáhaldsbragð!

OSTA- OG
SMJÖRSALAN SF.

www.ostur.is

Canon MV800

- 1/6" 800k pixel CCD og DiGiC DV
- 20x optískur og 400x stafrænn
- High Resolution 16:9 mode (Widescreen)
- Hristivörn (Image Stabilizer)
- Sjálfvirkur Easy Mode
- 2.4" skjár
- DV út

• Verð: **34.900 kr**



Canon



Canon MV850i

- 1/6" 800k pixel CCD og DiGiC DV
- 22x optískur og 440x stafrænn
- High Resolution 16:9 Mode (Widescreen)
- Hristivörn (Image Stabilizer)
- Sjálfvirkur Easy Mode
- Super Night Mode
- 2.4" skjár
- DV inn/út
- Analogue inn
- PictBridge

• Verð: **49.900 kr**



Canon MVX25i

- 1/3.4" 2.2 Megapixel CCD og DIGIC DV
- 14x optískur og 280x stafrænn
- High Resolution 16:9 Mode (Widescreen)
- Hristivörn (Image Stabilizer)
- Super Night Mode
- Manual Focus Ring
- 2,5" skjár
- DV inn/út
- Analogue inn
- PictBridge

• Verð: **94.490 kr**



www.hanspetersen.is

HANS PETERSEN



* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

ICEX-15 4.277 +0,49%

Fjöldi viðskipta: 269
Velta: 2.639 milljónir

MESTA HÆKKUN

↑ Síminn +6,00%
Össur +2,56
Grandi +1,19

MESTA LÆKKUN

↓ Landsbankinn -1,68%
Actavis -0,48

HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU: Actavis 41,10 -0,48% ... Bakkavör 38,50 +0,00%... Burðarás 16,35 +0,00%... FL Group 14,60 +0,69% ... Flaga 4,72 +0,43%... HB Grandi 8,50 +1,19% ... Íslandsbanki 13,90 +1,09% ... Jarðboranir 21,50 +0,00% ... KB banki 560,00 +0,90% ... Köggun 59,00 +0,51% ... Landsbankinn 18,30 -1,08% ... Marel 58,90 +0,68% ... SÍF 4,80 +0,21% ... Straumur 12,55 +0,80% ... Össur 80,00 +2,56%

viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

Peningaskápurinn...

Væntingar stjórnenda

Nú stendur yfir uppgjörshryna með tilheyrandi grúski, þælingum, svíta og öðru því um líku fyrir þá sem virkilega vilja vakti markaðinn. Eitt af því sem árvökulir fjárfestar nota til að fylgjast með er að rýna í afkomuspár greiningardeilda bankanna. Oft eru þær á pari, stundum yfir væntingum og stundum undir væntingum. Greiningardeildirnar nota excel-skjöl og önnur vísindatöl til þess að spá fyrir um veltu, rekstrarhagnað og hagnað stærstu fyrirtækjanna í Kauphöllinni með nokkurri vissu. Einn vankantur er þó á afkomuspám bankanna því þær taka ekki tillit til væntinga stjórnenda félaganna. Því getur fyrirtæki skilað rosa góðu uppgjöri að mati greiningardeildanna en slæmu að mati stjórnendanna. En þar sem fjárfestar búa ekki í fullkomnum heimi verða þeir bara að setta sig við þær mælistikur sem þeir sjá hverju sinni. Getur mismunur á væntingum stjórnenda og væntingum greiningardeilda því oft útskýrt óeðlilega hegðun markaðarins.

Verðmætar eignir

Heildarvirði allra eigna í Bretlandi um síðustu áramót er engin dvergtala. Samkvæmt frétt bresku hagstofunnar var virði eigna í Bretlandi 5.843 milljarðar punda og hafði hækkað um 404 milljarða punda á milli ára. Mestu verðmætin felast í íbúðarhúsum Bretanna, sem eru um 55 prósent af heildarauðnum. Yrði öllum þessum verðmætum deilt á Íslendinga fengi hver og einn 19,5 milljarða punda í sinn hlut. Hins vegar fengi hver Breti tæp hundrað þúsund pund eða tæpar ellefu milljónir króna í vasann. Á vef bresku hagstofunnar kemur einnig fram að opinberum starfsmönnum fjölgaði um 72 þúsund frá áramótum til mars á þessu ári. Mest fjölgaði í starfsliði heilbrigðis- og félagsmálageirans. Athyglisvert er að svo nákvæmar upplýsingar liggja fyrir um fjölgun opinberra starfsmanna í Bretlandi í ljósi þess að mjög erfitt er að nálgast svipaðar tölur á Íslandi. Væru þær tölur tiltækar hérlendis yrði hægt að sjá fjölgun starfa hjá hinu opinbera þrátt fyrir sölu margra ríkisfyrirtækja.

MARKAÐSFRÉTTIR...

Væntingar kvenna á Íslandi eru að aukast meira en væntingar karla samkvæmt væntingavísitölu Gallup.

Hagnaður bandaríska háteknifyrirtækisins Texas Instruments jókst um 48 prósent á öðrum ársfjórðungi miðað við sama tímabil í fyrra.

Kauphöllin hefur samþykkt framkomna beiðni um afskráningu hlutabréfa í Samherja af aðallista Kauphallarinnar.

Væntingavísitala þýskra fyrirtækja hækkaði í júní, annan mánuðinn í röð og hefur hún ekki mælst hærrí í fimm mánuði.



NÝTT MET Úrvalsvísitalan hækkar enn og stendur í hæsta gildi frá upphafi – 4.278 stigum.

Úrvalsvísitalan aldrei hærrí

Innlendur hlutabréfamarkaður heldur áfram að hækka. Úrvalsvísitalan náði í gær hæsta gildi sínu frá upphafi þegar hún endaði í 4.278 stigum. Eldra met var sett á mánuðaginn.

Frá byrjun júlí hefur vísitalan hækkað um 3,5 prósent en yfir 27

prósent frá áramótum. Að undanförunu hafa bankar og fjárfestingafélög hækkað umfram önnur félög. Íslandsbanki og KB banki hækkuðu yfir eitt prósent í Kauphöllinni í gær. Bæði Burðarás og Landsbankinn hafa hækkað yfir sjö prósent frá mánaðamótum.

- eþa

Hagnaður eykst en framleiðsla minnkar

Hagnaður Norsk Hydro á öðrum ársfjórðungi jókst um 61 prósent frá sama árshluta í fyrra. Hátt olíuverð veldur þessum mikla vexti milli ára en þar að auki koma inn meiri umsvif í olíu- og álframleiðslu.

Hagnaðurinn nam 36 milljörðum króna sem er um tvöfalt hærrí upphæð en hagnaður Burðarás á sama tíma. Tekjur Norsk Hydro voru 420 milljarðar króna á fjórðungnum.

Uppgjörið var undir væntingum markaðarins. Þrátt fyrir hátt olíuverð dróst dagsframleiðslan saman um átta prósent og nam 540 þúsund tunnum á dag. Gengi Norsk Hydro féll um 1,5 prósent í



NORSK HYDRO Nýtur þess hversu hátt olíuverð er þessa dagana. Hagnaður hækkaði um 61 prósent á öðrum ársfjórðungi.

gær og endaði í 620 krónum á hlut.

- eþa

Gengishagnaður skilar sér

Hagnaður Sparisjóðsins í Keflavík og SP-fjármögnunar vex mikið á milli ára.

Sparisjóðurinn í Keflavík hagnaðist um hálfan milljarð á fyrri hluta ársins. Það er nærri 40 prósent aukning frá sama tímabili í fyrra. Sparisjóðurinn naut góðs af hagstæðu árferði á fjármálamörkuðum en gengishagnaður var 520 milljónir eða meiri en hagnaður eftir skatta.

Hreinar vaxtatekjur jukust um sautján prósent og hreinar rekstrartekjur hækkuðu um fimmtung. Rekstarkostnaður jókst um fimmtung. Arðsemi eigin fjár var 37,4 prósent. Eigið fé sparisjóðsins er nú um 3,1 milljarðar króna, þar af er uppfært stofnfé um einn milljarðar.

Þá hefur eignaleigufyrirtækið SP-fjármögnun, sem er að stærstum hluta í eigu Landsbankans, SPV og SPH, birt sex mánaða uppgjör. Hagnaður félagsins var 188 milljónir eftir skatta og jókst um tæp 70 prósent á milli ára. Stjórnendur fyrirtækisins segja að uppgjörið sé í góðu samræmi við áætlanir.

- eþa



GEIRMUNDUR KRISTINSSON, SPARISJÓÐSSTJÓRI SPKEF Sparisjóðurinn hagnaðist um hálfan milljarð á fyrri árshelmingi sem er aukning um 40 prósent frá árinu áður.

SPM eykur hagnað sinn

Opnar útibú í Reykjavík

Sparisjóður Mýrasýslu (SPM) hagnaðist um 213 milljónir á fyrstu sex mánuðum þessa árs. Er það 92 prósent aukning frá sama tíma í fyrra.

Hreinar vaxtatekjur voru 300 milljónir króna og jukust um fjórðung á milli ára. Aðrar rekstrartekjur voru 333 milljónir króna og jukust um 60 prósent. Rekstargjöld voru um 300 milljónir og hækkuðu um 28 prósent.

Arðsemi eigin fjár var yfir 30 prósent. Eigið fé nam 1,6 millj-

örðum króna en eignir voru um 20 milljarðar.

Bæði Sparisjóður Siglufjarðar og Sparisjóður Ólafsfjarðar eru í eigu SPM og koma inn í uppgjörið. Hagnaður Sparisjóðs Siglufjarðar var um 52 milljónir á tímabilinu en um fjórar milljónir hjá þeim síðarnefnda.

Sparisjóðurinn hefur opnað skrifstofu í Síðumúlanum í Reykjavík til þess að sinna þjónustu við viðskiptavinum sem búsettir eru á höfuðborgarsvæðinu.

- eþa



BORGARNES Sparisjóður Mýrasýslu skilaði góðum hagnaði á fyrri helmingi ársins. Sparisjóðurinn hefur vaxið hratt, að hluta til vegna kaupna á öðrum sparisjóðum.



SEINFELD

KL. 20:00



RESCUE ME

KL. 21:00



SJÁÐU MEÐ UNNI B

KL. 21:45




KVÖLDPÁTTURINN

KL. 22:00



LETTERMAN

KL. 22:45



FRIENDS

KL. 20:30

Í KVÖLD
Á SIRKUS

FYLGSTU MED!



SIRKUS

JONSSON & LEWIS - JULIUS

Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á ráðinni þar sem Popp Tívi var áður. Popp Tívi er á annarri rás á Digital Island.

Útsala



30% afsláttur

af öllum GRILLPRO vörum

TEPRO

Grill

- Grillflötur: 48 x 30 cm
- Grind: Krómuð
- Kveikja: Neistakveikja
- Brennari: Breiður I-brennari
- Steinar og grind fyrir ofan brennara til að jafna hitadreifingu í grillinu
- Hliðarborð úr víði
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



60% afsláttur



30% afsláttur

Ferðagasgrill

- Grillflötur: 40 x 26 cm
- Hæsta stilling: 3 Kw
- Eyðsla: 250 g á klst.
- Virkar bæði með butan og propangasi
- Hitasteinar og þrýstijafnari fylgja með



30% afsláttur

af öllum STERLING grillum

Sterling 1714

Frí heimsending og samsetning á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

- Brennari: 8,8 kW H-brennari úr ryðfriú stáli
- Heildar umfang: 3742 cm²
- Grind: Postulínshúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



30% afsláttur

af öllum STERLING grillum

Sterling 2588

Frí heimsending og samsetning á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

- Brennari: 13,2 kW H-brennari úr ryðfriú stáli
- Heildar umfang: 3903 cm²
- Grind: Postulínshúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



30% afsláttur

af öllum BROIL KING grillum

Frí heimsending og samsetning á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

Broil King - Crown 40

- Brennari: 15,2 kW Super 8™ brennari úr ryðfriú stáli
- Hliðarhella: 2,7 kW brennari úr ryðfriú stáli með loki
- Heildar umfang: 3355 cm²
- Grind: Postulínshúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



30% afsláttur

af öllum BROIL KING grillum

Frí heimsending og samsetning á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

Broil King - Regal 20XL

- Brennari: 15,2 kW Super 8™ brennari
- Heildar umfang: 3935 cm²
- Grind: Postulínshúðaðar járngrindur
- Kveikja: Elektrónísk
- Flave-R-Wave™ grind fyrir ofan brennara til að jafna út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu



30% afsláttur

af öllum BROIL KING grillum

Frí heimsending og samsetning á höfuðborgarsvæðinu og á Akureyri

Broil King - Imperial 90

- Brennarar: 16,0 kW Super 8™ brennari
- Hliðarhella: 2,7 kW brennari úr ryðfriú stáli með loki
- Bak-brennari: 5,25 kW bak-brennari úr ryðfriú stáli með grillteini
- Grind: Postulínshúðaðar járngrindur, þrískipt
- Kveikja: Elektrónísk
- Flav-R-Cast™ sjálfhrensandi grind fyrir ofan brennara sem jafnar út hitadreifingu í grillinu
- Niðurfellanleg hliðarborð með áhaldakrökum
- Hitamælir
- Hjól til að auðvelda tilfærslu á grillinu

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmitilegast að versla

BOB HOPE (1903-2003)
lést þennan dag.



„Þú veist að þú ert að verða gamall þegar kertin kosta meira en kakan.“

Bob Hope var bandarískur skemmtikraftur og gamanleikari.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Robespierre hrakinn frá völdum

Maximilien Robespierre, einn helsti leiðtogi stjórnarbyltingarinnar í Frakklandi, var handtekinn og hrakinn frá völdum þennan dag árið 1794. Á einu ári hafði Robespierre sent yfir sautján þúsund óvini frönsku byltingarinnar á höggstokkinn. Robespierre biðu sömu örlög því daginn eftir handtöku hans var hann hálshöggvinn við mikil fagnaðarlæti múgsins á Torgi uppreisnarinnar í París. Robespierre var þekktur sem „hinn óspillalegi“ vegna trúar hans á borgaralegt siðgæði og varð fljótt mikilsmetinn innan byltingastjórnarinnar. Árið 1790 varð hann leiðtogi Jakobína, rót-

tækra stjórn málasamtaka. Hann kom því til leiðar að Lúðvík konungur sextándi var dæmdur til dauða fyrir landráð. Robespierre ávann sér marga óvini en var vinsæll meðal almennings í París. Ógnarstjórn Jakobína var innleidd árið 1793 vegna hræðslu við borgarastrið og erlenda innrás. Innan árs höfðu þrjú hundruð þúsund óvini uppreisnarinnar verið handteknir. Að minnsta kosti tíu þúsund létust og sautján þúsund voru líflátnir opinberlega. Þegar Robespierre var handtekinn neitaði fangelsisvörðurinn að læsa hann inni og honum tókst þannig að flygja. Þegar hann



27. JÚLÍ 1794

heyrði að hann hefði verið lýstur útlægur reyndi hann að skjóta sig en særðist eingöngu á kjálka. Hermenn handtöku hann á ný og var hann líflátnur ásamt 21 fylgismanni án dóms og laga. Næstu daga voru 82 fylgismenn hans að auki teknir af lífi.

MERKISATBURÐIR

- 1898** Holdsveikraspítalinn í Laugarnesi er vígður.
- 1903** Fyrsta kvikmyndasýningin er í Reykjavík. Meðal annars voru sýndar myndir úr dýragarði í Lundúna og af krýningu Játvarðar konungs.
- 1929** Insúlín er einangrað í fyrsta sinn.
- 1955** Stærsta síld sem vitað er um í heiminum veiðist á Sléttugrunni. Hún var 46,3 sentimetrar löng.
- 1990** Zsa Zsa Gabor afplánar fangelsisvist fyrir að slá lögreglumann utan undir.
- 1996** Sprengja springur á útitónleikum í ólympiuborginni Atlanta í Bandaríkjunum. Tveir létust.
- 1999** Milljónasti billinn fer um Hvalfjarðargöng rúmu ári eftir opnun ganganna.

ANDLÁT

Þráinn Þórisson fyrrverandi skólastjóri, Skútustöðum, Mývatnssveit, er látinn.

Þorbjörg Guðný Aradóttir, Akralandi 3, áður Þrándarlundi í Gnúpverjahreppi, lést á líknardeild Landspítalans miðvikudaginn 20. júlí.

Þormóður Birgisson stýrimaður, Lauga-vegi 5, Siglufirði, lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar föstudaginn 22. júlí.

Tryggvi Ingimar Kjartansson, Brekkugötu 10, Akureyri, lést á dvalarheimilinu Hlíð föstudaginn 22. júlí.

Þórður Jón Guðlaugsson fyrrverandi útibússtjóri Sparisjóðs Norðfjarðar á Reyðarfirði, Ljárskógum 5, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 23. júlí.

Fjóla Sigurgeirsdóttir, Lýsbergi 8, Þorlákshöfn, áður til heimilis í Marklandi 16, Reykjavík, lést á heimili sínu sunnudaginn 24. júlí. Útförin fer fram í kyrrþey.

Jóhanna Guðnadóttir frá Jaðri, síðar húsfreyja í Nesi, Eyjafjarðarsveit, andaðist á hjúkunarheimilinu Skjólí sunnudaginn 24. júlí.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Baldvin Jóhannesson

símvirki,
Skúlagötu 40 B, Reykjavík,

sem lést 21. júlí síðastliðinn, verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni fimmtudaginn 28. júlí klukkan 11.00.

Ragnheiður Indriðadóttir

Ragna Birna Baldvinsdóttir

Gunnar I. Baldvinsson

Guðrún E. Baldvinsdóttir

og barnabörn

Guðrún S. Jakobsdóttir

Bjarni Bessason



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma, dóttir, systir og mágkona,

Sigurbjörg Ámundadóttir

Kristnibraut 77, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi, mánudaginn 25. júlí.

Gunnar Þorsteinsson

Ingi Þór Hauksson

Þorsteinn Gunnarsson

Einar Gunnarsson

Ísak Örn Ingason

Lovísa Ósk Ingadóttir

Ámundi Reynir Gíslason

Guðlaug Anna Ámundadóttir

Ásdís Ámundadóttir

Guðmundur Ámundason

Ámundi Ingi Ámundason

Reynir Ámundason

Hugrún Ösp Egilsdóttir

Inga Lilly Brynjólfssdóttir

Inga Lovísa Guðmundsdóttir

Snorri Böðvarsson

Kjartan H. Bjarnason

Elisabet Siemsen

Hanna Guðrún Danielsdóttir

Guðrún Halldóra Sigurðardóttir



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Tryggvi Ingimar Kjartansson

Brekkugötu 10 Akureyri,

lést á dvalarheimilinu Hlíð, föstudaginn 22. júlí.

Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 28. júlí klukkan 13.30.

Þeim sem vildu minnast hans er bent á Heimahlýningu og dvalarheimilið Hlíð.

Kristbjörg Jakobsdóttir

Aðalsteinn Tryggvason

Haukur Tryggvason

Kjartan Tryggvason

Jakob Tryggvason

Sigurður Rúnar Tryggvason

Halldór Ingimar Tryggvason

barnabörn og barnabarnabörn

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigrún Kjartansdóttir

Sólrun Stefania Benjamínsdóttir

Guðrún Andrésdóttir

Inga Margrét Ólafsdóttir

Guðný Sverrisdóttir



FRÉTTABLAÐIÐ/HILMAR BRAGI BARDARSON

NETAGERÐARMEISTARI Lárus Þór Pálmason telur að skólinn geti nýst útlendingum vel. Þegar hefur borist ósk um að kennd verði námskeið í Suður-Afríku.

NÝJUM ALPJÓÐLEGUM SKÓLA Í VEIÐARFÆRAGERÐ Hrint úr vör

Ekki ósvipað klæðskeravinnu

„Þetta er búið að vera í gerjun í nokkur ár og í raun bara formsatriði eftir“ segir Lárus Þór Pálmason netagerðarmeistari sem ásamt Ólafi Jóni Arnbjörnssyni, skóla-meistara Fjölbrautaskóla Suðurnesja, ætlar að stofna nýjan alþjóðlegan skóla í veiðarfæragerð. Skólanum hefur ekki verið þinglýst en beðið er eftir nokkrum aðilum í atvinnulífi, stofnunum og bæjarfélögum sem að öllum líkindum vilja koma að skólanum með einhverjum hætti.

„Við erum þegar búnir að fá ósk um að kenna eitt námskeið úti í Suður-Afríku.“ segir Lárus en hann telur skólann geta nýst útlendingum mjög vel þar sem eng-

in skipuleg kennsla sé í netagerð erlendis. Þar séu öll verkstæði með sína staðla en á Íslandi sé litill á þetta sem iðngrein og sömu staðlar notaðir um allt land.

Stefnan er að bjóða upp á margar leiðir til að stunda námið. Bæði verði hægt að sækja staðbundinn skóla, vera í fjar- eða dreifinámi.

Allir þeir sem vilji geti sótt námskeiðin en einnig verði boðið upp á sérnámskeið fyrir ákveðna hópa eins og yfirmenn á skipum, fólk á dekki og netaverkstæðum, ráðuneytismenn og líffræðinga.

„Það að vera netagerðarmeistari felur í sér allan þakkann, frá fyrsta stigi hönnunar til afgreiðslu fullunninnar vöru,“ segir

Lárus en aðaláherslan í skólanum verður á hönnun veiðarfæra. Hann segir netagerð ekki ósvipaða vinnu klæðskera þar sem unnið er eftir teikningum. Lárus segir mikla þróun hafa orðið í netagerð undanfarnin ár. Allt sé orðið vélvæðara og tækni við hönnun orðin allt önnur enda tölvutækni nýtt töluvert.

Lárus telur allar líkur á að skólanum verði þinglýst í haust og því verði hægt að hefja skólastarf eftir áramót. Skólinn verður kynntur nánar á sjávarútvegssýningunni í byrjun september en nánar er hægt að fræðast um skólann á heimasíðu hans www.fishinggear-technician.com ■



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og bróðir,

Þormóður Birgisson

stýrimaður,
Laugarvegi 5, Siglufirði,

sem lést á Heilbrigðisstofnun Siglufjarðar föstudaginn 22. júlí, verður jarðsunninn frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 30. júlí klukkan 10.30.

Eyrún Pétursdóttir

Þorsteinn Þormóðsson

Halldóra M. Þormóðsdóttir

Pétur Þormóðsson

Alma Birgisdóttir

Elingunnur Birgisdóttir

Runólfur Birgisson

Björn Birgisson

Filipus Birgisson

Þorsteinn Birgisson

og barnabörn

Sigríður P. Stefánsdóttir

Valdimar L. Birgisson

Hólmfríður Alexandersdóttir

Álfhildur Þormóðsdóttir

Ragnheiður Steinbjörnsdóttir

JARÐARFARIR

13.00 Kristján Rafn Hjartarson fyrrum símaverkstjóri, Vesturgötu 7, Reykjavík, verður jarðsunninn frá Fríkirkjunni í Reykjavík.

15.00 Elsa Sigurðardóttir, Bólstaðarhlíð 45, Reykjavík, verður jarðsunninn frá Háteigskirkju.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



GERÐU ÞÉR MAT ÚR SPERGILKÁLI

GRILLAÐ SPERGILKÁL OG BLÓMKÁL

400 g íslenskt spergilkál
400 g blómkál*
salt
4 msk ólífuolía
1 hvítlauksgeiri, pressaður
2 tsk ferskt rósmarín eða 1/2 tsk þurrkað
nýmalaður pipar

Spergilkálið og blómkálið snyrt og skipt í kvisti. Soðið í saltvatni í 3–4 mínútur og síðan látið renna vel af því. Olía, hvítlaukur, rósmarín, pipar og salt sett í skál og hrært saman. Spergilkálið og blómkálið sett í skálina og blandað vel. Látið standa nokkra stund og hrært öðru hverju. Grillið hitað. Kálið sett í wok-pönnu fyrir grill (með götum), í vírgrind eða á grillbakka úr áli og grillað við góðan hita í nokkrar mínútur, eða þar til það er farið að brúnast og komið grillbragð af því. Hrært eða snúið nokkrum sinnum á meðan. Borið fram heitt með grilluðu kjöti, kjúklingi eða fiski.

*(nota má eingöngu aðra tegundina)



www.islenskt.is - fleiri ljúffengar uppskriftir og fróðleikur



Heyrst hefur ...

... að feðgamir Sigurður Lásurson og Lásur Orri Sigurðsson ætli að taka við liði Þórs frá Akureyri á næstunni. Lásur Orri hefur spilað með Þór í sumar síðan að hann kom heim úr atvinnumenskunninni en Sigurður faðir hans þjálfaði liðið á árunum 1991 til 94. Eitt af lyklatríðunum er þó að Þórsliðið haldi sér í 1. deildinni en liðið er nú í 8. sæti, stigi frá fallsæti.

sport
sport@frettabladid.is

PÓRÐUR GUÐJÓNSSON: BJARTSÝNN Á FRAMHALDIÐ MEÐ TILKOMU NÝS ÞJÁLFAHA HJÁ STOKE CITY

Ætlar sér í íslenska landsliðið á ný

Með tilkomu nýs þjálfara hjá Stoke City, Johan Boskamp, hefur Þórður Guðjónsson fengið fleiri tækifæri með liðinu, en hann var ekki í náðinni hjá forvera Boskamp, Tony Pulis.

Þórður er ánægður með nýja þjálfarann, en hann var við stjórnvöllinn hjá Genk í Belgíu þegar Þórður lék þar við góðan orðstír. „Ég er ánægður með að hingað sé kominn nýr þjálfari. Síðasta tímabil var mikil vonbrigði fyrir mig, þar sem ég fékk ekkert að spila hjá félaginu. Núna held ég að sé annað uppi á teningnum. Ég hef verið að spila í æfingaleikjum að undanförunum og það hefur gengið vel. Það er allt



annað andrúmsloft hjá félaginu núna heldur en var þegar ég kom til félagsins. Mér fannst ég þurfa að liða fyrir það að vera Íslendingur í fyrra, vegna þess að það eru Íslendingar sem eru í stjórn félagsins. Ég finn ekki fyrir þessu núna og er ánægður hérna.“

Sem leikmaður íslenska landsliðsins hefur Þórður yfirleitt staðið fyrir sínu. „Ég er nokkuð ánægður með það hvernig ég hef leikið með landsliðinu. Ég er stoltur af því að leika fyrir Íslands hönd og hef aldrei átt í

neinum vandræðum með að einbeita mér í leikjum landsliðsins, því það er ekkert skemmtilegra og betra en að spila fyrir það. Ég ætla mér að vinna mér sæti í liðinu aftur og vonandi dugar frammistaða mín í vetur með Stoke City til þess að komast í hópinn á nýjan leik.“

Fjölskylda Þórðar hefur komið sér ágætlega fyrir í nágrenni við æfingarsvæði Stoke og segir ekki yfir neinu að kvarta. „Það hefur farið ágætlega um okkur hérna alveg síðan við komum hingað, en það er alltaf leiðinlegt þegar manni líður illa í vinnunni, eins og mér leið í fyrra. Núna er allt í góðu í fótboltanum og ekkert því til fyrirstöðu að það sé ánægjulegur tími fram undan.“

> Við höfum áhyggjur af ...

... styrk og gæðum Landsbankadeildar karla í knattspyrnu. FH hefur unnið alla 11 leiki sína í sumar en tapaði báðum leikjum sínum fyrir Neftchi frá Aserbaidsjan í Evrópukeppni meistaraíðna. Búið var við að Neftchi væri sterkt lið en liðið steinlað síðan 5-0 fyrir belgsku meisturinum í Anderlecht í gær.

> Við hrósum ...

... Skagamönnum spila mjög vel þessa daganna. ÍA hefur náð í tíu af síðustu tólf stigum í boði og ljóst að ungu strákarnir í liðinu eru farnir að standa sig. Enn á ný er það því ótrúleg endurnýjun á knattspyrnumönnum á Akranesi sem heldur Skagamönnum í hópi besta liða landsins.



HVAÐ? HVENÆR? HVAR? MAÍ

19 20 21 22 23 24 25

Sunnudagur

LEIKIR



- 20.00 Valur tekur á móti Fylki að Hlíðarenda í Landsbankadeild karla.
- 20.00 Víkingur Ólafsvík fær Víking Reykjavík í heimsókn á Ólafsvík í 1. deild karla.
- 20.00 Fjölnir tekur á móti Breiðablíki á Grafarvogsvelli í 1. deild karla.

SJÓNVARP

- 13.30 HM í sundi á RÚV.
- 15.45 Sterkasti maður heims á Sýn.
- 16.15 Meistaradeildin-gulleikur á Sýn.
- 19.40 Landsbankadeildin. Valur-Fylki á Sýn.
- 22.00 Íslandsmótið í golfi á Sýn.
- 22.20 Formúluvöld á RÚV.
- 23.00 Bandaríska mótardöðin í golfi á Sýn.
- 23.50 Bestu bikarmörkin á Sýn.
- 00.40 HM í sundi á RÚV.
- 00.55 Chicago Fire-AC Milan á Sýn.

HM í sundi í Montreal:


Jakob Jóhann ekki í úrslit

SUND Jakob Jóhann Sveinsson, sundkappi úr Ægi, komst ekki í undanúrslit í 50 metra bringusundi á heimsmeistarastöðunum sem fer fram í Montreal. Jakob Jóhann stefndi á þátttöku í undanúrslitum og taldi að til þess þyrfti hann að bæta Íslandsmet sitt, 28,86 sekúndur um minnst hálfa sekúndu en allt kom fyrir ekki og Jakob bætti ekki metið þrátt fyrir að hafa náð ágætis tíma, 28,92 sekúndum. En eins og Örn Arnarson í gær kom Jakob síðastur í mark í sínum riðli. Sextán keppendur komust í undanúrslit og þyrfti tíma upp á 28,10 sekúndur til að komast í þann hóp.

Landsbankadeildin
Valur - Fylkir
Miðvikudag klukkan 20:00
Fylgstu með á boltavakt Vísis

Góð ferð ÍA til Grindavíkur

Skagamenn unnu verðskuldaðan útisigur á Grindavík í gær 3-1. Strax eftir fyrsta markið náðu þeir völdum á leiknum og héldu þeim allt til loka.



0-1 Hjörtur Hjartarson (24.)
0-2 Andri Júlíusson (49.)
0-3 Helgi Pétur Magnússon (68.)
1-3 Mounir Ahandour (84.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	11-9 (4-8)
Varin skot	Savic 6 - Bjarki 3
Horn	2-5
Aukaspjrnur fengnar	16-8
Rangstöður	1-8

FÓTBOLTI „Ég er mjög sáttur við spilamennsku okkar í þessum leik. Við vorum vel skipulagðir og taktíkin gekk algjörlega upp,“ sagði Gunnlaugur Jónsson, fyrirliði ÍA, eftir sigurinn á Grindavík í gær. Þetta eru orð að sönnu. Grindvikingar byrjuðu leikinn af miklum krafti og áttu margar efnilegar sóknir. Ekki tókst þeim þó að skora í fyrri hálfleiknum.

Skagamenn tóku síðan forystuna þegar fyrri hálfleikurinn var rétt liðlega hálfnaður en þá skoraði Hjörtur Hjartarson gott skallamark eftir frábæra fyrirgjöf og undirbúning Hafþórs Ægis Vilhjálmssonar. Við þetta mark komst meira öryggi yfir leik Skagamanna og þeir náðu nokkurn veginn undirtökunum.

Seinni hálfleikurinn var eign Skagamanna, þeir byrjuðu strax af miklum krafti og uppskáru mark snemma. Þar var á ferðinni Andri Júlíusson sem fékk stungusendingu frá Igor Pesic, rangstöðugildra heimamanna brást og Andri gerði allt rétt og skoraði.



Eftir þetta mark var leikurinn í öruggum höndum gestaliðsins þrátt fyrir ágætis spretti á köflum hjá heimamönnum. Á 68. mínútu fékk Robert Njestroj að líta rauða spjaldið frá Garðari Erni dómara fyrir ljóta tæklingu aftan frá á Igor Pesic. Eftir aukaspjrnuna bættu Skagamenn við öðru marki og innsigliðu sigurinn, boltinn barst fyrir fætur Helga Péturs Magnússonar sem skoraði af stuttu færi. Grindvikingar náðu að minnka muninn á 84. mínútu eftir góða sókn. Þegar þetta gerðist voru Grindvikingar tveimur mönnum færri eftir meiðisli Andra Hjörvars Albertssonar en þá voru þeir búnir með skiptingar sínar. Lengra komust heimamenn ekki enda í erfiðri stöðu og góður útisigur Skagamanna staðreynd.

„Það var rosalega svekkjandi að fá þetta mark á okkur. Við höfum haldið markinu hreinu í síðustu þremur leikjum og allt stefndi í

GÓÐIR Í GRINDAVÍK Skagamaðurinn Helgi Pétur Magnússon sést hér í baráttu við Paul McShane hjá Grindavík í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

þann fjórða þegar við fengum á okkur mark sem við hefðum átt að koma í veg fyrir. En burt séð frá því var þessi leikur mjög jákvæður,“ sagði Gunnlaugur Jónsson.

-egm

GRINDAVÍK 4-3-3	ÍA 4-3-3		
Savic	5	Bjarki	7
McShane	5	Guðjón Heiðar	6
Óðinn	4	Reynir	7
Jack	6	Gunnlaugur	6
Eyþór Atli	5	Helgi Pétur	6
Eysteinn	6	Pesic	7
(75. Guðmundur)	-	Pálmi	6
Njestroj	4	Ellert Jón	6
Zeyer	4	Hafþór Ægír	7
(56. Óskar Örn)	5	(74. Jón Vilhelm)	-
Kekic	5	Hjörtur	6
Ahandour	6	(89. Sigurður R.)	-
Magnús P.	4	Andri	7*
(69. Andri)	5	(74. Martin)	-

*MADUR LEIKSINS

Dregið í Evrópukeppnum í handbolta í gær:

Lukkudráttur hjá Haukum

HANDBOLTI Íslandsmeistarar Hauka dattu svo sannarlega í lukkupottinn er dregið var í forkeppni meistaradeildar Evrópu. Liðið á greiða leið í riðlakeppnina en Haukar drögust gegn Berchem frá Lúxemborg en hvorki liðið né landið hafa verið hátt skrifuð í evrópskum handbolta. En þó svo að andstæðingurinn sé ekki sterkur er óhætt að segja að liðið sé ekki síst heppið hvað varðar ferðalagið en mörg lið frá austurhluta Evrópu voru í pottinum.

Eitt slíkt dróst gegn Val í Evr-

ópukeppni félagsliða. Þar er um að ræða lið frá höfuðborginni Tblisi í Georgíu, heimalands Rolands Eradzde, landsliðsmarkvarðar og fyrrum markvarðar Vals. „Án þess að maður þekki mikið til í handboltanum í Lúxemborg má engu síður gera ráð fyrir því að það væri varla hægt að fá auðveldari andstæðing,“ sagði Páll Ólafsson, þjálfari Hauka í gær. „Þetta ætti að veita okkur greiða leið í riðlakeppni meistaradeildarinnar, sem er okkar markmið. Við viljum helst ekki þurfa að taka þátt í forkeppninni en það var gott að við þurfum ekki að ferðast lengra fyrir þessa leiki nú.“ Dregið verður í riðlakeppnina í dag og kemur þá í ljós hvaða andstæðinga Haukar fá þar vinni þeir Berchem.

Hjá konunum lentu Íslandsmeistarar Hauka gegn Pelplast Salerno frá Ítalíu í 1. umferð Evrópukeppni félagsliða og Stjórnustúlkur mæta tyrkneska liðinu Anadolu í 2. umferð Evrópukeppni bikarhafa.

Allir leikirnir verða leiknir heima og að heiman og eru fyrir



HAUKAR FAGNA Haukar urðu Íslandsmeistarar í fyrri eftir sigur á ÍBV í úrslitum. Liðið er þó breytt að einhverju leyti, til að mynda hafa Þórir Ólafsson (til vinstri) og Vignir Svavarsson (fyrir miðju) haldið utan í atvinnumenskuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

leikirnir á dagskrá þriðja eða fjórða september og þeir síðari viku seinna. Það á við í öllum keppnum nema hjá kvinnaliði Stjórnunnar í 2. umferð Evrópukeppni bikarhafa. Þeir leikir fara fram í byrjun október. Íslandsmótið hefst 21. september næstkomandi.

-esá

ÚR SPORTINU

Ennska úrvalsdeildarliðið Bolton hefur fengið til sín Jared Borgetti frá mexíkóska liðinu Pachuca og Abdoulaye Diagne-Faye frá Lens í Frakklandi á láns-samningi til eins árs. Borgetti, sem sló í gegn í Álfukeppninni í sumar, er 31 árs og er markahæsti leikmaður mexíkóska landsliðsins frá upphafi ásamt Hugo Sanchez með 35 mörk.

Sóknjafri miðjumaðurinn Kim Nørholt sem leikið hefur með Fram í sumar er á leið heim til Danmerkur. Nørholt sleit hásin í bikarleiknum gegn ÍBV síðasta fimmtudag og fór í aðgerð.

Mótshaldarar alþjóðlega U18-mótsins í fótbolta sem fram fór í Falkenberg í Svíþjóð í síðustu viku völdu Bjarna Þór Víðarsson fyrirliða íslenska liðsins besta leikmann mótsins og hlaut hann að launum veglegan bikar. Bjarni Þór Víðarsson var valinn bestur í íslenska liðinu í einum af þessum leikjum en í hinum voru það Halldór Kristinn Halldórsson úr Leikni og Rúrik Gíslason úr HK.

Varnarmaðurinn Ásgrímur Albertsson fékk í gær félagaskipti aftur í 1. deildarlið HK. Ásgrímur hefur verið í herþúðum Keflavíkur síðan í janúar en þá fékk Guðjón Þórðarson hann til félagsins frá HK. Eftir að hafa leikið mikið með Keflavíkingum á undirbúningstímabilinu hefur hann fengið fá tækifæri með liðinu í Landsbankadeildinni og aðeins komið við sögu í þremur leikjum liðsins.

Filippo Inzaghi, sóknarmaður AC Milan, kveðst vera í skjýnum yfir komu Alberto Gilardino til félagsins. Gilardino er 23 ára gamall og af mörgum talinn efnilegasti leikmaður Ítala um þessar mundir og segist Inzaghi ætla að veita honum alla þá hjálp sem hann þarfnast, bæði innan valla sem utan. „Það er gaman að fá hann í hópinn, hann er mjög snjall og gerir klárlega góða hluti,“ sagði Inzaghi, sem sjálfur náði sér ekki á strík á síðustu leiktið, þar sem hann glímdi við þrátt meiddi lengst af. Nú er hann hins vegar orðinn góður og ætlar að sýna sitt besta andlit í vetur. „Engar áhyggjur, ég mun skora slatta af mörkum,“ sagði Inzaghi.

Nú bendir allt til þess að Portúgalski leikmaðurinn Luis Figo gangi til liðs við Inter Milan á Ítalíu. Inter hefur það fram yfir Liverpool að vera reiðubúið að bjóða Figo tveggja ára samning á meðan forráðamenn Liverpool hafa aðeins áhuga á að semja við Figo til eins árs. Þá er Inter einnig á höttunum á eftir varnarmanninum Walter Samuel og gæti farið svo að liðið geri sameiginlegt tilboð í þá báða.



FYRSTA MARKIÐ Í 6 ÁR Jamie Carragher fagnaði vel markinu sem hann skoraði fyrir Liverpool í Litháen í gær enda hafði hann ekki skoraði fyrir félagið í sex ár. GETTYIMAGES

Liverpool lenti undir en vann örugglega

FH-banarnir í Neftchi töpuðu 5-0 fyrir Anderlecht.

FÓTBOLTI Evrópumeistarar Liverpool eru í góðum málum í 2. umferð forkeppni meistaradeildar Evrópu eftir 1-3 sigur á Kaunas í fyrri leik liðanna sem fram fór í Litháen í gær. Liverpool ætti því að eiga þægilegan leik eftir á Anfield í næstu viku og sætið í 3. umferðinni ætti að vera tryggt.

Djibril Cisse jafnaði leikinn fljótlega fyrir Liverpool eftir að Giedrius Barevicius hafði komið heimamönnum yfir á 21. mínútu og Jamie Carragher skoraði síðan sitt fyrsta mark í sex ár fyrir félagið þegar hann skallaði inn hornspyrnu Steven Gerrard.

Það var síðan fyrirliðinn sjálfur, Steven Gerrard, sem skoraði úr vítaspyrnu eftir að hann var felldur í teignum. Þetta var sjötta mark Gerrard í þremur

Evrópuleikjum á tímabilinu. Peter Crouch lék sinn fyrsta alvöruleik fyrir Liverpool og lagði meðal annars upp markið fyrir Cisse sem fékk nokkur góð tækifæri til þess að skora fleiri mörk í leiknum en án árangurs.

FH-banarnir í Neftchi frá Aserbaídsjan steinlágðu 5-0 fyrir belgísku meisturunum í Anderlecht en Neftchi vann báða leikina gegn Íslandsmeisturum FH. Belgarnir voru komnir 4-0 yfir strax í fyrri hálfleik og ættu að vera öryggir áfram.

Árni Gautur Arason og félagar hans í Valerenga unnu 1-0 sigur á finnska liðinu Haka V'koski í Osló. Sigurmarkið kom úr vítaspyrnu á 53. mínútu leiksins. Árni Gautur var í markinu allan tímann og hélt hreinu. -66j

BÍLADELLUDAGAR
50% afsláttur

AFSLÁTTUR AF BÍLASMÁAUGGLÝSINGUM SEM BIRTAST Í FRÉTTABLAÐINU Á LAUGARDÖGUM OG Í HEILA VIKU Á VISIR.IS. GILDIR TIL LAUGARDAGSINS 6. ÁGÚST.

FRÉTTABLAÐIÐ
- stærsti fjölmiðillinn

PANTAÐU Í SÍMA 550 5000 EÐA Á VISIR.IS.

BÁTASÝNING

Í dag miðvikudag og fimmtudag til kl. 21:00 að Ánanaustum 1

ARVOR
BAYLINER
MERCURY

UTANBORDSMÓTORAR
tvígangis- og fjörgengisvélar 2,5 - 275 hö

BAYLINER
NÝTT - Frumsýning, í fyrsta sinn á Íslandi. Tilbúinn til afgreiðslu með hældrifsvél og á bátakerru.

FLOTBRYGGJUR

VÉLASALAN
Ánanaustum 1, Reykjavík. Sími 580-5300.
www.velasalan.is velasalan@velasalan.is

EIGIÐ ÞJÓNUSTU-VERKSTÆÐI

STUÐ MILLI STRÍÐA Er plötusnúður í kirkjunni?

BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR MUN EKKI SAKNA KIRKJUKLUKKNANNA.

MYND: HELGI SIGURSSON



Bráðum flyt ég úr miðbænum. Þó svo að mér þyki það leiðinlegt og ég eigi eftir að sakna ýmissa hluta afar mikið þá er einn hlutur sem ég á sérstaklega lítið eftir að sakna. Það eru þessir tónleikar sem ég þarf nauðug viljug að hlusta á snemma dags um helgar og oftar. Á tónleikunum eru meðal annars spiluð finustu lög eins og Ó, Guð vors lands og Ísland ögrum skorið. Lögin eru spiluð svona: Kling kloing kloing kling! Klang kling kling kloing!

á níu kloing klukkan níu og svo framvegis? Þið þarna sem stjórníð kirkjuklukkutónleikunum: Haldið þið virkilega að einhver standi og njóti þessarar tónlistar? Haldið þið að einhver stoppi við Hallgrímskirkju, lygni aftur augunum og hugs: „Ohhhh...þetta er svo geðveikt lag.“? Fæstum þykir það góð framsetning á annars ágætum lögum þegar þau eru spiluð með þann flautum en kirkjuklukkur?! Ég efast stórlega um að einhver myndi kaupa sér disk með kirkjuklukkutónlist. „Fyrirgefðu en áttu nokkuð Bítalög spiluð á kirkjuklukkur? Ekki? Hvað með Celine Dion?“

Ég er eitthvað svo hneyksluð á þessu. Ég ligg stundum hálfþreytt á sunnudegi eftir tjútt og við þetta

ólukkans glamur vakna ég klukkan níu. Aftur vakna ég klukkan tíu og aftur klukkan ellefu. Heil lög! Er plötusnúður inni í kirkjunni? Klukkusnúður? Hver er að velja lögin? DJ ChurchClocks? Svo þegar messa byrjar þá kling kloingar þetta í svona tvær mínútur stanslaust og líka þegar messu líkur. Hvurslags vald hefur þetta fólk sem fer í messu? Vekur bara alla hina af því að það er messa. Ef ég ákveð að fara eldsnemma eitthvað eins og í ræktina kannski (ókei, nei, ég fer aldrei í ræktina en þetta er dæmi) þá þarf ég ekkert að vekja alla hina í leiðinni! „Kling klang kloing!! Ég er að fara í ræktina!!“ Pfff...ég flyt bara aftur í Grafarvoginn. ■

myndasögur

PONDUS

Eftir Frode Överli



GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



PÚ OG PA

Eftir SÖB



KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



BARNALÁN


Eftir Kirkman/Scott



Grillaðu!



... og mundu eftir ostinum!



30% afsláttur

af sumarleikföngum



BOLTAR

SANDSETT

FLUGDÓT

SUNDDÓT

HLAUPAHJÓL

HJÓLABRETTI

LÍNUSKAUTAR

FLUGDREKAR

Gildir á meðan birgðir endast.

HAGKAUP

Skemmtilegast að versla

Kynósa karnival á Broadway

Furðufuglinn **Jim Rose** ætlar að troða upp með Sirkus sinn í Reykjavík á fimmtudaginn. Þórarinn Þórarinsson hittir Jim og viðundrin hans að máli en í hópnum eru tæplega 300 kílóa fimleikamaður og svipufim klámmyndaleikkona.

„Já. Það má alveg kalla okkur viðundur,“ segir sirkusstjórinn Jim Rose, sem kom til landsins í fyrradag ásamt fimm furðufuglum en hópurinn leikur kostulegar og á köflum brenglaðar listir sínar á Broadway á fimmtudaginn.

Það er óhætt að segja að sýning Jims sé ekki fyrir viðkvæma og aldurstakmark er því 18 ár en auk þess sem furðufyrirbærin hans setja músagildrur á tungur sínar, gleypa rakvélablöd og herðatré lyfta þau rafgeymi úr bíl með geirvörtum sínum og skjóta sér úr fallbyssu.

Kynjabaráttá í reiptogi

Rose segir að þetta sé aðeins brot af því sem hann ætlar að bjóða upp á á Broadway og nefnir sérstaklega nýtt atriði sem verður frumreynt á Íslandi. „Við ætlum að fá það á hreint í eitt skipti fyrir öll hvort kynið er sterkara með því að leida saman karl og konu og láta þau fara í reiptog með kynfærum sínum. Þetta hefur aldrei verið gert áður og ég er mjög forvitinn að sjá hvernig þetta fer.“ Fulltrúi kvenþjóðarinnar í þessu reiptogi er Amber Pie, 22 ára gömul klámmyndaleikkona, sem er ný í sirkusnum. Amber lyftir einnig lóðum með brjóstunum og leikur listir sínar með svipu. Rose bætir því svo við að einn heppinn áhorfandi fái að eyða klukkustund baksviðs með Amber að sýningu lokinni. „Það má ræða bókmenntir við hana ef viðkomandi vill það en það er alveg inni í myndinni að láta hana lemja sig með svipunni eða ganga jafnvel enn lengra.“

Óvinsæll hjá bókstafstrúarfólki

Þrátt fyrir að sirkusinn sé oft á tíðum yfiringilegur segist Jim ekki finna fyrir miklu andstreymi. „Auðvitað heyrir maður alltaf einhverjar neikvæðar gagnrýnisráddir en það eru helst hægriinnadír, kristnir bókstafstrúarmenn sem eru á móti mér. Mér hefur verið stungið í steininn af og til og við vorum bönnuð á Nýja Sjálandi um tíma en það er allt í góðu núna.“

Gagnrýnendur jafn ólíkra miðla



JIM ROSE OG FURÐUFUGLARINR HANS Brugðu á leik fyrir ljósmyndara Fréttablaðsins og af þessu litla sýnishorni er ljóst að sjón er sögu ríkari fyrir þá sem þora að horfa á Sirkus Jim Rose á fimmtudaginn.

og MTV og The Wall Street Journal hafa hlaðið sirkusinn lofi og Jim finnst ekkert sjálfsgaðara enda segist hann bjóða upp á sýningu á heimsmælikvarða:

„Ég vek líka ekki jafn mikla hneykslan nú og áður en það þýðir ekki að sirkusinn hafi breyst heldur hefur heimurinn breyst. Það hefur líka haft sitt að segja að ég lék í X-Files-þáttum og við komum við sögu í Simpsons-þætti þar sem Hómer var skotið úr fallbyssu. Þegar maður tengist því sem er efst á baugi í poppmeningunni öðlast maður ákveðið gjaldgengi og er tekinn í sátt.“

Jim segir að þrátt fyrir að við lifum á tímum þar sem allt er leyfilegt eigi hann erfiðar uppráttar í heimalandinu eftir að George W. Bush varð forseti. „Það var vissu-

lega auðveldara að komast upp með furðulega hluti í stjórntíð Clintons. Ég er með háskólapróf í stjórnmálafræði og hef unnið fyrir CNN og það kom mér í bobba fyrir síðustu kosningar vegna þess að ég er alls ekki hrifinn af Bush.“

Kjörtkveðjuhátið hins undarlega

Jim byrjaði með sirkusinn sinn árið 1991 en hafði áður unnið fyrir aðra og meðal annars stundað stökk yfir kúahóp á mótorhjólum en það var einmitt eftir slysi í þeirri grein sem hann þurfti að hægja á sér og þá gerðist hann sirkusstjóri. „Ég gleypi enn rakvélablöd og sé um að keyra grínið á sviðinu áfram.“

En fólk hlýtur að ofbjóða margt af þessu enda virðist sumt vera á mörkum þess sem hægt er að bjóða mannlíkamanum upp á? „Það er

alltaf eitthvað að gerast alls staðar út um allan heim og þú hefur val. Þú getur kosið að horfa eða sleppt því. Við bjóðum upp á allt: stóra skammta af gríni, öfgakennd atriði og kynlíf. Sirkusinn minn er suðupottur, kjörtkveðjuhátið hins undarlega. Við breytum sviðinu í allsherjar salat. Það sjá allir eitthvað við sitt hæfi hjá okkur. Eitthvað fallet, eitthvað kynsandi og eitthvað fyndið. Það er svo misjafnt hvað fer fyrir brjóstid á fólk en þegar það kemur að einhverju sem þú þolir ekki skaltu líta undan og horfa á hina í áhorfendahópnum fylgjast með ósköpunum.“

Malaði Ben Affleck í póker

Jim er með eigin sjónvarpsþátt í Bandaríkjunum, skrifar bækur og hefur ofan af fyrir sér með ýmsu

öðru en sirkusnum. „Ég held að það standi til að sýna þáttinn minn í íslensku sjónvarpi. Tökuliðið mitt ætlar að mæta á Broadway og taka upp efni fyrir þáttinn þannig að þeir sem vilja komast í sjónvarp sem fer út um allan heim ættu ekki að láta sig vanta á sýninguna.“ Jim er einnig öflugur pókerspilari og segist vera í hópi þeirra fjórutíu bestu í Bandaríkjunum. „Ég er fjóra mánuði á ári að spila í Las Vegas. Ég er atvinnuspilari og spila til þess að vinna. Ég hef ágætis tekjur upp úr þessu og ég vann til dæmis 11.000 þollara af Ben Affleck ekki alls fyrir löngu. Hann er ekki góður tapari og svipurinn á honum þegar hann sá spilin mín var eins og hann hefði fundið fingur fljóttandi í Kókinu sínu. Ég hef líka náð 6.000 þollurum af Spider-Man, Tobey Maguire.“

Jim fór út að borða á Apótekinu á miðvikudagskvöld og skrautlegur hópurinn vakti að vonum athygli. Gengið ætlaði í Bláa lónið í gær en Jim ætlar svo að nota föstudaginn til að renna fyrir fisk og spila golf. „Ég verð að veiða silung áður en ég fer heim. Það er eitthvað sem ég geri í öllum löndum sem ég heimsæki,“ segir Jim sem hefur farið í níu heimsreisur með sirkusinn og segist vera hæst ánægður með að vera kominn til Íslands.“

Brain Police hitar upp

Sirkus Jim Rose hefur hitað upp fyrir heimsþekktar hljómsveitir á borð við Korn, Nine Inch Nails og Marilyn Manson og hann er góðkunningi fjölmargra rokkhunda. Nú er hann hins vegar aðalnumerið og því hefur verið gengið frá því að rokkhljómsveitin Brain Police hiti upp fyrir hann á Broadway.

Strákarnir í þeirri sveit kunna upp á hár að kynda undir lýðnum þannig að það er engin hætt á öðru en að mannskapurinn verði vel með á nótunum þegar Jim stígur svo á svið með Amber og öllum hinum furðufuglum sínum sem ætla að bera mergjað salat á borð fyrir þá sem treysta sér í geggjunina. ■

Ný plata frá Björk

Platan Drawing Restraint með Björk er komin út hér á landi. Platan hefur að geyma tónlist úr kvikmyndinni Drawing Restraint 9 eftir kærasta Björkar, listamanninn Matthew Barney.

Á plötunni tvinnar Björk saman japanskri þjóðlagatónlist og sínum eigin stíl. „Eftir allar þær rannsóknir með raddir sem ég gerði á Medúlla langaði mig til að fara lengra

með þær. Þá sagði Matt-hew mér að myndin gerðist úti á hafi. Mig langaði þá að búa til raddir tengdar sjónum,“ sagði Björk í nýlegu viðtali við breska blaðið Telegraph.

BJÖRK Björk tvinnar saman japanskri þjóðlagatónlist og eigin stíl á nýju plötunni.



RAGNHILDUR STEINUNN JÓNSDÓTTIR Hún verður í Galtalæk um helgina þar sem rísa trampólínkeppni verður fyrir krakkana.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Yfirvöld í Hong Kong ætla að reisa

stytta til heiðurs kung fu-hetjunnar **Bruce Lee**, sem lést aðeins 32 ára gamall. Í nóvember hefði Lee orðið 65 ára en hann slasaðist við gerð kvikmyndar og lífði þau meiðsl ekki af. Aðdáendur Lees fá að kjósa á milli þrens konar mismunandi hönnunar að styttni en allar útgáfurnar eiga það sameiginlegt að sýna Bruce í bardagastellingu, beran að ofan og með einkennisvopn sitt, nunchaku.



Hoppar á trampólíni um helgina

Ragnhildur Steinunn Jónsdóttir hefur verið önnur kafin á sviði Borgarleikhússins þar sem hún fer með eitt aðalhlutverkanna í Kalla á þakinu. Þar fyrir utan hefur hún vakið athygli í sælgætisauglýsingum í sjónvarpinu í sumar. Þar gengur hún á staura og dettur af trampólíni og hafa auglýsingarnar eflaust kitlað margar hláturtaugar. Það sem fáiur vita er að Ragnhildur á sjálf heimikið í handriti auglýsinganna.

„Ég var beðin um að vera í þessum auglýsingum og fékk sent handrit. Ég og kærastinn minn fórum eitthvað að pæla í þessum og enduðum á að skrifa nýtt handrit. Þetta var mjög fyndið og erfitt að taka upp auglýsinguna þar sem ég labba á staurinn. Fyrst vorum við með einhvern pappa staur en það gekk engan veginn svo það endaði þannig

að ég þurfti bara að dúndra á staurinn,“ segir Ragnhildur hlæjandi.

Hún er eflaust best þekkt sem einn þáttastjórnandi Ópsins í Ríkissjónvarpinu en sá þáttur fer aftur á stað í haust. „Við Þóra vorum svo heppnar að fá Egil Eðvarðsson til liðs við okkur en hann hefur framleitt þætti eins og Gísli Marteinn og Hemma Gunn og á eflaust eftir að gera margt fyrir þáttinn,“ segir Ragnhildur sem einnig skrifar BS-ritgerðina sína í sjúkrapjálfun í vetur.

Um Verslunarmannahelgina verður Ragnhildur í Galtalæk, í samstarfi við Freyju sælgætisgerð, þar sem verður rísa trampólínkeppni fyrir krakkana.

„Ég verð þarna með þeim að hoppa og við gefum tvö rísa trampólín til þeirra sem sigra trampólínkeppnina.“ ■

Teri Hatcher hefur heldur betur

verið að færa sig upp á skaftið að mati umsjónarmanna þáttanna um *Aðþengdar eiginkonur*. Hún sagði nýlega frá því í viðtali að sér þætti mjög spennandi að fara aftur í kvikmyndir og hlakkaði til að takast á við eitthvað nýtt. Heimildarmaður hjá ABC-sjónvarpsstöðinni, sem framleiðir þættina, segir að Teri hafi nánast samstundið verið kipt á fund þar sem lesið var yfir hausamótunum á henni. „Ef hún heldur að hún sé ómissandi þá skjáttast henni hrapplega. Hún getur ekki ætlast til að fá hærri laun og jafn-

fram tala um önnur hlutverk. Þeir sögðu henni að væri hún með kjaft þá yrði hún bara skrifuð út úr þáttunum,“ sagði ónafngreindur starfsmaður sjónvarpsstöðvarinnar.



ÚTSALA
50-70% AFSLÁTTUR

næs
CONNECTION

Hæðasmára 4 • Sími 544 5959 • Hverafold – Grafarvogi Sími 577 4949

byens besta tilbud

góða ferðahelgi



199 kr.kg.
Vinber



*uppáhalds
tilboðsvara
banna*

199 kr.kg.
Vinber



199 kr.pk.
Brómber

*Hilli hindber biður
alla um að keyra
varlega um helgina*



99 kr.pk.
Hindber



199 kr.pk.
Rifsber



*Biggi bláber
biður að heilsa*

149 kr.pk.
Bláber



*Jónajarðarber
biður að heilsa*

99 kr.pk.
Jarðarber



259 kr.pk.
Kirsiber

Auglýsingastofa Vikurfréttar • www.vf.is

allt í matinn á einum stað

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda frá 27. til 31. júlí (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi

netto

SMÁRA BÍÓ
SÍMI 564 0000 HUGSADU STÓRT

FRUMSÝNING
HVERJU MYNDIR ÞÚ FÓRNA FYRIR FJÓLSKYLDUNA?

MAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR AF BESTU GERÐ

BRUCE WILLIS
HOSTAGE
MEÐ BRUCE WILLIS Í TOPPFORMI blaðið

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30
Sýnd í lúxus kl. 5.30 og 8 B.i. 16 ára

SKEMMTILEGASTA
STÓRMYND SUMARSINS

ADAM SANDLER CHRIS ROCK
THE LONGEST YARD
Nú eru það fangarnir gegn vörðunum!

Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30

Porir þú í bíó?

SIN CITY
Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

AMITYVILLE
Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

Mr. & Mrs. Smith
Sýnd kl. 5.30 B.i. 14 ára

Dolby JDDJ THX BÍÓ.is – allt á einum stað

REGNBÖGINN SÍMI 551 9000

FRUMSÝNING
HVERJU MYNDIR ÞÚ FÓRNA FYRIR FJÓLSKYLDUNA?

MAGNAÐUR SPENNUTRYLLIR AF BESTU GERÐ

BRUCE WILLIS
HOSTAGE
MEÐ BRUCE WILLIS Í TOPPFORMI blaðið

Sýnd kl. 6, 8.30 og 11 B.i. 16 ára

SKEMMTILEGASTA
STÓRMYND SUMARSINS

ADAM SANDLER CHRIS ROCK
THE LONGEST YARD
Nú eru það fangarnir gegn vörðunum!

Sýnd kl. 6, 8.30 og 11

400 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar merktar með rauðu

Porir þú í bíó?

SIN CITY
Sýnd kl. 5.30, 8 og 10.30 B.i. 16 ára

AMITYVILLE
Sýnd kl. 8 og 10 B.i. 16 ára

FRUMSÝNING
Sýnd kl. 5.30 B.i. 10 ára - Síðustu sýningar

LAUGARAS BÍÓ Sími 553 2075

- bara lúxus

ADAM SANDLER CHRIS ROCK
THE LONGEST YARD
NÚ ERU ÞAÐ FANGARNIR GEGN VÖRÐUNUM SKEMMTILEGASTA STÓRMYND SUMARSINS FÖR GEIÐT Á TOPPINN Í USA

Sýnd kl. 3, 5, 7, 9 og 10:45

WILL FERRELL
KICKING & SCREAMING

Sýnd kl. 3, 5 og 6 Sýnd kl. 10:15

MADAGASCAR
Sýnd kl. 3, 5 og 6 Sýnd kl. 10:15

WAR OF THE WORLDS
Sýnd kl. 8 og 10:15

www.laugarasbio.is

REGLA #3
BOÐSKORT ERU FYRIR AUMINGJA

BÍÓ SMÁRA BÍÓ EGO F57 LAUGARAS BÍÓ REGNBÖGINN

Sienna ekki lengur í ástarsorg

Ástarsorgin er fljót að gróa í heimi stjarnanna ef eitthvað má marka frétt ananova.com. Þar er greint frá því að Sienna og Orlando Bloom hafi átt „náðuga“ stund saman á Póló móti hinna ríku og frægu. Slúðurblaðið Daily Mirror segist eiga myndir af Siennu þar sem hún horfir ástríðufull í augun á Orlando með handlegginn vafinn um hálsinn á honum.

Hún á vísit að hafa setið í kjöltu leikarans íðilfagra en sprottið fljótlega á fætur eftir að hafa gert sér grein fyrir að allir væru að horfa. Símanúmerið hennar á þó að hafa komist í hendur Orlando. Reyndar skutu Orlando og Sienna nefjum saman fyrir fjórum árum en þá voru þau bæði gjörsamlega óþekktir leikarar.

Sienna virðist því ekki vera á þeim buxunum að taka við Jude Law aftur og á að hafa sagt við einn gestanna að hann væri asni.



SIENNA Segist ekki hafa tíma fyrir menn sem halda fram hjá henni. Hún ætlar að einbeita sér að ferlinum og leik sínum í West End leikritinu As you like it.



ORLANDO BLOOM Leikur núna í Pirates of the Caribbean og er í af/á sambandi við Kate Bosworth. Nú virðist hann ætla hafa Miller-tíma fyrir sjálfan sig.

Hún segist ætla að einbeita sér að eigin ferli og það er því sama

hversu margar rósir hann tíni til, ekkert dugar til.

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN

VIÐ VONUM AÐ ÞAÐ VERÐI SÓL.....EN ÞAÐ GÆTI RINGT!

MIKIÐ ÚRVAL AF GÚMMÍSKÓM Í ÚTILEIGUNA!

SMÁRALIND (551 8519) - KRINGLAN (568 9212)

Á fætur með ykkur!

[TÓNLIST]

UMFJÖLLUN

Á þriðju plötu The Raveonettes má heyrja danska dúettinn glíma við slagarann My Boyfriends Back, sem hárblána kventríóið The Angels gerði vinsælt árið 1963. Vel við hæfi þar sem dönsku pylsurnar hafa verið undir augljósum áhrifum frá þeim og öðrum sveitum frá gullöld Phil Spector. En þessi útgáfa segir allt sem segja þarf um plötuna. Hún er kraftlaus, gjörsamlega sálarlaus og hljómar eins og Sharin Foo og Sune Rose Wagner hafi ekki nennt upp úr rúminu þann dag.

The Raveonettes hefur gengið ágætlega að reyna nýtt í Bandaríkjunum. Ég hef fengið það á tilfinninguna að þau hafi hægt og rólega verið að reyna færa sig nær meginstráum þar. Það kemur því ekkert sérstaklega á óvart að Wagner skuli hafa skilið Fuzzboxið sitt eftir heima þegar kom að því að hljóðrita þessa plötu. Áður fyrr hljómuðu raddir Foo og Wagner eins og draugar í yfirgefnum æfingarskólum. Þær verða svo enn einmannalegru núna eftir að þau kiptu gíturinum úr sambandi. Það er eitthvað slímugt yfirbragð yfir allri plötunni, nánast eins og hún sé öll unnin undir marglyttu eða í sniglabaði.

Ég er að spá í að þefa æfingarskólarnir þeirra uppi, mæta með fötu fulla af ísköldu vatni og



THE RAVEONETTES: PRETTY IN BLACK

NIDURSTAÐA: Ein svalasta hljómsveit Dana ákvað að setja bjögunarpedallinn á hilluna fyrir þriðju plötu sína. Fyrir vikið hljómar sveitin svo þreytt að maður veitir því fyrir sér hvort þau hafi verið vakandi við gerð plötunnar.

skvetta aðeins framan í þetta þar. Svo held ég að það sé best að senda þau í gott fri, án iPod-ana þeirra, eitthvert þar sem innfæddir hafa aldrei meyrnt um Phil Spector, Jesus and Mary Chain, The Shangri-La's, The Ronettes eða The Crystals. Þennan dúett vantar greinilega eitthvað nýtt og ferskt til þess að gera veröld sína bjartari og meira spennandi. Þau ættu að hætta að reyna stæla fyrrnefndu sveitir, því þau hafa ekki tærnar þar sem þær skildu eftir hælför sín.

Birgir Örn Steinarsson

HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KÍ: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÖNUM KRINGLUNNI

STAKSTA KVEMMYNDAHÚS LANDSINS • HÁGATÖRGI • S. 530 1919 • www.hnikolabio.is

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
KICKING AND SCREAMING KL. 2-4-6-8-10.10	KICKING & SCREAMING KL. 8-10	THE PERFECT MAN KL. 4.40-6.30-8.30-10.30
KICKING AND SCREAMING VIP KL. 8-10.10	DARK WATER KL. 8-10.20 B.I. 16	MADAGASCAR ísl. tal KL. 4.30-6.30
DARK WATER KL. 8-10.10 B.I. 16		ELVIS HAS LEFT THE BUILDING KL. 4.30-8.30-10.30
THE PERFECT MAN KL. 2-4-6-8-10		BATMAN BEGINS KL. 6-8.30 B.I. 12
MADAGASCAR enskt tal KL. 2-4-6-8-10		VOKSNE MENNESKER KL. 5.45
MADAGASCAR ísl. tal KL. 2-4-6		
BATMAN BEGINS KL. 2-5-8-10.40 B.I. 12		
BATMAN BEGINS VIP KL. 2-5		

FRÁHAF SKEMANTUN SAMBÍÖIN

ÁLFABAKKI 387 8900 KRINGLAN 388 8900 AKUREYRI 461 4646 KEFLAVÍK 421 3170

FRÉTTIR AF FÓLKI

Chris Martin söngvari Coldplay hefur verið útnefndur kynþokkafyllsta grænmetisætan en hann og kona hans, **Gwyneth Paltrow**, eru bæði grænmetisætur. Það voru dýraverndunar-samtökin PETA sem stóðu fyrir könnun meðal fylgismanna sinna og tóku yfir þrettán þúsund manns þátt. Söngkonan **Joss Stone** lenti í öðru sæti en á listanum mátti finna nöfn eins og **Prince** og **Tobey Maguire**.

Nicky Hilton, sem er rólegri útgáfan af systur sinni **Paris Hilton**, segist vera sannfærð um að **Paris** og **Nicole Ritchie** komi til með að verða vinir á ný. Þær stóllur voru óaðskiljanlegar um tíma en svo kom eitt-hvað upp á sem olli því að þær hafa varla ræðst við. Nicky segir að þeim þyki vænt um hvor aðra og leiðir þeirra liggja aftur saman á ný.

Leikkonan **Mia Farrow** segist lívera tilbúin fyrir ástina á ný. Farrow, sem var gift **Woody Allen** áður en hann tók saman við fósturdóttur þeirra, fer varla út úr húsi án þess að vera að fara að leika. Hún viðurkennir að það geti reynst svolítið erfitt að finna draumaprinsinn en hefur þó ekki gefið upp alla von. „Ég verð að vísa þá að fara af landareigninni en mér ætti að takast það,“ hefur contact-music.com eftir henni.



MERKJAVARA? VARÚÐ! Þeir sem kaupa falsaða merkjavöru á Ítalíu geta nú átt yfir höfði sér háar fjársektir. Hér er glæsilegt karlmódel íklætt skróða frá Dolce og Gabbana sem er örugglega ekta en er kannski líka til falsaður í búðum og á götuhornum Ítalíu.

Tískulög á Ítalíu

Nýlega gerðist það að sextug dönsk kona að nafni Kirsten Laursen, sem var á ferðalagi í Ventimiglia á norðvesturhluta Ítalíu, var sektuð fyrir að kaupa fölsuð sólgleraugu af götusala á 10 evrur. Þetta kemur fram á vefsvæði ECC, Evrópsku Neytendamiðstöðvarinnar.

Laursen var nýbúin að kaupa gleraugun þegar lögreglan kom til hennar og bað hana um að fá að sjá gleraugun. Konunni var síðan tilkynnt að hún hefði framið glæp því gleraugun væru fölsuð útgáfa af rándýrri merkjavöru. Laursen var síðan tilkynnt að hún þyrfti að greiða sekt upp á 10.000 evrur, eða nærri 800.000 krónur en að sekt-

in lækkaði niður í 3333 evrur eða um 260.000 krónur ef hún greiddi sektina innan tveggja mánaða sem Laursen gerði.

Konan er fyrsta þekktu fórnarlamb nýrrar herferðar sem yfirvöld á Ítalíu hafa hafið gegn falsaðri merkjavöru þar í landi og er ætlað að vernda neytendur gegn eftirlíkingum. Framleiðendur, dreifingaraðilar og kaupendur falsaðrar merkjavöru geta allir átt yfir höfði sér fjársektir verði þeir staðnir að verki.

Íslendingar sem eru staddir á Ítalíu ættu því að hugsa sig tvisvar um áður en þeir kaupa sér merkjavöru á lágu verði því kaupin gætu hæglega komið þeim í mikið klandur.

GÆÐAVARA Á BETRA VERÐI!

SPARADU PENINGA

MICHELIN BFGoodrich

...einfaldlega betri!

DEKKJA LAGERINN 755 3355

LEIÐANDI Í LÆGRA DEKKJAVERÐI

DEKK • FÓLKSBIÐLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKSBIÐLADEKK • JEPPADEKK • FÓLKS

BORGARLEIKHÚSIÐ

Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU ÖRLAGAEGGIN-SÖNGLEIKUR

e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu

Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

Allra síðasta sýning 28/7

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:

5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20

10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8

Frábær grínmynd fyrir alla fjölskylduna. Gamanleikarinn Will Ferrell skorar feitt og hressilega í myndinni. Ekki missa af fjölskyldugrínmynd sumarsins.

ADEINS EINN MADUR GAT LEITT ÞETTA LID TIL SIGURS... SÁ MADUR VAR UPPTEKINN.

WILL FERRELL KICKING & SCREAMING

FRUMSÝND Í DAG

REYKJAVÍK • KEFLAVÍK • AKUREYRI

Hugleikur til Mónakó

„Við sýndum klukkutíma útgáfu af leikritinu á hátíð Norður-Evrópska leiklistarsambandsins í Eistlandi í fyrra. Þar var því tekið afskaplega vel og í framhaldi vorum við hvött til að sækja um að komast á leiklistarhátíðina í Mónakó,“ segir leikstjórinn Ágústa Skúladóttir en leikfélagið Hugleikur hefur verið valið til að sýna verk sitt Undir Hamrinum á alþjóðlegri leiklistarhátíð áhugamanna í Mónakó.

Mikill heiður þykir að fá það um að sýna á alþjóðlegri leiklistarhátíð áhugamanna. Einu sinni

áður hefur íslenskt leikfélag átt sæti á hátíðinni en tuttugu og fjórar sýningar úr öllum heimsálfum fá að taka þátt í ár. „Það flytja allir verkin á sínu eigin tungumáli en uppsetning Hugleiks á Undir hamrinum er í mjög alþjóðlegum leikstíl. Það er mikið lagt upp úr sambandi leikara við áhorfendur og þótt sagan sé forn eru búningar og leikstíllinn í nútímalegum anda.“

Verkið Undir Hamrinum er eftir Hildi Þórðardóttur og verður flutt tvisvar sinnum í Princess Grace-leikhúsinu í Mónakó.



UNDIR HAMRINUM Sigurður H. Pálsson og Ármann Guðmundsson í hlutverkum sínum í verki Hildar Þórðardóttur.

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:
„Alright look. Let's do this scientifically: two big guys throw the little guy out, okay?“

Svar: Claydon Stone í kvikmyndinni Maroo ned frá árinu 1969.

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ Freyr Gígja Gunnarsson vill sjá íslenska BBC Learning

Nátthrafnar á RÚV?

Imbakassinn, eins og amma mín kallaði sjónvarpið alltaf, er ekki bara til þess láta tímann líða með innihaldslausum gamanþáttum, mættlausum kvikmyndum og froðukenndum dramapáttum. Sjónvarpstæknin hafa opnað þann möguleika að geta sýnt okkur lifandi efni sem seint líður okkur úr minni. Ekki vegna þess að það var svo ógeðslegt, eða fyndið heldur af því að það fræddi okkur. Heimildarþættir eru bráðskemmtilegt efni sem drepa ekki hverja heilaselluna á fætur annarri og væri tilvalið að sýna þá á næturnar. Hefð fyrir nætursjónvarpi er reyndar ekki mikil hér á landi en Skjár einn reið á vafið með Nátthrafnnum. Skemmtileg hugmynd sem var á dagskrá bæði um jólin og nú í sumar.

Endursýnt efni var uppistaðan í dag-skránni enda væri engin heilvita stöð með nýja þætti á nóttinni. Viðbrögðin við endursýningum á Seinfeld-þáttum á Sirkus hefur líka sýnt að fólk getur horft á góða þætti aftur og aftur. Ríkissjónvarpið er sú stöð sem hefur verið hvað duglegust við að sýna heimildarþætti, bæði um sögufrægt fólk, dýralífið og allt þar á milli. Þegar ég bjó heima settumst við fjölskyldan oft og ídullega fyrir framan skjáinn og fræddumst. Það væri því óskandi að RÚV sæi sér fært að útfæra sína eigin hugmynd af nátthrafnnum og endursýna alla þá frá-bæru heimildarþætti sem það hefur fest kaup á. Horfa þannig til bresku sam-



Á FERÐ MEÐ GOLFSTRAUMNUM Væri ekki tilvalið að RÚV tæki upp á því að sýna vandaða heimildarþætti á nóttinni. herja sinna á BBC sem gefa nátthrafnnum á Bretlandi tækifæri til að fræðast ef þeir eiga erfitt með svefn og koma þannig til vinnu, illa sofnir en vel upplýstir.



20.55
Fræðsla

FIFA FEVER



20.00
Lífstill

WIFE SWAP




21.00
Drama

RESCUE ME



20:00
GAMAN

MY BIG FAT GREEK LIFE



00.55
Íþróttir

CHICAGO FIRE - AC MILAN

SJÓNVARPIÐ



6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 9.35 Oprah Winfrey 10.20 Ísland í bitíð

13.30 HM í sundi. Bein útsending frá keppni í undanrásunum í Montreal. 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Disneystundin 18.01 Stjáni (4:11) 18.24 Sígildar teiknimyndir (3:38)

12.20 Neighbours 12.45 Í finu formi 13.00 Sjálfstætt fólk 13.25 Jamie Oliver (Oliver's Twist) (16:26) 13.50 Hver lífsins þraut (1:8) (e) 14.15 Extreme Makeover - Home Editi (6:14) 15.10 Amazing Race 6 (7:15) 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.53 Neighbours 18.18 Ísland í dag

18.32 Liló og Stitch (3:19) (Lilo & Stitch)

18.54 Víkingalottó

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljósið

20.10 Ed (78:83)

20.55 Fótballtaæði (5:6) (FIFA Fever 100 Celebration) Hverjir eru sigursælustu þjálfarar í sögu HM í knattspyrnu?

► 21.25 Kokkar á ferð og flugi (1:8) (Surfing the Menu) Áströlsk matreiðslu- og ferðapáttaröð þar sem tveir ungir kokkar flakka á milli fallegra staða í Suðurálfu og tófra fram ljúffenga rétti úr hraefninu á hverjum stað.

22.00 Tíufréttir

22.20 Formúluvöld

22.40 Í hársaman (6:7)

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.00 Ísland í dag

19.35 Simpsons

► 20.00 Wife Swap (4:7) Í þessum myndaflokki er fylgst með konum sem stiga skrefið til fulls og skipast á eiginmönnum og börnum í tiltekinn tíma.

20.45 Kevin Hill (17:22)

21.25 Strong Medicine 3 (13:22) Þáttaröð um tvo ólíka en kraftmikla kvenlækna sem berjast fyrir bættari heilsu kynsystra sinna.

22.10 Oprah Winfrey (Secret Lives Of Teenage Girls)

22.55 Kóngur um stund (10:18) Umsjónarmaður er Brynja Þorgeirsdóttir og hún fjallar um allar hliðar hestamennskunnar í þætti sínum.

SIRKUS

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.00 Tru Calling (4:20) Tru Davis er lækna-nemi sem ræður sig í vinnu í líkhúsi. Þar uppgötvar hún dulda hæfileika sína sem gætu bjargað mannlífum.

19.50 Supersport (2:50) Stuttur, hraður og ferskur þáttur um jaðarsport í umsjón Bjarna Bærings.

20.00 Seinfeld 3

20.30 Friends (23:24)

► 21.00 Rescue Me (5:13) Þættir um hóp slökkviliðsmanna í New York borg þar sem alltaf er eitthvað í gangi.

21.45 Sjáðu Fegurðardrottningin Unnur Birna sýnir okkur allt það heitasta í kvik-myndaheiminum.

22.00 Kvöldþátturinn

22.45 David Letterman

SKJÁREINN

17.55 Cheers 18.20 Brúðkaupsþátturinn Já (e)

19.15 Pak yfir höfuðið (e)

19.30 Sjáumst með Silvíu Nótt - lokaþáttur (e)

► 20.00 My Big Fat Greek Life

20.30 Coupling Steve og Jane eru par, en Steve er eitthvað að spá í Susan sem hann kynntist í gegnum Jeff sem Susan fór að vera með eftir að hún hryggbraut Patrick sem gerði þá húsar sínar grænær fyrir bestu vinkonu hennar, Sally.

20.50 Pak yfir höfuðið Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.

21.00 Providence

22.00 Law & Order Kveikt er í byggingu. Bera verður kennsl á stúlku þrátt fyrir að hún sé illa brennd.

22.45 Jay Leno

23.30 CSI: Miami (e) 0.15 Cheers (e) 0.40 The O.C. 1.20 Hack 2.05 Óstöðvandi tónlist

SÝN

15.45 World's Strongest Man 2004 16.15 Meistaradeildin - Gullleik.

19.40 Landsbankadeildin (Valur - Fylkir)

22.00 Íslandsmótíð í golfi 2005 Samantekt frá Íslandsmótinu í höggleik sem var í beinni útsendingu á Sýn um helgina. Leikið var á Hólmsvelli en mótshald var í höndum Golfklúbbs Suðurnesja. Allir bestu kyflingar landsins tóku þátt í mótinu.

STÖÐ 2 BÍÓ

6.15 American Outlaws (Stranglea bönnuð börnum) 8.00 Another Pretty Face 10.00 The Powerpuff Girls 12.00 Daddy Day Care 14.00 American Outlaws (Stranglea bönnuð börnum) 16.00 Another Pretty Face 18.00 The Powerpuff Girls 20.00 Daddy Day Care 22.00 Beautiful Girl 0.00 Born Romantic (Bönnuð börnum) 2.00 Boat Trip (Bönnuð börnum) 4.00 Beautiful Girl

OMEGA

7.00 Blandað efni 7.30 Ewald Frank 8.00 Billy Graham 9.00 Jimmy Swaggart 10.00 Blandað efni 11.00 Robert Schuller 12.00 Mariusstur 12.30 T.J. Jakes 13.00 Blandað efni 14.00 Kvöldljós 15.00 Ísrael í dag 16.00 Blandað efni 17.00 Acts Full Gospel 17.30 Ron Phillips 18.00 Robert Schuller 19.00 Blandað efni 20.00 Believers Christian Fellowship 21.00 Kvöldljós með Ragnari Gunnarssyni (e) 22.00 Blandað efni 23.00 Robert Schuller 0.00 Nætursjónvarp

E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 Gastineau Girls 13.30 Love is in the Heir 14.00 Style Star 14.30 The Soup 15.00 Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel 15.30 My Crazy Life 16.00 101 Most Awesome Moments in... 17.00 The Soup 17.30 Behind the Scenes 18.00 E! News 18.30 My Crazy Life 19.00 The E! True Hollywood Story 20.00 Dr. 90210 21.00 Uncut 22.00 Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel 22.30 My Crazy Life 23.00 E! News 23.30 My Crazy Life 0.00 Wild On 1.00 E! Entertainment Specials

AKSJÓN

7.15 Korter 20.30 Aksjónntónlist 21.00 Níubíó - 4 days 23.15 Korter

POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga



RENAULT

Vönduð frönsk hönnun

Einstök þægindi

Fallegir litir

5 stjörnu NCAP öryggi

Einstaklega sparneytinn

Hlaðinn staðalbúnaði

3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir

kr. 1.970.000

Bílasamningur / Bílalan

kr. 20.500 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

6,9 ltr/100km



Renault Megane Sport Tourer II, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskíptur. Eldsneytisnotkunin blönduðum akstri 6,9 ltr/100km. Mánaðargjöldur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útbætur.

MEST SELDI BÍLL EVRÓPU

Aukahlutir á mynd: álfelgur

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Surfing The Menu

Sjónvarpið kl. 21.25

Á íslensku heitir þátturinn Kokkar á ferð og flugi

Töfra fram ljúffenga rétti

Hér er á ferð áströlsk matreiðslu- og ferðaþáttaröð þar sem tveir ungir kokkar, Ben O'Donoghue og Curtis Stone, flakka á milli fállega staða í Suðurálfu og töfra fram ljúffenga rétti úr hráefninu á hverjum stað. Þeir hafa báðir getið sér gott orð sem matreiðslumeistarar á Englandi en halda hér til Ástralíu. Í fyrsta þætti liggur leið þeirra til Abrolhos-eyja þar sem þeir neyðast til að hætta við fyrirhugaða brimreið vegna þess að sjórin er krökkur af hákórlum en í staðinn elda þeir girnilega rétti úr krabbakjöti og túnfiski.



Kokkarirnir tveir.

TALSTÖÐIN FM 90,9

7.03 Morgunútarvið – Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. 9.03 Margrætt með Ragnheiði Gyðu. 10.03 Morgunundust með Sigurði G. Tómassyni.

12.15 Hádegisútarvið 13.01 Hrafnþing – Umsjón: Ingi Hrafn Jónsson. 14.03 Er það svo – Umsjón: Ólafur B. Guðnason.

15.03 Allt og sumt með Hallgrími Thorsteinsson, Helgu Völu Helgadóttur og Helga Seljan.

17.59 Á kassanum – Illugi Jökullsson.

BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland Í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson – Með Ástarkefju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.30 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Úr kvæðum fyrri alda 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Pipar og salt 11.03 Samfélagið í nærmynd

13.00 Sakamálaþing, Líffinnar 14.03 Útvarpsagan: Stjórnlaus lukka 14.30 Miðdegisóstónar 15.03 Draumastaðir 16.13 Hlaupadóttan 17.03 Víðsjá

18.25 Spegillinn 19.00 Íslensk dægurtónlist í eina öld 20.35 Sáðmenn söngvanna 21.15 Sælueyjarnar 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Kvöldsagan, Ragtime 23.00 Söngvar borgarstrætanna: New York

ÚTVARP SAGA FM 99,4

9.03 ÓLAFUR HANNIBALSSON 10.03 RÓSA INGÓLFDÓTTIR 11.03 ARNPRÓÐUR KARLSDÓTTIR

12.25 Meinhorníð (endurl. frá laug.) 12.40 MEINHORNÍÐ 13.05 JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON 14.03 KOLBRÚN BERGÞÓRSÓTTIR

15.03 ÓSKAR BERGSSON 16.03 VÍÐSKIPTAÞATTURINN 17.05 GÚSTAF NIELSSON 18.00 Meinhorníð (endurl.) 19.40 Endurlutningur frá liðnum degi.

RÁS 2 FM 90,1/99,9

7.30 Morgunvaktin 8.30 Einn og hálfur með Gestu Einari Jónassyni 10.03 Brot úr degi

12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægurmálaútlit Rásar 2

18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 20.00 Músík og sport 22.10 Popp og ról

1.10 Ljúfir næturtonar 2.10 Næturtonar

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effem / Zúber tónlistarstöðin FM 102,2 Útlit Latibær / Fjölskylda útlit FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlit Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

SKY NEWS Fréttir allan sólarhringinn.

CNN INTERNATIONAL Fréttir allan sólarhringinn.

FOX NEWS Fréttir allan sólarhringinn.

EUROSPORT 13.30 Swimming: World Championship Montreal Canada 16.30 Olympic Games: Olympic Magazine 17.00 Equestrianism: European Championship San Patrignano Italy 18.00 Polo: International Tournament Barcelona 18.30 Golf: U.S. PGA Tour 19.30 Golf: Evian Masters 20.30 Golf: the European Tour Deutsche Bank – Sap Open Tpc of Europe 21.00 News: Business Class 21.15 Adventure: X – Adventure Raid Series 21.45 News: Eurosport News Report 22.00 Swimming: World Championship Montreal Canada

BBC PRIME 12.00 Popcorn 12.50 Teletubbies 13.15 Tweenies 13.35 Fimbles 13.55 Balamory 14.15 El Nombre 14.20 Yoko Anoy 14.25 Bill and Ben 14.35 Serious Jungle 15.00 Antiques Roadshow 15.30 Perfect Holiday 16.00 Animal Park 17.00 Bargain Hunt 17.30 EastEnders 18.00 The Life Laundry 18.30 Home From Home 19.00 Escape to the Country 20.00 Property People 21.00 Spooks 21.50 Jonathan Creek 22.40 Table 12 22.50 Black Cab 23.00 Walk On By, the Story of Popular Song 0.00 Great Writers of the 20th Century 1.00 The English Language

NATIONAL GEOGRAPHIC 12.00 Super Predators 13.00 Paranormal?: Crop Circles 14.00 Unlocking da Vinci's Code 16.00 Battlefield: Liberation of Paris 16.30 Battlefield: Battle of Palau 17.00 Animal Nightmares: Snakes 17.30 Monkey Business 18.00 Super Predators 'Living Wild' 19.00 Paranormal?: X-men 20.00 Ultimate Survivor: the Mystery of Us 22.00 Paranormal?: Lake Monsters 23.00 Ultimate Survivor: the Mystery of Us

ANIMAL PLANET 12.00 Profiles of Nature 13.00 Pet Star 14.00 Animal Precinct 15.00 Pet Rescue 15.30 Wildlife SOS 16.00 Amazing Animal Videos 16.30 Big Cat Diary 17.00 Monkey Business 17.30 Animals A-Z 18.00 The Leopard Son 19.00 Jungle Orphans 20.00 Crocodile Hunter 21.00 Animal Cops Detroit 22.00 Monkey Business 22.30 Animals A-Z 23.00 Pet Rescue 23.30 Wildlife SOS 0.00 Jungle Orphans 1.00 The Leopard Son

DISCOVERY 12.00 Big Stuff 13.00 Extreme Engineering 14.00 Junkyard Mega-Wars 15.00 Rex Hunt Fishing Adventures 15.30 Buena Vista Fishing Club 16.00 Extreme Machines 17.00 A Car is Born 18.00 Mythbusters 19.00 Industrial Revelations 20.00 Greatest Military Clashes 21.00 Hitler's Women 22.00 Forensic Detectives 23.00 Mythbusters 0.00 Nazi Grand Prix

MTV 13.00 SpongeBob SquarePants 13.30 Wishlist 14.00 TRL 15.00 Dismissed 15.30 Just See MTV 16.30 MTVnew 17.00 Hit List UK 18.00 MTV Making the Movie 18.30 Making the Video 19.00 Triffin' 19.30 The Osbournes 20.00 Top 10 at Ten 21.00 MTV Mash 21.30 Dirty Sanchez 22.00 The Lick 23.00 Just See MTV

VH1 15.00 So 80s 16.00 VH1's video jukebox 17.00 Smells Like the 90's 18.00 VH1 Classic 18.30 Then & Now 19.00 Celebrity Weddings 2004 20.00 All Access 21.00 VH1 Rookies 21.30 Flipside 22.00 Top 5 22.30 VH1 Hits

CLUB 12.10 Retail Therapy 12.35 The Styleists 13.00 Crimes of Fashion 13.30 Hollywood One on One 14.00 Hollywood Star Treatment 14.25 Cheaters 15.10 Other People's Houses 16.00 Yoga Zone 16.25 The Method 16.50 Inertainment 17.15 Arresting Design 17.40 Fantasy Open House 18.05 Cornel Seal Buy! 18.30 Hollywood One on One 18.50 Matchmaker 19.25 Cheaters 20.15 Sextacy 21.10 Spicy Sex Files 22.00 What Men Want 22.30 Sex Tips for Girls 23.00 Backyard Pleasures 23.30 Weekend Warriors 23.55 Awesome Interiors 0.20 Retail Therapy 0.45 The Styleists 1.10 Crimes of Fashion

CARTOON NETWORK 12.20 Samurai Jack 12.45 Foster's Home for Imaginary Friends 13.10 Ed, Edd n Eddy 13.35 Codename: Kids Next Door 14.00 Viva Las Bravo 16.05 Samurai Jack 16.30 Foster's Home for Imaginary Friends 16.55 Ed, Edd n Eddy 17.20 Dexter's Laboratory 17.45 Codename: Kids Next Door 18.10 The Powerpuff Girls 18.35 The Grim Adventures of Billy & Mandy

JETIX 12.10 Lizzie McGuire 12.35 Braceface 13.00 Spider-Man 13.25 Movable Mysteries 13.50 Pokémon VI 14.15 Digimon I 14.40 Spider-Man 15.05 Sonic X 15.30 Totally Spies

MGM 12.05 Terror at London Bridge 13.40 Tale of Ruby Rose 15.20 The Thomas Crown Affair 17.00 Late for Dinner 18.35 Right of the People 20.10 For Better or for Worse 21.45 Access Code 23.15 The Betsy 1.20 Sonny Boy 3.10 The 70's

TCM 19.00 Objective, Burma! 21.20 To Have and Have Not 23.00 Children of the Damned 0.25 Quo Vadis? 3.10 MGM: When the Lion Roars

HALLMARK 12.45 Johnny's Girl 14.15 Not Just Another Affair 16.00 Touched by an Angel IV 16.45 Mary & Tim 18.15 The Magic of Ordinary Days 20.00 Law & Order VIII 20.45 Henry VIII 22.30 Scarlett 0.00 Law & Order VIII 0.45 Lifestep 2.15 Henry VIII

BBC FOOD 12.00 Kitchen Takeover 12.30 Ready Steady Cook 13.00 A Cook On the Wild Side 13.30 Made to Order 14.00 Can't Cook Won't Cook 14.30 Neil Perry Fresh and Fast 15.30 Ready Steady Cook 16.00 Tales from River Cottage 17.00 Sophie Grigson's Herbs 17.30 Rick Stein's Food Heroes 18.30 Ready Steady Cook 19.00 A Cook On the Wild Side 19.30 Grigson 20.00 Can't Cook Won't Cook 20.30 The Cookworks 21.30 Ready Steady Cook

DR1 12.20 Fra Kap til Kilimanjaro 12.50 Sommerid 13.20 Dronningens elefanter 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 Shin Chan 14.10 Ozzy & Drix 14.30 SommerSummer 15.30 Scooby Doo 16.00 Rikke 7 ár, Kagnass 16.30 TV Avisen með Sport og Veitir 17.00 Fint skal det være 17.35 Húndi på job 18.00 Sommerdök – mfk Anette – en smand skitter ken 19.00 TV Avisen 19.25 Profilen 19.50 SportNyt 19.55 Den hemmelige politimand 20.55 Onsdags Lotto 21.00 Sorte penge – hvide legne 22.00 Spring for livet 22.30 Musikprogrammet

SV1 12.40 En dag i varuhuset 14.00 Rapport 14.05 På fisketur með Lars & Bård 14.35 Klassiska motorcyklar 15.00 Rent hus 15.30 Simning: VM Montreal 15.45 Rederiet 16.30 Kalle og hans nalle 16.40 Slut for idag... tack for idag 16.55 I huvudet på ungar 17.00 Expedition vildmark 17.30 Rapport 18.00 Uppdrag granskning – vad hände sen? 18.00 Always 21.00 Rapport 21.10 En röst i natten 22.00 Simning: VM Montreal 0.15 Sändning från SV724

KOMMIN Í SKÍFUNA

á sumartilboði aðeins 1999 kr.



POTTPETT 38 2FÖLD GEISLAPLATA

- 1. The Black Eyed Peas Don't Phunk With My Heart 3:59
- 2. Wig Wam In My Dreams 3:02
- 3. D.H.T. Listen To Your Heart 4:32
- 4. Akon Lonely 3:57
- 5. Keane This Is The Last Time 3:29
- 6. Hilour Vala I hlustum hjartans 3:18
- 7. 3 Doors Down Let Me Go 4:00
- 8. FM All-stars Sumarið er tíminn 3:30
- 9. Backstreet Boys Incomplete 3:59
- 10. Destiny's Child Girl 3:44
- 11. Nelly feat Tim McGraw Over & Over 4:14
- 12. Heitar tunmur Vertu ekki að piata mig 3:43
- 13. Kylie Minogue Giving You Up 3:31
- 14. Joss Stone Don't Cha Wanna Ride? 3:31
- 15. Anastacia Heavy On My Heart 4:27
- 16. Will Smith Switch 3:17
- 17. Amerie 1 Thing 4:01
- 18. Davíð Smári Do You Something To Me 3:27
- 19. Elena Paparizou My Number One 2:55
- 20. Modest Mouse The World At Large 4:32
- 1. Coldplay Speed Of Sound 4:49
- 2. Gorillaz Feel Good Inc. 3:41
- 3. Jakob Sveistrup Talking To You 3:01
- 4. James Blunt You're Beautiful 3:36
- 5. Sónir hans Jóns mínir Þú færð bros 4:01
- 6. BodyRockers I Like The Way 3:23
- 7. Queens Of The Stone Age Little Sister 2:56
- 8. Jamiroquai Feels Just Like It Should 3:40
- 9. Selma If I Had Your Love 3:11
- 10. Snoop Dogg Let's Get Blown 4:41
- 11. Jennifer Lopez feat. Fat Joe Hold You Down 3:55
- 12. Ryan Cabrera True 3:24
- 13. Oasis Lyta 5:12
- 14. Ashanti Don't Let Them 4:25
- 15. Avril Lavigne Fall To Pieces 3:28
- 16. Inaáfr Álla úð 3:21
- 17. Max Graham vs. Yes Owner Of A Lonely Heart 2:48
- 18. The Coral In The Morning 2:33
- 19. The Killers Smile Like You Mean It 3:55

1.999 kr.



...skemmtir þér ;)

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?



HRÓSIÐ

... fær þingmaðurinn Óssur Skarphéðinsson fyrir að taka sig ekki af alvarlega og bregða sér í hlutverk í grínþættinum *Stelpurnar*.



Verð í bænum

Ég verð nú bara í bænum því ég spila á Dillon bæði laugardags- og sunnudagskvöld. Þetta er nú ekki besta helgin til að ferðast ef maður ætlar ekkert í útilegu svo ég ætla að reyna að hafa það huggulegt í bænum. Það er líka skemmtilegt að um þessa helgi myndast allt önnur stemning á skemmtistöðum og fólk sem annars færi ekki út birtist á stöðunum. Ég var einu sinni mjög dugleg að fara í útilegur um verslunarmannahelgina svo ég lít þannig á að ég sé búin að gera mínar skyldur í sambandi við það.

ANDREA JÓNSDÓTTIR
Rokkspekiant.



ANNA KRISTINSDÓTTIR
Borgarfulltrúi

Í útilegu með tjald og svefnpoka

Ég ætla að sjálfsgötu að fara í útilegu með tjald og svefnpoka en hef ekki ákveðið hvert. Það er reyndar orðið svolítið sérstakt því annar hver maður er með tjaldvagn eða fellihýsi, þetta hefur breyst svo mikið. Ég er reyndar nýkomin úr annari útilegu þar sem ég ferðaðist á Norðurlandi og í Dölnum. Ég legg svo aftur af stað á fimmtudaginn. Mér finnst yndislegt að fara í útilegu, vera í hreinu lofti á fallegum stað í góðra vina hópi.



SVERRIR BERGMANN
Tónlistarmaður.

Elta sólina í góðum vindahópi

Ég er að spá í að kíkja heim á Krókin eða jafnvel bara að elta sólina í góðum hópi vina. Sennilega elta margir sólina en þá myndast bara einhver gleði á góðum stað, það er í finu lagi. Ég veit ekki hvort ég fer í þessa klassísku útilegu með tjald og tilheyrandi en ég hef yfirleitt farið úr bænum um verslunarmannahelgina. Við förum saman stór hópur og eyðum helginni saman, ég held þetta verði gott.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

Lárétt: 2 sakfella, 6 keyri, 8 tíu, 9 skip, 11 tveir eins, 12 stó, 14 súrsað grænmeti, 16 tveir eins, 17 vatsleka, 18 hræðist, 20 tveir eins, 21 flýtir sér.

Lóðrétt: 1 láta af hendi, 3 bardagi, 4 þekkt, 5 beita, 7 frægur tónlistarmaður, 10 á húsi, 13 spil, 15 þekkjia leiðina, 16 hesta, 19 sólgúð. Lausn.

Lóðrétt: 1 gætt, 3 af, 4 kunnugt, 5 gætt, 7 anar.

Lárétt: 2 saka, 6 ek, 8 tug, 9 far, 11 m, 12 ar, 14 astur, 16 lj, 17 ag, 18 óar, 20 t, 21.

[VEISTU SVARID]

Svör við spurningum á bls. 8

- 1 Discovery
- 2 Breiðdalsá
- 3 Hans-eyja

Quick

Einföld og áhrifarík leið til grenningar

Tilboð í:

Lyf & heilsa

Apótek Vestmannaeyja
Árbæjarapótek
Garðsapótek
Siglufjarðar Apótek
Hagkaup Smáralind



PÉTUR YNGVI YAMAGATA Hann var einn þeirra sem krafðist endurútgáfu á *Fantastic Four* 1234 sögunni og fékk kröfunni framgengt.

PÉTUR Y. YAMAGATA: KRAFDIST ENDURÚTGÁFU Á FANTASTIC FOUR SÖGU:

Langskemmtilegasta nútímaútfærslan

Þetta er eiginlega langbesta *Fantastic Four* sagan, mjög gamalt fyrirbrigði,“ segir Pétur Yamagata um söguna *Fantastic Four* 1234 en hún var endurprentuð á dögunum meðal annars fyrir tilstilli hans og félaga hans í Nexus.

Á sínum tíma þótti þetta aðeins of drungaleg útgáfa af *Fantastic Four* en nálgunin sem höfundurinn og teiknarinn höfðu var að gera mannlegan harmleik í ofurhetjubúningi. Útkoman er ofsalega dökk og drungaleg saga en jafnframt langskemmtilegasta nútímaútfærslan.“

Það er myndasögurissinn Mar-

vel Comics sem á karakterana en þegar þessi saga af *Fantastic Four* kom út seldist hún fljótlega upp. Bókin var svo ekkert endurprentuð en orðrómur var uppi að ástæðan fyrir því væri að yfirmönnum hjá Marvel Comics hafi ekki líkað hversu óvæginn og drungaleg sagan var.

„Okkur fannst við verða að fá að selja þetta verk svo við höfðum samband við góðvini okkar í myndasöguverslunum víðs vegar um heiminn og með hjálp þeirra kröfðumst við þess að bókin yrði endurprentuð. Þetta er frábær saga og ef spandexið og vísindaskáldskapurinn væri tekinn úr

sögunni þá gæti hún vel staðið uppi sem flottur harmleikur.“

Pétur hefur nú þegar séð bíomýndina *Fantastic Four* sem byggð er á allra fyrstu sögunni um fjórmenningana en myndin verður frumsýnd tífunda ágúst. „Við erum að selja bókina sem myndin er gerð eftir og ég mæli með því að fólk lesi hana áður en það sér myndina eða jafnvel eftir, gaman að fá hliðsjón af myndinni. Þetta er fín fjölskylduræma og þrettán ára strákar eiga eftir að fíla hana í botn. Ég er aðeins of gamall fyrir hana sjálfur en ég hefði dýrkað hana þegar ég var yngri.“ ■

FRÉTTIR AF FÓLKI

Það hefur ekki farið fram hjá neinum að Björk Guðmundsdóttir er í bænum. Hún er ýmist hjólandi niður Laugavegin í skrautlegum kjólum í félagskap eiginmanns, Matthew Barney og dótturinni Isadóru, sem situr kát aftan á hjóli föður síns eða að sporta sig í vesturbænum en það er einmitt hverfi söngkonunnar. Fjölskyldan lifir þó engu stjórnlífi á Íslandi heldur verslar í Melabúðinni eins og hinn venjulegi vesturbæingur.



Þær sögur hafa heyrst að manna-breytingar verði á síðdegisþætti Hallgríms Thorsteinssonar og Helgu Völu Helgadóttur, Allt sumt. Helga Vala ætlar nefnilega að söðla um og fara í lögræði í Háskólanum í Reykjavík. Margir hafa velt því fyrir sér hver taki við en nafn Lóu Aldísardóttur hefur oftan en ekki verið nefnt. Þykir það ekki svo fjær lagi enda Lóa ákveðin og málefnaleg og hefur allt sem þarf til að stjórna dægurmálaútvarpi.



Eli notar íslensk kuldaföt

Bandaríski leikstjórinn Eli Roth hefur aldrei farið leynt með aðdánum sína á Íslandi en hann fékk hugmyndina að hryllingsmynd sinni *Cabin Fever* þegar hann dvaldi í sveit í nágrenni Selfoss þegar hann var unglingur. Hann er nú að ljúka við aðra hryllingsmynd, *Hostel*, þar sem Eypór Guðjónsson fer með eitt aðalhlutverkið.

Eli skrifaði hlutverk Eypórs sérstaklega með Íslending í huga og til að undirstrika enn frekar dálæti hans á öllu því sem íslenskt er hefur hann spókað sig í fötum frá 66 gráður Norður á tökustað í Prag.

Eli hefur sent forstjóra fataframleiðandans vinalagan tölvupóst þar sem hann hælir fatnaðinum. „Þið eruð með frábæran fatnað,“ segir hann í skeytinu og bætir við að hann vonist til að komast til Íslands í haust.

Elmar Vernharðsson, framkvæmdastjóri markaðssviðs hjá 66 gráðum Norður, segir að fyrir-



ELI ROTH Leikstjórinn var í fötum frá 66 gráður Norður við tökur á kvikmyndinni *Hostel*.

tækið hafi heyrt af öðrum þekktum persónum sem gangi í fötum frá þeim.

„Það er svo oft sem við fáum þessa svörun frá útlendingum. Það eru allir ánægðir með gæðin í fötunum og hönnunina,“ segir hann. Fyrirtækið vinnur með öflugum endursöluáðilum í Bandaríkjunum og hefur ekki sist gengið vel að

koma vörum sínum á framfæri í Los Angeles þar sem kvikmyndastjórnum spóka sig hvað mest.

Eli kom til landsins í tilefni af frumsýningu *Cabin Fever* og eignaðist þá marga vini á klakanum. Þá eyddi hann áramótunum í Reykjavík og stefnir að því að vera viðstaddur frumsýninguna *Hostel* á Íslandi í haust. ■

Humar

1.290,-kr.kg

Ótrúlegt verð á fínum humri.

Fiskbúðin Vör
— Fiskikóngurinn —

Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Opið laugardaga
10.00 - 14.30

**TAKK FYRIR
GÓÐA LOFTIÐ**



**ÞAKKIR TIL ÞEIRRA
SEM HLÍFA ÖÐRUM
VIÐ TÓBAKSREYK
HÖLDUM HEILSUNNI Á LOFTI**



LÝÐHEILSUSTÖÐ
- lífið heil



BAKÞANKA

SIGRÍÐAR DAGGAR
AUDUNSDÓTTUR

Hver hjálpar þér?

Hvers vegna er það svo að þegar kona gerir eitthvað sem þykir merkilegt gera margir ráð fyrir því að hún hljóti að hafa fengið hjálp frá karlmanni? Hún geti ómögulega hafa áorkað það sjálf. Þetta viðhorf kemur ekki síst í ljós þegar kona vekur athygli í heimi karla og gerir eitthvað sem karlmenn eru hingað til þekktari fyrir að hafa gert.

VANTRÚ FÓLKS á getu kvenna kemur fram í ýmsum myndum. Sjálf hef ég ósjaldan verið spurð að því hver hjálpi mér að skrifa greinarnar mínar. Það gerist oftast þegar ég skrifa fréttaskýringar eða greinar sem tengjast málaflokkum þar sem karlmenn hafa meiri ítök en konur, til að mynda stjórnsmál. Ég hef verið stoppuð af ókunnugu fólki á götu sem vill ræða við mig tiltekna greinar eða málefni og spyr svo: Hver hjálpar þér að skrifa greinar þínar? Fyrst í stað hélt ég að þetta væri grín, en þegar skiptunum tók að fjölga varð mér ljóst að stór hópur fólks hefði einfaldlega ekki trú á því að konur gætu gert allt það sem þær vildu. Konum væri hreinlega ekki allt fært.

ÉG VARÐ vör við anga af þessu þegar fjölmiðlamálið svo kallaða stóð sem hæst í fyrRASUMAR, þá létu háttsettir menn innan Sjálfstæðisflokksins það út ganga að Sigurður G. Guðjónsson, þáverandi forstjóri Norðurljósa, skrifaði þær greinar um fjölmiðlafrumvarpið sem birtust undir mínu nafni í Fréttablaðinu. Þeim fannst óhugsandi að það væri kona sem skrifaði þessar greinar.

HÍÐ SAMA gerðist þegar Íraskmálið svo kallaða spratt upp að nýju um síðastliðin áramót. Þá voru það framsóknarmenn sem voru óánægðir með fjölmiðlaumfjöllunina. Háttsettir menn innan Framsóknarflokksins sögðu sjálfir við mig að altalað væri að Gunnar Smári Egilsson, forstjóri 365, skrifaði flestar greinarnar mínar.

ÉG VEIT fleiri dæmi um vantrú af þessum toga. Ég þekki unga konu sem er að læra viðskiptalögfræði og hóf í vetur að skrifa pistla sem birtir voru á pólitísku vefriti á Netinu, og einnig á skoðanasíðum dagblaðanna. Hún skrifaði um málefni sem hún hafði mestan áhuga á en það vildi svo til að þau tengdust ósjaldan námi hennar – sem ætlað er að undirbúa hana fyrir þátttöku í samfélagi sem karlmenn eru í miklum meirihluta, lögfræði og viðskipti. Hún fékk ófár hringingar eftir að greinarnar hennar birtust þar sem kunningjar hennar, eingöngu karlkyns, lýstu yfir vantrú á því að hún hefði skrifað pistlana sjálf. Hún hlyti að hafa fengið hjálp frá karlmanni.

ÞVÍ MIÐUR virðist sem svo að þrátt fyrir aukið jafnrétti og breytt viðhorf á fjölmörgum sviðum þjóðfélagsins sé enn langt í land hvað varðar trú manna á getu kvenna til ýmissa verka. Vonandi kemur þó að því að ríkjandi viðhorf verði: Konum er allt fært!

Nýtt á Íslandi!



Nýir XY meðlimir fá bíomiða fyrir tvo og flottan XY stuttermabol í inngöngugjöf.

HANNAÐU ÞITT EIGIÐ KORT

Íslandsbanki kynnir byltingarkennda nýjung. Nú geta félagar í XY, unglingsþjónustu Íslandsbanka, hannað sín eigin debet- eða hraðbankakort. Íslandsbanki er fyrsti bankinn á Íslandi sem býður upp á þennan spennandi möguleika.

Farðu á XY.is og settu mynd að eigin vali á kortið

Það er einfalt að hanna sitt eigið kort. Þú ferð bara á XY.is, setur mynd að eigin vali á kortið og áður en þú veist af ert þú komin(n) með algerlega einstakt kort í veskið. Þú getur valið úr myndabanka á XY.is eða sett þína eigin mynd á kortið, hvort sem það er mynd af þér, uppáhaldsliðinu, mótörhjólínu eða hundinum þínum. Þetta er þitt kort – þú ræður!

Vertu skapandi og gerðu þitt XY-kort einstakt



www.xy.is



ÍSLANDBANKI | 100%

Kortin verða ókeppis til 16. september, eftir það kosta þau 950 kr. Fyrst í stað verða kortin aðeins í boði fyrir XY-félaga. Fyrstu kortin verða tilbúin eftir 15. ágúst.